

Lind lifandi vatna

Lind lifandi vatna

*Lind lifandi
vatna*



Útgefandi
Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi
Óðinsgata 2, Reykjavík

Lind lifandi vatna

Önnur útgáfa endurbætt 2011

© Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi

Öldugötu 2, Reykjavík

Þýðing: Eðvarð T. Jónsson

Umbrot og prentun: Staparent

ISBN 978-9979-883-26-5

Efnisyfirlit

Formáli	7
Bænir við ýmis tilefni	9
Ýmsar bænir	39
Úr ritum Bábsins	55
Úr ritum Bahá'u'lláh	69
Úr ritum 'Abdu'l-Bahá	109
Úr ritum Shoghi Effendi	129
Tilvísanir	137

Formáli

Það er Þjóðarráðinu fagnaðarefni að geta sent frá sér aukið og endurbætt úrval úr helgum ritum trúarinnar. Allsherjarhús réttvísinnar, stofnun sem hefur á hendi æðstu stjórn bahá'í málefna, hefur óskað eftir að lögð verði áhersla á útgáfu hinna helgu texta og er þessi útgáfa svar við því. Í nýársbréfi Allsherjarhússins árið 135 (1979) segir: „Því hvernig eiga átrúendurnir að dýpka skilning sinn á kenningunum og vera færir um að miðla þeim rétt til annarra án aðgangs að lifandi vatni hins heilaga orðs?“

Samantekt þessi hefur að geyma úrval úr ritum Bábsins, sem ruddi bahá'í trúnni brautina, Bahá'u'lláh, höfundar hennar, 'Abdu'l-Bahá, óskeikullar fyrirmyndar bahá'ía og Shoghi Effendi, Varðar trúarinnar. Samantektin hefur bæði gildi fyrir einstaklinginn til aukins andríkis og íhugunar auk þeirrar leiðsagnar sem þar er að finna fyrir samfélag nútíðar og framtíðar.

Þjóðarráðið vill nota þetta tækifæri til að láta í ljós þakklæti sitt til þýðandans og til ráðgjafanefndar Evrópu sem á sínum tíma veitti ómetanlegan stuðning og stöðuga örvun til að ljúka þessu verki.

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi

Bænir við ýmis tilefni



[1]

Skyldubæn

*Bahá'u'lláh opinberaði þrjár skyldubænar.
Sérhver átrúandi skal velja eina þeirra og fara með
hana einu sinni á sólarhring í samræmi við sérstakar
leiðbeiningar sem fylgja hverri bæn. Leiðbeiningin með
bæninni hér að neðan er sú, að fara skuli með hana einu
sinni á dag, milli hádegis og sólseturs en áður skal lauga
hendur og andlit. Síðan snýr biðjandinn sér til suðausturs
í átt til grafhýsis Bahá'u'lláh í Bahjí, sem er sá staður í
heiminum sem mest helgi hvílir á meðal bahá'ía.*

Ég ber því vitni, ó Guð minn, að þú hefur skapað mig til að þekkja þig og tilbiðja þig. Ég staðfesti á þessu andartaki vanmátt minn og mátt þinn, fátækt mína og auðlegð þína.

Enginn er Guð nema þú, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Bahá'u'lláh

[2]

Dögun

Ó Drottinn minn og meistari minn! Ég er þjónn þinn og sonur þjóns þíns. Ég hef risið úr rekkju í þessari dögun, þegar dagstjarna eining þinnar hefur skinið frá dagsbrún vilja þíns og úthellt ljóma sínum yfir alla veröldina, í samræmi við skipanir í bókum ákvörðunar þinnar.

Lof sé þér, ó Guð minn, að við höfum vaknað til ljómans frá ljósi þekkingar þinnar. Send því niður yfir okkur, ó Drottinn

minn, það sem gera mun okkur kleift að skiljast frá öllu nema þér og leys okkur frá eftirsókn eftir öllu nema þér. Rita einnig niður fyrir mig og þá sem mér eru kærir og ættingja mína, bæði menn og konur, hið góða í þessum heimi og þeim sem kemur. Varðveit okkur því næst með óbrigðulli vernd þinni, ó þú ástvinur gervallarar sköpunarinnar og þrá alls alheimsins, gegn þeim sem þú hefur gert að opinberendum hins illa hvíslara sem hvíslar í brjóstum manna. Þú ert þess umkominn að gera það sem þér list. Þú ert vissulega hinn almáttugi, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Blessa þú, ó Drottinn Guð minn, hann sem þú hefur sett yfir ágætustu nafnbætur þínar og látið skilja milli hinna illu og hinna góðu og náðarsamlegast hjálpa okkur að gera það sem þú þráir og er þóknanlegt vilja þínum. Blessa þú einnig, ó Guð minn, þá sem eru orð þín og bókstafir og þá sem beint hafa ásjónum sínum til þín, leitað til auglits þíns og hlýtt kalli þínu.

Þú ert sannarlega Drottinn og konungur allra manna og hefur vald yfir öllu sem er.

Bahá'u'lláh

[3]

Morgunn

Ég hef vaknað í skjóli þínu, ó Guð minn, og það sæmir þeim sem leitar þess skjóls, að dveljast í gríðareit verndar þinnar og virkisborg varnar þinnar. Upplýs innri verund mína, ó Drottinn minn, með dýrðarljómanum frá dagsbrún opinberunar þinnar, eins og þú upplýstir ytri verund mína með morgunbirtu hylli þinnar.

Bahá'u'lláh

[4]

Ég hef risið á fætur þennan morgun sakir náðar þinnar, ó Guð minn, og yfirgefið heimili mitt í heilshugar trausti á þér og falið þér forsjá mína. Send því niður yfir mig frá himni miskunnar þinnar blessun frá þér og ger mér kleift að snúa óhultur heim aftur, eins og þú gerðir mér kleift að hefja ferð mína í varðveislu þinni með hugsun mína einskorðaða við þig.

Enginn er Guð nema þú, hinn eini, hinn óviðjafnanlegi, sá sem allt þekkir, hinn alvitri.

Bahá'u'lláh

[5]

Kvöld

Ó Guð minn, meistari minn, takmark þrjár minnar! Þessi þjónn þinn óskar þess að sofa í skjóli miskunnar þinnar og hvílast undir tjaldhimni náðar þinnar. Hann biður um umönnun þína og vernd þína.

Ég bið þig, ó Drottinn minn, við auga þitt, sem ekki sefur, að verja augu mín því að líta nokkuð nema þig. Styrk sjón þeirra svo að þau geti greint tákni þín og líti sjónhring opinberunar þinnar. Þú ert Guð og frammi fyrir opinberun almættis þíns hefur sjálfur kjarni máttarins skolfið.

Enginn er Guð nema þú, hinn almáttugi og alknýjandi, hinn óskilyrti.

Bahá'u'lláh

[6]

Börn

Drottinn minn! Drottinn minn! Ég vegsama þig og þakka þér fyrir það sem þú hefur af örlæti þínu gefið auðmjúkri þernu þinni og ambátt, er biður til þín og sárþænir þig sakir þess að þú hefur sannlega leitt hana til þíns augljósa konungsríkis og leyft henni að hneigja eyru sín að upphöfnu kalli þínu í hinni jarðnesku veröld og líta tákinn sem sanna birtingu þíns sigursæla herradóms yfir öllu sem skapað er.

Ó Drottinn minn! Ég helga þér það sem er í kviði mínum. Lát það því verða lofsvert barn í ríki þínu og ger það gæfusamt með atbeina hylli þinnar og örlætis; lát það þroskast og dafna undir handarjaðri uppfræðslu þinnar. Vissulega ert þú hinn náðugi. Vissulega ert þú Drottinn mikillar mildi.

‘Abdu’l-Bahá

[7]

Ó miskunnsami Drottinn minn! Þetta er jasinta sem vaxið hefur í garði velþóknunar þinnar og grein sem sprottið hefur í lundi sannrar þekkingar. Gef, ó Drottinn örlætisins, að hún megi stöðugt og ævinlega endurnærast af lífgandi andblæ þínum og ger hana gróskumikla, ferska og blómstrandi með úthellingu úr skýjum örlætis þíns, ó þú góði Drottinn!

Vissulega ert þú hinn aldyrlegi.

Abdu’l-Bahá

[8]

Ó Drottinn! Vernda þú börnin sem fæðast á þessum degi sem nærast við brjóst ástar þinnar og uppvaxa í skauti náðar þinnar.

Ó Drottinn! Þau eru vissulega ungar greinar sem dafna í görðum þekkingar þinnar; þau eru brumandi lim í trjálundi náðar þinnar. Gef þeim skerf af gnótt gjafa þinna, lát þau dafna og blómgast í regninu sem fellur úr skýjum gjafa þinna.

Þú ert vissulega hinn örláti, hinn mildi, hinn samúðarfulli.

‘Abdu’l-Bahá

[9]

Ó Guð, leið mig, gæt mín, ger mig að skínandi lampa og tindrandi stjörnu. Þú ert hinn máttugi og hinn voldugi.

‘Abdu’l-Bahá

[10]

Ó, þér meyru sprotar í garði ástar Guðs! Ó, þér fersku tré í jarðvegi þekkingar Guðs!

Blómstrandur jurtir í vorgarði eru unaðsleg sjón. Hinar nýsprottnu plöntur gefa frá sér sterka angan, sérhvert blómstur gleður augað með sérstakri fegurð sinni og blöð þess og aldin taka skjótum þroska. Og þegar fólkið leggur leið sína inn í garðinn og virðir fyrir sér fegurð blómanna og andar að sér ilmi þeirra, verða sálir þeirra fagnandi og hjörtu þeirra fá svölu. Vaxið því hratt á þessu fágæta vori, ó þér sem eruð blóm á himneskum greinum og ávextir á tré samlyndisins, og með andlit yðar geislandi beinið hjörtum yðar að aðsetri þess Drottins sem allt heyrir og segið: Ó, þú Drottinn undursamlegrar náðar! Veit okkur nýja blessun. Gef okkur ferskleik vorsins. Við erum frjóangar sem fingur örlætis þíns hafa gróðursett og höfum verið mótuð úr vatni og leir mildrar ástúðar þinnar. Okkur þyrstir eftir lifandi vötnum hylli þinnar og eigum allt undir úthellingu úr skýjum örlætis þíns. Lát ekki þennan trjálund ræktarlausan, þar sem vonir okkar vaxa og neita honum ekki um regn ástrík-

is þíns. Gef að úr skýjum miskunnar þinnar megi falla gnægð regns til þess að meiður lífs okkar megi bera ávöxt og við fáum kærustu óskir hjartna okkar uppfylltar.

Megi dýrð Guðs hvíla yfir fylgjendum Bahá!

‘Abdu’l-Bahá

[11]

Giftiing

Dýrð sé þér, ó Guð Drottinn minn! Vissulega hafa þessi þjónn þinn og þjónustumær komið saman í skugga miskunnar þinnar og sameinast í krafti hylli þinnar og örlætis. Ó Drottinn, hjálpa þeim í þessari veröld og í ríki þínu og ákvarða þeim allt sem gott er með fulltingi hylli þinnar og miskunnar.

Ó Drottinn, staðfest þau í undirgefni við þig og aðstoða þau í þjónustu við þig. Lát þau verða tákn nafns þíns í heimi þínum og vernda þau með gjöfum þínum sem eru óþrotlegar í þessari veröld og þeirri sem kemur. Ó Drottinn, þau biðja til ríkis náðar þinnar og ákalla ríki einstæðis þíns. Vissulega eru þau gefin saman í hlýðni við boð þín. Lát þau verða tákn samlyndis og einingar allt til loka.

Vissulega ert þú hinn alvaldi, hinn allstaðarnálægi og almáttugi.

‘Abdu’l-Bahá

[12]

Hann er Guð! Ó óviðjafnanlegi Drottinn! Í almáttugri vísu þinni hefur þú boðið mönnunum að giftast til þess að ein kynslóð megi taka við hver af annarri í þessum efnisheimi, og til þess að þær geti eilíflega, svo lengi sem veröldin varir, unað við fótiskör einingar þinnar í þjónustu og tilbeiðslu, með hyllingu, vegsömun og lofgerð. „Ég skapaði eigi menn og anda til

annars en að tilbiðja mig.“ Sameina því á himni náðar þinnar þessa tvo fugla í hreiðri ástar þinnar og veit þeim eilífa mis-kunn, svo að af sameiningu þessara tveggja úthafa ástarinnar megi rísa alda blíðunnar og varpa á strendur lífsins hreinum og skærum perlum. „Hann hefur leyst höfin tvö til þess að þau megi mætast; milli þeirra er tálmi sem þeim tekst ekki að yfirstíga. Hvorri af gjöfum Guðs munuð þér hafna? Frá hvoru um sig laðar hann fram stærri og minni perlur.“

Ó, góði Guð. Lát þetta hjónaband laða fram perlur og kór-alla. Þú ert vissulega hinn almáttugi, hinn hæsti, sá er ætíð fyrirgefur.

‘Abdu’l-Bahá

[13]

Andlát

Hann er Guð, upphafinn er hann, Drottinn ástúðar og örlætis!

Dýrð sé þér, ó þú Guð minn, Drottinn alvaldur. Ég ber vitni almætti þínu, yfirráðum og ástúð, náð þinni og valdi, eind ver-undar þinnar og einingu kjarna þíns, heilagleik þínum og upp-hafningu yfir þessa tilveru og allt sem þar er að finna.

Ó, Guð minn! Þú lítur mig fráhverfan öllu nema þér, halda fast við þig og leita til úthafs gjafmildi þinnar, himins hylli þinn-
ar og sólar náðar þinnar.

Drottinn! Ég ber því vitni, að í þjón þinn hefur þú lagt vörslufé þitt, og það er sá andi, sem þú hefur lífgað með veröldina. Ég bið þig við dýrðarljómann frá sól opinberunar þinnar að veita náð-arsamlega viðtöku því sem hann hefur til leiðar komið á dögum þínum. Gef því, að honum veitist dýrð velþóknunar þinnar og skryðist viðtöku þinni.

Ó, Drottinn minn! Ég sjálfur og allt sem skapað er ber vitni mætti þínum, og ég bið þig að snúa ekki frá þér þessum anda,

sem stigið hefur upp til þín, til þíns himneska dvalarstaðar, þinnar háleitu paradísar og athvarfs návistar þinnar, ó þú sem ert Drottinn allra manna! Gef því, ó Guð minn, að þjónn þinn megi samneyta þínum útvöldu, dýrlingum þínum og sendiboðum á himneskum stöðum, sem penninn getur eigi lýst né tungan sagt frá.

Ó, Drottinn minn, hinn fátæki hefur sannlega hraðað för sinn til ríkis auðlegðar þinnar, hinn ókunni til heimilis síns innan mæra þinna, hinn þyrsti til guðdómlegs fljóts örlætis þíns. Svift hann eigi, ó Drottinn skerfi sínum af nægtaborði náðar þinnar og hylli örlætis þíns. Þú ert í sannleika hinn almáttugi og miskunnsami, sá sem allt gefur.

Ó, Guð minn! Vörslufé þínu hefur verið skilað aftur til þín. Það sæmir miskunn þinni og örlæti sem hefur umlukið ríki þín á himni og jörðu að veita þessum aufúsugesti þínum gjafir þínar og nægtir og ávextina af tré náðar þinnar!

Þú ert þess megnugur að gera það sem þér þóknast. Enginn er Guð nema þú, hinn náðugi og örlátasti, hinn vorkunnláti, gjafarinn, fyrirgefandinn, hinn dýrmæti og alvitri.

Ég ber því vitni, ó Drottinn minn, að þú hefur boðið mönnum að heiðra gesti sína, og hann sem hefur stigið upp til þín hefur vissulega náð til þín og komist í návist þína. Ger því við hann það sem sæmir náð þinni og hylli! Við dýrð þína, ég veit með vissu, að þú munt ekki sjálfur ganga í gegn því sem þú hefur boðið þjónum þínum né heldur láta þann afskiptan, sem heldur föstu taki í taug örlætis þíns og hefur stigið upp til dagsbrúnar auðæfa þinna.

Enginn er Guð nema þú, hinn eini og einstæði, hinn voldugi og alvitri, hinn gjafmildi.

Bahá'u'lláh

[14]

Ó Guð minn. Ó þú, sem fyrirgefur syndir okkar, gefur okkur gjafir, eyðir sorgum okkar. Sannlega bið ég þig að fyrirgefa syndir þeirra, sem hafa yfirgefið jarðneska líkama sína og haldið til æðri heims.

Ó Drottinn minn, hreinsa þá af misgjörðum, dreif sorg þeirra og snú myrkri þeirra í ljós. Lát þá ganga í garð hamingjunnar, lauga þá með tærasta vatni og gef að þeir megi líta dýrð þína á hinu hæsta fjalli.

‘Abdu’l-Bahá

[15]

Græðing

Nöfn þín, ó Guð minn, eru líkn sjúkum og læknisdómur þjáðum, svaladrykkur þyrstum og fró kvöldum, leiðsögn villtum og upphafn smáðum, ríkidæmi snauðum og upplýsing fáfróðum, uppljómun döprum og huggun sorgmæddum, ylr köldum og uppreisn niðurlægðum. Með nafni þínu, ó Guð minn, voru allir hlutir lífgaðir og himnarnir þandir út og jörðin grundvölluð og skýin hafin upp og látin senda regn sitt yfir jörðina. Sannlega eru þetta tákn miskunnar þinnar öllum skepnum þínum.

Því sárþæni ég þig við nafn þitt, sem opinberaði guðdóm þinn og hóf málstað þinn ofar allri sköpuninni, og við sérhverja af ágætustu nafnbótum þínum og tignustu eigindum og við allar þær dyggðir, sem vegsama yfirskilvitlega og háleitasta verund þína að senda úr skýjum miskunnar þinnar á þessari nóttu líknandi regn yfir þennan brjóstmylking, sem þú hefur samþýtt aldýrlegu sjálfi þínu í ríki sköpunar þinnar. Klæð hann því, ó Guð minn, af miskunn þinni kyrtli vellíðunar og

heilbrigðis og varðveit hann, ó ástvinur minn, fyrir sérhverri þrenging og glundroða og fyrir öllu sem þér er andstyggð. Sannlega er máttur þinn jafningi alls sem er. Þú ert í sannleika hinn voldugasti og sjálfumnógi. Lát ennfremur rigna yfir hann, ó Guð minn, gæðum þessa heims og hins næsta og gæðum fyrri kynslóða og hinna síðari. Sannlega er máttur þinn og viska megnug þessa.

Bahá'u'lláh

[16]

Vegsamaður sért þú, ó Drottinn Guð minn! Ég sárþæni þig við þitt mesta nafn, sem þú vaktir með þjóna þína og byggðir upp borgir þínar, og við ágætustu nafnbætur þínar og tignustu eiginindir, að aðstoða fólk þitt við að snúa sér í átt til margfaltra gjafa þinna og beina ásjónum sínum að tjaldbúð visku þinnar. Græð þú sjúkdómama, sem steðjað hafa að sálunum á alla vegu og aftráð þeim frá því að beina augum að paradísinni, sem liggur í skjóli þíns yfirskyggjandi nafns, sem þú ákvaðst að vera skyldi konungur allra nafna öllum á himni og jörðu. Þú ert þess megnugur að gera það sem þér þóknast. Í þínum höndum er veldi allra nafna. Enginn er Guð nema þú, hinn máttugi og vitri.

Ég er aðeins vesöl vera, ó Drottinn minn; ég hef tekið föstu taki í klæðisfald auðlegðar þinnar. Ég er sársjúkur; ég hef haldið fast um líftaug græðingar þinnar. Frelsa mig frá veikindunum, sem hafa umkringgt mig og lauga mig kostgæfilega í vatni náðar þinnar og miskunnar, og skrýð mig klæðum heilbrigðis með fyrirgefningu þinni og örlæti. Fest síðan augu mín á þér og losa mig úr viðjum alls nema þín. Hjálpa mér að gera það sem þú þráir og uppfylla það sem þér þóknast.

Þú ert sannarlega Drottinn þessa lífs og hins næsta. Þú ert í sannleika sá sem ætíð fyrirgefur, hinn miskunnsamasti.

Bahá'u'lláh

[17]

Andleg Ráð

*Í hvert sinn sem þér gangið inn í ráðstefnuherbergið,
hafið yfir þessa bæn með hjarta sem slær af ást til Guðs,
og tungu sem er hrein af öllu nema minningu hans,
til þess að hinn almáttugi megi náðarsamlega aðstoða
yður við að vinna æðstan sigur:*

Ó Guð, Guð minn! Við erum þjónar þínir, sem höfum leitað í tilbeiðslu til heilagrar ásjónu þinnar og höfum sagt skilið við allt nema þig á þessum dýrlega degi. Við erum samankomin í þessu andlega ráði, sameinuð í hugsunum og skoðunum, með samstillt markmið að upphefja orð þitt meðal mannkynsins. Ó Drottinn, Guð okkar! Ger okkur að táknum guðdómlegrar handleiðslu þinnar, gunnfána upphafinnar trúar þinnar meðal manna, þjóna þíns máttuga sáttmála. Ó þú, æðstur Drottinn okkar! Ger okkur að opinberun guðdómlegrar einingar þinnar í ríki dýrðar þinnar og blikandi stjörnur, sem skína víða vegu. Drottinn! Hjálpa okkur að verða höf, ólgandi af bylgjum þinnar undursamlegu náðar, fljót sem streyma frá aldyrlegum hæðum þínum, ágæta ávexti á tré þíns himneska málstaðar, tré, sem bærast í andvara örlætis þíns í himneskum vingarði þínum. Ó Guð! Ger sálir okkar háðar ritningarversum guðlegrar einingar þinnar, hjörtu okkar fagnandi með úthellingu náðar þinnar, til þess að við getum sameinast líkt og öldur eins sjávar og runnið saman eins og geislar glampanði ljóss þíns; að hugsanir okkar, skoðanir og tilfinningar megi verða sem einn veruleiki, sem birtir anda sameiningar um víða veröld.

Þú ert hinn miskunnsami og gjafmildi, veitandinn, hinn almáttugi og náðugi, hinn vorkunnláti.

‘Abdu’l-Bahá

Framlög í Sjóðinn

Allir vinir Guðs . . . ættu að leggja af mörkum það sem þeir geta, hversu fábrotin sem sú fórn kann að vera. Guð leggur ekki meiri byrðar á sálina en hún getur borið. Slík framlög verða að koma frá öllum miðstöðvum og öllum átrúendum . . . Ó vinir Guðs! Verið þess fullvissir, að vegna þessara framlaga hlýtur akuryrkja yðar, iðnaður og verslun margfalda blessun með liðveislu og góðum gjöfum. Sá sem vinnur eitt gott verk hlýtur tífalda umbun. Enginn vafi er á því, að hinn lifandi Drottinn mun ríkulega staðfesta þá sem gefa auð sinn á vegi hans.

Ó Guð, Guð minn! Upplýs brá sannra elskenda þinna og styrk þá með himneskum herskörum öruggs sigurs. Ger fætur þeirra stöðuga á þínum beina vegi og opna þeim hlið gjafa þinna með aldinni hylli þinni; því þeir eyða á þínum stigum því sem þú hefur gefið þeim, standa vörð um trú þína, setja traust sitt á minningu sína um þig, fórna hjörtum sínum sakir ástar á þér og halda eigi aftur af því sem þeir eiga vegna aðdáunar á fegurð þinni og í leit sinni að leiðum til að þóknast þér.

Ó Drottinn minn! Fyrirhuga þeim rífligan skerf, áformað endurgjald og örugga umbun.

Vissulega ert þú sá sem viðheldur, hjálparinn, hinn örláti og rausnarlegi, sá sem ætíð gefur.

‘Abdu’l-Bahá

[19]

Fastan

Í Kitáb-i-Aqdas segir: „Vér höfum boðið yður að biðja og fasta frá upphafi fullþroska (15 ára aldri); þetta er ákvarðað af Guði, Drottni yðar og Drottni feðra yðar. . . Ferðalangurinn, hinn sjúki, konur, sem eru barnshafandi eða hafa barn á brjósti, þurfa ekki að fasta. . . Neytið hvorki matar né drykkjar frá sólarupprás til sólseturs, og varist að láta ástríðu svifta yður þeirri náð, sem áformuð er í þessari bók.“

Fastan er frá 2. mars til 20. mars, að báðum dögum meðtöldum.

Lof sé þér, ó Drottinn Guð minn! Ég bið þig við þessa opinberun, sem hefur snúið myrkri í ljós, reist hið fjölsóttu musteri, opinberað hina skráðu töflu og afhjúpað hið opna bókfell, að senda það niður yfir mig og þá, sem eru í félagsskap mínum, sem gerir okkur fært að stíga upp til himna yfirskilvitlegrar náðar þinnar og hreinsar okkur af saurgun þeirra efasemda, sem aftrað hafa hinum tortryggnu frá því að stíga inn í tjaldbúð einingar þinnar.

Ég er sá, ó Drottinn minn, sem haldið hef fast í taug ástríkis þíns og tekið föstum höndum um klæðisfald miskunnar þinnar og hylli. Ákvarða mér og ástvinum mínum gæði þessa heims og þess sem kemur. Gef þeim því hina huldu gjöf, sem þú áformaðir hinum útvöldu meðal skepna þinna.

Þetta eru þeir dagar, ó Drottinn minn, er þú hefur boðið þjónum þínum að halda föstuna. Sæll er sá, sem heldur föstuna einungis vegna þín, fullkomlega fráhverfur öllu nema þér. Hjálpa mér og hjálpa þeim, ó Drottinn minn, að hlýðnast þér og halda boð þín. Þú hefur vissulega vald til að gera það, sem þér list.

Enginn er Guð nema þú, hinn alvitri, hinn alvísi. Allt lof sé Guði, Drottni allra veraldanna.

Bahá'u'lláh

[20]

Vitjunartafla 'Abdu'l-Bahá

(Þessi bæn, sem opinberuð er af 'Abdu'l-Bahá, er lesin í grafhýsi hans. Hún er einnig notuð við önnur tækifæri).

Sá sem fer með þessa bæn í auðmýkt og andakt mun færa hjarta þessa þjóns fögnuð og gleði; það er líkt og að hitta hann augliti til auglitis.

Hann er hinn aldýrlegi!

Ó Guð, Guð minn! Auðmjúkur og tárfeollandi teygi ég biðjandi hendur mínar til þín og hyl andlit mitt í dusti þeirrar fótscarar þinnar sem hafin er yfir þekkingu hinna lærðu og lofstír allra sem vegsama þig. Náðarsamlega lít þjón þinn, bljúgan og auðmjúkan við dyr þínar, augum miskunnar þinnar og sökkt honum í úthaf þinnar eilífu náðar.

Drottinn! Hann er snauður og auðmjúkur þjónn þinn, undirgefinn og sárbiður þig, fanginn í höndum þínum, biður heitt til þín, treystir á þig, tárbotur frammi fyrir ásjónu þinni, kallar til þín og sárþænir þig svofelldum orðum:

Ó Drottinn, Guð minn! Veit mér náð þína til að þjóna ástvinum þínum, styrk mig í þjónustunni við þig, upplýs brá mína með ljósi vegsömunar innan forgarðs heilagleika þíns og í bæn til ríkis tignar þinnar. Hjálpa mér að vera sjálflaus við himneskan inngang hliðs þíns og aðstoða mig við að skiljast frá öllum hlutum innan heilagra mæra þinna. Drottinn! Gef mér að drekka af bikar sjálfleysis, íklæð mig kyrtli þess og sökkt mér í úthaf þess.

Ger mig sem dustið á vegi ástvina þinna og gef að ég megi fórna sálu minni fyrir jörðina sem göfgast hefur af skrefum þinna útvöldu á vegi þínum, ó Drottinn dýrðar í hæstu hæðum.

Þjónn þinn ákallar þig með þessari bæn í dögum og á næturþeli. Uppfyll ósk hjarta hans, ó Drottinn! Uppljóma hjarta hans, gleð brjóst hans, tendra ljós hans, svo að hann megi þjóna málstað þínum og þjónum þínum.

Þú ert gjafarinn, hinn vorkunnláti og gjafmildasti, hinn náðugi og miskunnnsami, hinn samúðarfulli!

‘Abdu’l-Bahá

[21]

Tafla Ahmads

„Þessar daglegu skyldubænar, ásamt nokkrum öðrum bænum, svo sem Lækningabæninni og Töflu Ahmads, hefur Bahá’u’lláh gætt sérstökum mætti og merkingu, og því skyldu þær viðurkenndar sem slíkar og átrúendurnir ættu að lesa þær með efunarlausri trú og fullvissu, svo að þeir megi með tilstuðlan þeirra komast í miklu nánara samneyti við Guð og geti samkennt sig í enn ríkari mæli lögum hans og fyrirmælum.“

Shoghi Effendi

Hann er konungurinn, sá sem allt þekkir, hinn vitri!

Sjá, næturgali paradísar syngur á hríslum eilífðartrésins heilagan, hugljúfan óð, kunngerir hinum hreinlyndu fagnaðartíðindin um nálægð Guðs, kallar þá, sem trúa á guðlega einingu, til forgarðs návistar hins örláta, upplýsir hina afskiptu um boðskapinn, sem opinberaður hefur verið af Guði, konunginum, hinum dýrlega, hinum óviðjafnanlega, leiðir elskendurna til sætis heilagleikans og til þessarar geislandi fegurðar.

Vissulega er þetta hin mesta feegurð, sem sögð var fyrir í bók- um boðberanna, en með þeirra fulltingi mun sannleikurinn verða greindur frá villu og viska sérhverrar skipunar metin. Sannlega er hann lífstréð, sem ber ávexti Guðs, hins upphafna og máttuga, hins mikla.

Ó Ahmad! Ber því vitni, að sannlega er hann Guð og að eng- inn er Guð nema hann, konungurinn, verndarinn, hinn óvið- jafnanlegi, hinn almáttugi. Og að sá, sem hann sendi, 'Alí að nafni, (þ.e. hans heilagleiki Bábinn) var hinn sanni frá Guði og öll lútum við boðum hans.

Seg: ó fólk, hlýðnist fyrirmælum Guðs, sem yður hafa verið sett í Bayáninum af hinum dýrlega, hinum vitra. Vissulega er hann konungur boðberanna og bók hans er móðurbókin, ef aðeins þér vissuð það.

Þannig kallar næturgalinn til yðar frá þessari þrísund. Hans er aðeins að flytja þennan skýra boðskap. Látið þann, sem það kys snúa baki við ráðgjöf hans, og þann sem það kys, látið hann velja leiðina til Drottins síns.

Ó, fólk, ef þér hafnið þessum versum, hvað er þá til sann- indamerkis um trú yðar á Guð? Sýnið það, ó samsafn flaráðra! Nei, við þann sem hefur í hendi sér sál mína, þeir geta það eigi og munu aldrei geta það, jafnvel þótt þeir taki sig saman og hjálpi hver öðrum.

Ó Ahmad! Gleym eigi örlæti mínu meðan ég er fjarverandi. Minnst þú daga minna um daga þína og hryggðar minnar og útleigðar í þessu fjarlæga fangelsi. Og ver svo staðfastur í ást minni, að hjarta þitt glúpnir eigi jafnvel þótt sverðalögum óvin- anna rigni yfir þig og himnarnir allir og jörðin rísi gegn þér. Ver sem eldslogi óvinum mínum og elfur eilífs lífs ástvinum mínum og heyr eigi þeim til sem efast. Og ef þrenging yfir- þyrmir þig á vegi mínum eða niðurlæging mætir þér sakir mín, lát ekki hugfallast. Set traust þitt á Guð, Guð þinn og Drottinn feðra þinna. Því að fólknið reikar á blekkingarstigum, svift skiln-

ingi til að sjá Guð með sínum eigin augum eða heyra söngljóð hans með sínum eigin eyrum. Þannig hefur það birst oss eins og einnig þú berð vitni. Þannig hefur hjátrú þeirra orðið að blæjum milli þeirra sjálfra og hjartna þeirra og haldið þeim frá vegi Guðs, hins upphafna, hins mikla.

Ver þess fullviss með sjálfum þér, að vissulega hefur sá sem snýr sér frá þessari feegurð einnig snúið sér frá boðberum fortíðarinnar og sýnir dramb gagnvart Guði frá eilífð til eilífðar.

Lær vel þessa töflu, ó Ahmad. Syng hana um daga þína og meina eigi sjálfum þér um það. Því að sannlega hefur Guð áformað þeim sem hana syngur endurgjald hundrað píslarvotta og þjónustu í heimunum báðum. Þessa hylli höfum vér veitt þér sem vott um örlæti frá vorri hendi og miskunn frá návist vorri, svo að þú megir heyra til hinum þakklátu.

Sem Guð lifir! Ef einhver sem ratað hefur í þjáningu eða sorg les þessa töflu af fullkominni einlægni, mun Guð eyða hryggð hans, leysa úr erfiðleikum hans og taka frá honum mæðu hans. Vissulega er hann hinn miskunnsami og samúðarfulli.

Lof sé Guði, Drottni allra veraldanna.

Bahá'u'lláh

[22]

Lækningabænin

Hann er græðarinn, nægjandinn, hjálparinn, sá sem allt fyrirgefur, hinn almiskunnsami.

Ég ákalla þig, ó upphafni, ó trúfasti, ó dýrðlegi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó konungur, ó þú sem upp reisir, ó dómari!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

LIND LIFANDI VATNA

Ég ákalla þig, ó óviðjafnanlegi, ó eilífi, ó einstæði!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó vegsamaðasti, ó heilagi, ó líknandi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó alvísi, ó vitrasti, ó hæsti
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó mildi, ó tigni, ó ákvarðandi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó elskaði, ó hjartfólgni, ó alsæli!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó máttugasti, ó viðhaldandi, ó voldugi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó stjórnandi, ó sjálfumnógi, ó alvitri!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó andi, ó ljós, ó sýnilegasti!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó þú sem allir leita til, ó þú sem allir þekkjja,
ó þú sem ert öllum hulinn!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó huldi, ó sigursæli, ó veitandi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó almátteki, ó hjálpari, ó hyljandi! Þú sem nægir,
þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

BÆNIR VIÐ ÝMIS TILFNI

Ég ákalla þig, ó mótandi, ó fullnægjandi, ó upprætandi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó rísandi, ó samsafnandi, ó upphefjandi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó fullkomnandi, ó frjálsi, ó gjöfufli!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó góðsami, ó þú sem dylur, ó skapandi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó háleitasti, ó alfagri, ó gjafmildi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó réttláti, ó náðugi, ó örláti! Þú sem nægir,
þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó allt-knýjandi, ó varanlegi, ó vitrasti!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó mikilfenglegi, ó aldni, ó veglyndi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó vel-varðveitti, ó Drottinn gleðinnar, ó þráði!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig ó þú sem ert öllum góður, öllum vorkunnlátur,
ó gæskuríkasti!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó allra athvarf, ó allra hæli, ó þú sem allt varðveitir!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

LIND LIFANDI VATNA

Ég ákalla þig, ó líknari alls, ó þú sem allir ákalla,
ó endurlíf-gari!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó afhjúpandi, ó eyðandi, ó mildasti!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó þú sál mín, ó þú ástvinur minn, ó þú trú mín!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó þú sem slekkur þorstann, ó yfirskilvitlegi
Drottinn, ó dýrmætasti!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó mesta minning, ó göfugasta nafn, ó elsti
vegur!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó tignaðasti, ó heilagasti, ó helgaði!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó frelsandi, ó ráðgjafi, ó endurleysandi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó vinur, ó lækni, ó heillandi! Þú sem nægir,
þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó dýrð, ó fegurð, ó gjafmildi!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó traustsverðasti, ó besti ástvinur, ó Drottinn
dögunarinnar!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

BÆNIR VIÐ ÝMIS TILEFNI

Ég ákalla þig, ó glæðari, ó upplýsandi, ó þú sem færir unað!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó Drottinn örlætisins, ó vorkunnlátasti,
ó miskunnsamasti!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó stöðugi, ó lífgefandi, ó uppspretta allrar
verundar!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó þú sem gagntekur allt, ó alsjáandi,
ó Drottinn orðsins!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó sýnilegi en samt huldi, ó þú sem enginn sér
en öllum ert kunnur, ó áhorfandi sem allir leita!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ég ákalla þig, ó þú sem vegur ástvinina, ó Drottinn sem
líknar meingjörðamönnunum!
Þú sem nægir, þú sem græðir, þú sem varir, ó þú ævarandi!

Ó nægjandi, eg ákalla þig, ó nægjandi!
Ó græðari, eg ákalla þig, ó græðari!
Ó varandi, eg ákalla þig, ó varandi!
Þú sem varir að eilífu, ó þú ævarandi!

Helgaður ert þú, ó Guð minn! Ég grátbæni þig vegna örlætis
þíns sem þú opnaðir með á gátt hlið hylli þinnar og náðar og
grundvallaðir musteri heilagleika þíns á veldisstóli eilífðarinnar,
og miskunnar þinnar sem þú bauðst með öllu sem skapað
er að borði gjafa þinna og hylli, og vegna náðar þinnar, er þú

svaraðir með í þínu eigin sjálfi með orði þínu „Já!“ af hálfu allra á himnum og jörðu á þeirri stundu, er yfirráð þín og tign voru birt, í dagrenningu þegar máttur veldis þíns var opinberaður. Og aftur grátbæni ég þig við þessi fegurstu nöfn þín, við þessar göfugustu og æðstu eigindir og við upphöfnustu minningu þína og við hreina og flekklausa fegurð þína og við hulið ljós þitt í huldustu höll þinni og við nafn þitt, íklætt þjáningu á hverjum morgni og hverju kvöldi, að vernda þann sem ber þessa blessuðu töflu, og þann sem les hana, og þann sem á hana rekst, og þann sem fer hjá húsinu sem geymir hana. Græð fyrir hennar orð alla sjúka, lasburða og fátæka, af allri þrenging og harmi, af öllum illum raunum og sorg, og leiðbein þú fyrir orð hennar hverjum þeim sem óskar að ganga stigu leiðsagnar þinnar og vegu fyrirgefningar þinnar og náðar.

Þú ert vissulega hinn völdugi, sá sem öllum nægir, græðandinn, verndarinn, gjafarinn, hinn vorkunnlátí og gjafmildasti, hinn almiskunnsami.

Bahá'u'lláh

[23]

Eldtaflan

Í nafni Guðs, hins aldna, hins æðsta.

Sannlega brenna hjörtu hinna hreinlunduðu í eldi aðskilnaðar:

Hvar er glampinn af ljósi ásýndar þinnar,
ó ástvinur veraldanna?

Þeir, sem eru nálægir þér, eru yfirgefnir í myrkri auðnarinnar:

Hvar bjarmar af morgni endurfundanna við þig,
ó þrá veraldanna?

BÆNIR VIÐ ÝMIS TILEFNI

Líkamar þinna útvöldu liggja skjálfandi á fjörrum söndum:

Hvar er haf návistar þinnar,
ó þú, sem heillar veraldirnar?

Löngunarfullar hendur teygja sig til himins

miskunnar þinnar og örlætis:
Hvar er regn gjafa þinna,
ó þú, sem bænheyrir veraldirnar?

Hinir trúlausu rísa í harðýðgi á alla veg:

Hvar er knýjandi afl yfirbjóðandi þína þíns,
ó sigurvegari veraldanna?

Hundgáin glymur allt í kring:

Hvar er ljónið í skógi máttar
þíns, ó þú sem hirtir veraldirnar?

Kuldinn hefur læst sig um mannkynið:

Hvar er hiti ástar þinnar,
ó bál veraldanna?

Ógæfan er í algleymingi:

Hvar eru táknið fulltingis
þíns, ó lausn veraldanna?

Myrkrið hefur umlukið flestar þjóðir:

Hvar er bjarminn af dýrð þinni,
ó ljómi veraldanna?

Hálsar manna eru framteygðir í meinsemi:

Hvar eru sverð hefndar þinnar,
ó eyðandi veraldanna?

LIND LIFANDI VATNA

Lægingin hefur náð sínum neðstu mörkum:
Hvar eru jartein dýrðar þinnar,
ó dýrð veraldanna?

Sorgir hrjá opinberanda nafns þíns, hins almiskunnsama:
Hvar er fögnuður dagseldingar opinberunar þinnar,
ó unaður veraldanna?

Angist hefur gripið allar þjóðir jarðarinnar:
Hvar eru teikn gleði þinnar,
ó fögnuður veraldanna?

Þú lítur dagsbrún tákna þinna hjúpaða illum getsökum:
Hvar eru fingur máttar þíns,
ó vald veraldanna?

Sár þorsti sækir alla menn:
Hvar er elfur örlætis þíns,
ó miskunn veraldanna?

Ágirndin hefur fjötrað allt mannkynið:
Hvar eru holdtekjur andlegrar lausnar,
ó Drottinn veraldanna?

Þú lítur þennan rangtleikna einmana í útlegð:
Hvar eru hersveitirnar frá himni skipunar þinnar,
ó höfðingi veraldanna?

Ég er yfirgefinn í ókunnu landi:
Hvar eru tákn trúfesti þinnar,
ó trúnaður veraldanna?

BÆNIR VIÐ ÝMIS TILFNI

Kvöl dauðans heldur í greip sinni öllum mönnum:
Hvar er ólgandi haf þíns eilífa lífs,
ó líf veraldanna?

Launskrafi Satans hefur verið andað í eyra sérhverrar skepnu:
Hvar er vígahnöttur elds þíns,
ó ljós veraldanna?

Ölvun ástríðunnar hefur afmyndað flesta menn:
Hvar eru dagsbrúnir hreinleika þíns,
ó þrá veraldanna?

Þú lítur þennan rangtleikna hjúpaðan áþján meðal Sýrlendinga:
Hvar er ljómi dagseldingar þinnar,
ó ljós veraldanna?

Þú sérð mér varnað máls:
Hvaðan munu þá berast söngvar þínir,
ó næturgali veraldanna?

Flestir menn eru huldir blæjum hégóma og fánýtra ímyndana.
Hvar eru málsvarar vissu þinnar,
ó fullvissa veraldanna?

Bahá er að drukknun komin í hafi þrenginganna:
Hvar er lausnarörk þín,
ó lausnari veraldanna?

Þú sérð dagselding orða þinna í svartnætti sköpunarinnar:
Hvar er sólin á himni náðar þinnar,
ó þú, sem upplýsir veraldirnar?

LIND LIFANDI VATNA

Lampar sannleika og hreinleika, heiðurs og hollustu,
hafa verið slökktir:
Hvar eru jartein hefnandi reiði þinnar,
ó þú, sem hrærir veraldirnar?

Sérð þú nokkurn sem lagt hefur sjálfi þínu lið eða hugleiðir
hlutskipti hans á vegi ástar þinnar?
Nú stöðvast penni minn,
ó ástvinur veraldanna.

Greinar hins himneska lótusviðar
liggja brotnar fyrir forlagabyljum:
Hvar eru fánar fulltingis þíns,
ó kappi veraldanna?

Þessi ásjóna er hulin dusti illmælginnar:
Hvar er andblær meðaumkvunar þinnar,
ó miskunn veraldanna?

Hinir svikulu hafa saurgað kyrtil helgunarinnar:
Hvar er skrúði heilagleika þíns,
ó þú, sem skrýðir veraldirnar?

Miskunnsemdanna haf hefur hljóðnað
sakir þess sem hendur mannanna hafa gert:
Hvar eru öldur örlætis þíns, ó þrá veraldanna?

Kúgun óvina þinna hefur læst dyrunum að hinni guðdómlegu návist:
Hvar er lykill gjafa þinna, ó þú, sem opnar veraldirnar?

Laufin hafa sölnað fyrir eitruðum gjósti undirróðurs:
Hvar er úrhellið úr skýjum gjafmildi þinnar,
ó gjafari veraldanna?

BÆNIR VIÐ ÝMIS TILFNI

Alheimurinn hefur myrkvast af dusti syndarinnar:
Hvar er andvari fyrirgefningar þinnar,
ó fyrirgefandi veraldanna?

Þessi æskumaður er einmana í auðnarlandi:
Hvar er regn himneskrar náðar þinnar,
ó veitandi veraldanna?

Ó æðsti penni, frá ríkinu eilífa höfum vér heyrt ljúfast
ákall þitt:
Ljá eyra því sem tunga tignarinnar mælir,
ó rangtleikni veraldanna!

Ef eigi væri kuldinn
hvernig fengi hiti orða þinna sigrað,
ó skýrandi veraldanna?

Ef eigi væri ógæfan,
hvernig gæti sól þrautseigju þinnar skinið,
ó ljós veraldanna?

Kveina eigi vegna hinna syndugu,
þú varst skapaður til að þola og standast,
ó þolgæði veraldanna.

Hve ljúf var dögum þín á sjónarrönd sáttmálans
meðal undirróðursmannanna og þrá þín eftir Guði,
ó ást veraldanna.

Vegna þín var merki sjálfstæðisins reist á hæstu tindum
og haf örlætisins brimaði,
ó sæla veraldanna.

LIND LIFANDI VATNA

Sakir einsemdar þinnar skein sól einleikans
og sakir útlegðar þinnar skryddist land einingarinnar.
Ver þolinmóður,
ó þú útlagi í veröldunum.

Vér höfum gert læginguna að dýrðarklæðum
og þjáninguna að skarti musteris þíns,
ó stolt veraldanna.

Þú lítur hjörtun full af hatri
og þitt er að umbera,
ó þú, sem hylur syndir veraldanna.

Þegar sverðin glampa, gakk áfram!
Þegar spjótin fljúga, sæk fram!
Ó þú fórn veraldanna.

Kveinar þú, eða á ég að kveina?
Fremur skyldi ég gráta fæð kappa þinna,
ó þú sem veraldirnar kveina yfir.

Vissulega hef ég heyrt kall þitt, ó aldýrlegi ástvinur;
og nú brennur ásjóna Bahá af hita þjáninganna
og eldi skínandi orðs þíns og hann hefur risið upp í trúfesti
á fórnarstaðnum og leitar velþóknunar þinnar,
ó yfirbjóðandi veraldanna.

Ó Alí-Akbar, þakka þú Drottni þínum fyrir þessa töflu, sem ber
þér ilm auðmýktar minnar, og vit hvað fallið hefur oss í skaut á
vegi Guðs, hins dásamaða allra veraldanna.

Ef allir þjónarnir lesa og hugleiða þetta, verður glæddur eldur
í æðum þeirra, sem tendra mun bál í veröldunum.

Bahá'u'lláh

Ýmsar bænir



[24]

Lof sé þér, ó Drottinn. Fyrirgef syndir okkar, auðsýn okkur miskunn og ger okkur fært að snúa aftur til þín. Lát okkur ekki treysta á neitt nema þig og miðla okkur af örlæti þínu því sem þú elskar og þráir og sæmir þér vel. Ger háleita stöðu þeirra sem hafa trúað í sannleika, og fyrirgef þeim af náðarríkri fyrirgefningu þinni. Sannlega ert þú hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Bábinn

[25]

Miklað sé nafn þitt, ó Guð. Þér heyra í sannleika ríki sköpunar og opinberunar, og sannlega höfum við sett allt okkar traust á Drottinn okkar. Allt lof sé þér, ó Guð. Þú ert skapari himnanna og jarðarinnar og alls sem þar er á milli, og þú ert í sannleika æðsti valdhafinn, mótandinn, hinn alvísi. Dýrlegur sért þú, ó Drottinn! Þú munt vissulega safna saman mannkyni fyrir þann dag sem kemur án nokkurs vafa — daginn, þegar allir munu birtast frammi fyrir þér og finna líf í þér. Þetta er dagur hins eina sanna Guðs — dagurinn sem þú kemur til leiðar að vild þinni með valdi skipunar þinnar.

Þú ert yfirbjóðandinn, skaparinn dásamlegi, hinn máttugi, hinn ástfólgnasti.

Bábinn

[26]

Ó Drottinn! Ger öllum þjóðum jarðarinnar kleift að fá aðgang að paradís trúar þinnar, svo að engin sköpuð vera megi dvelja utan marka velþóknunar þinnar.

Frá ómunatíð hefur þú verið þess megnugur að gera það sem þér þóknast, upphafinn yfir allt sem þú þráir.

Bábinn

[27]

Dýrð sé þér, ó Drottinn, sem kallað hefur til verundar allt, sem skapað er, í krafti skipunar þinnar.

Ó Drottinn! Aðstoða þá, sem hafnað hafa öllu nema þér og fær þeim frækilegan sigur. Send niður yfir þá, ó Drottinn, herskara englanna á himni og jörðu og alls, sem þar er á milli, til þess að leggja lið þjónum þínum, styðja þá og styrkja, gera þeim kleift að uppskera árangur, viðhalda þeim, miðla þeim dýrð, sæma þá heiðri og upphafningu, auðga þá og gera þá sigursæla með undursamlegu sigurhrósi.

Þú ert Drottinn þeirra, Drottinn himnanna og jarðarinnar, Drottinn allra veraldanna. Efl þessa trú, ó Drottinn, með afli þessara þjóna og lát þá vinna sigur yfir öllum þjóðum heims; því að þeir eru í sannleika þjónar þínar, sem skilið hafa að baki allt nema þig, og þú ert vissulega verndari þeirra, sem trúa í sannleika.

Gef, ó Drottinn, að sakir hollustunnar við þessa ólýtanlegu trú þína megi hjörtu þeirra verða sterkari en allt annað á himni og jörðu og allt, sem þar er á milli; og styrk, ó Drottinn, hendur þeirra með táknum þíns undursamlega valds, svo að þeir megi birta vald þitt í augsyn alls mannkyns.

Bábinn

[28]

Gef mér, ó Guð minn, fullan mæli ástar þinnar og velþóknunar og ger hjörtu okkar bergnumin er þau laðast að skínandi ljósi þínu, ó þú, sem ert hinn æðsti vitnisburður, hinn aldýrlegi.

Send niður yfir mig, sem tákn um miskunn þína, endurlífandi andblæ þinn á degi og að næturþeli, ó örláti Drottinn. Enga dáð hef ég drýgt, ó Guð minn, að ég verðskuldi að líta ásýnd þína og ég veit með vissu, að þótt ég lifði jafn lengi og veraldirnar vara, mundi mér ekki takast að drýggja neina þá dáð, sem verðskuldaði slíka hylli, því að staða þjóns þíns verður ávallt óverðug heilögum hífýlum þínum, nema örlæti þitt nái til mín og ljúf miskunn þín gagntaki mig og ástúð þín umlyki mig. Allt lof sé þér, ó þú, sem engan átt þinn líka. Ger mér af náð þinni kleift að stíga upp til þín og hljóta þá vegsemd að dvelja í návist þinni og hafa samneyti við þig einan. Enginn er Guð nema þú. Í sannleika, ef þú óskaðir að veita þjóni þínum blessun, myndir þú afmá úr hjarta hans alla minningu og hneigð nema minninguna um sjálfan þig; og ef þú áformaðir þjóni þínum illt hlutskipti sakir þess sem hendur hans hafa ranglega unnið fyrir augliti þínu, myndir þú reyna hann með gæðum þessa heims og hins næsta, til þess að þau tækju hug hans allan og hann gleymdi að minnast þín.

Bábinn

[29]

Lofað sé nafn þitt, ó Drottinn Guð okkar! Þú þekkir í sannleika hið óséða. Ákvarða okkur þau gæði, sem alltumlykjandi þekking þín getur úthlutað. Þú ert yfirbjóðandi Drottinn, hinn almáttugi og ástkærasti.

Allt lof sé þér, ó Drottinn! Við leitum náðar þinnar á hinum tiltekna degi og setjum allt okkar traust á þig, sem ert Drottinn okkar. Dýrlegur ert þú, ó Guð! Gef okkur það, sem gott er og sæmandi, svo að við megum hafna öllu nema þér. Vissulega ert þú Drottinn allra veraldanna.

Ó Guð! Umbuna þeim, sem þolugir þreyja á dögum þínum og styrk hjörtu þeirra til að feta öruggum skrefum stígu sann-

leikans. Gef því, ó Guð, þær góðu gjafir, sem gera þeim fært að ganga inn í unaðssæla paradís þína. Upphafinn ert þú, ó Drottinn Guð. Lát himneska blessun þína stíga niður yfir heimili þeirra, sem hafa trúað á þig. Vissulega stendur enginn þér framar í útdeilingu himneskra blessana. Send frá þér, ó Guð, þá herskara, sem gera munu trúfasta þjóna þína sigursæla. Þú mótar sköpunina með mætti ákvörðunar þinnar að vild þinni. Þú ert í sannleika yfirbjóðandinn, skaparinn, hinn alvitri.

Seg: Guð er að sönnu skapari allra hluta. Hann gefur ríkulega næringu þeim, sem hann vill. Hann er skaparinn, uppspretta allrar verundar, mótandinn, hinn almáttugi, smiðurinn, hinn alvitri. Hann ber hin ágætustu nöfn í öllum himnunum og á jörðunni og hvarvetna þar á milli. Allir hlýða boðum hans, allir íbúar jarðar og himins vegsama hann og lofa og til hans munu allir hverfa aftur.

Bábinn

[30]

Ég heiti á þig við mátt þinn, ó Guð minn! Lát ekkert verða mér að meini á tímum prófrauna og á gáleysisstundum leiðbein þú fótsporun mínun með innblæstri þínum. Þú ert Guð; megnugur ert þú að gera það sem þér þóknast. Enginn fær staðið gegn vilja þínum eða haldið aftur af ákvörðun þinni.

Bábinn

[31]

Ó Drottinn! Hjá þér leita ég athvarfs og sný hjarta mínu í átt til allra tákna þinna.

Ó Drottinn! Hvort sem ég er á ferðalagi eða heima við, í starfi mínu eða atvinnu, set ég allt traust mitt á þig.

Veit mér hjálp þína, sem ein nægir mér, svo að ég verði óháður

öllu sem er, ó þú sem ert óviðjafnanlegur í miskunnsemi þinni.

Úthluta mér mínum skerfi, ó Drottinn, að vild þinni, og gef að ég geri mér hvaðeina að góðu sem þú hefur ákvarðað mér.

Óskorað er vald þitt að skipa..

Bábinn

[32]

Í nafni Drottins þíns, yfirbjóðandans,
hans sem öllum nægir, hins upphafnasta,
hans sem allir leita hjálpar hjá.

Seg: Ó Guð minn! Ó þú sem ert smiður himnanna og jarðarinnar, ó Drottinn konungsríkisins! Þú þekkir gjörla leyndarmál hjarta míns, en verund þín er órannsakanleg öllum nema sjálfum þér. Þú sérð hvaðeina sem er af mér, og engum er það megnugt nema þér. Veit mér sakir náðar þinnar það sem gerir mig óháðan öllum nema þér. Gef að ég megi uppskera ábata lífs míns í þessum heimi og hinum næsta. Opna fyrir ásjónu minni hlið náðar þinnar og veit mér af mildi þinni blíða miskunn þína og gjafir.

Ó þú sem ert Drottinn nóg samlegrar náðar! Lát himneska hjálp þína umlykja alla þá sem elska þig, og gef okkur þær gjafir og hylli sem eru í eigu þinni. Ver okkur nægur umfram allt annað, fyrirgef syndir okkar og auðsýn okkur miskunn. Þú ert Drottinn okkar og Drottinn alls sem skapað er. Engan áköllum við nema þig og einskis förum við á leit nema hylli þinnar. Þú ert Drottinn ör lætis og náðar, ósigrandi í krafti þínum og fremstur allra í áformum þínum. Enginn er Guð nema þú, eigandi alls, hinn upphafnasti.

Veit blessanir þínar, ó Drottinn minn, boðberunum, hinum heilögu og réttlátu. Vissulega ert þú Guð, hinn óviðjafnanlegi, hinn al-knýjandi.

Bábinn

[33]

Vegsamaður og dýrlegur sért þú, ó Guð! Gef að sá dagur nálgist óðfluga, er við göngum í heilaga návist þína. Gleð hjörtu okkar með mætti ástar þinnar og velþóknunar og ger okkur staðfasta, svo að við gefum okkur fúslega undir þinn vilja og þína ákvörðun. Vissulega umlykur þekking þín allt, sem þú hefur skapað og munt skapa, og himneskur máttur þinn er ofar öllu, sem þú hefur kallað og munt kalla til lífs. Engan ber að tigna nema þig, engan ber að þrá nema þig, engan ber að tilbiðja nema þig og ekkert ber að elska nema velþóknun þína.

Vissulega ert þú hinn æðsti stjórnandi, hinn fullvalda sannleikur, hjálpin í nauðum, hinn sjálfumnógi.

Bábinn

[34]

Ó Drottinn! Þú ert sá sem fjarlægir alla angist og flæmir á braut sérhverja þrengingu. Þú ert sá sem gerir útlæga hverja sorg og leysir sérhvern bandingja, endurlausnari allra sálna. Ó Drottinn! Veit þú lausn þína sakir miskunnar þinnar og tel mig með þeim þjónum þínum sem hlotnast hefur frelsun.

Bábinn

[35]

Ég veit, ó Drottinn, að yfirsjónir mínar hafa hulið ásjónu mína smán í návist þinni og hafa íþyngt mér frammi fyrir þér, komið á milli mín og fagurrar ásýndar þinnar, umkringgt mig á alla vegu og aftrað mér frá að öðlast hlutdeild í opinberunum þíns himneska valds.

Ó Drottinn, ef þú fyrirgefur mér ekki, hver á þá að veita aflausn, og ef þú auðsýnir mér ekki miskunn, hver er það þá, sem

séð getur aumur á mér? Dýrð sé þér; þú skapaðir mig þegar ég var ekki og þú nærðir mig þegar ég var án skilnings. Lof sé þér; sérhver örlætisvottur framgengur frá þér og sérhvert tákn náðar kemur úr fjárhirslum ákvörðunar þinnar.

Bábinn

[36]

Ó Guð, Drottinn okkar! Vernda okkur sakir náðar þinnar gegn öllu, sem kann að vekja andúð þína, og veit okkur það, sem sæmir þér vel. Gef okkur enn ríflugar af örlæti þínu og blessa okkur. Fyrirgef okkur það sem við höfum gert, og hreinsa okkur af syndum okkar og veit okkur aflausn með mildri fyrirgefningu þinni. Sannlega ert þú hinn háleitasti, hinn sjálfumnógi.

Ástúðleg forsjón þín hefur umlukið allt sem skapað er á himnum og jörðu og fyrirgefning þín hefur yfirstigið alla sköpunina. Þitt er fullveldið, í höndum þínum eru ríki sköpunar og opinberunar; í hægri hendi þinni heldur þú öllu sem skapað er og í greip þinni eru deildir verðir fyrirgefningar. Þú fyrirgefur þeim af þjónum þínum, sem þér þóknast. Sannlega ert þú sá, sem ætíð fyrirgefur, sá sem allt elskar. Alls ekkert getur umflúið þekkingu þína og ekkert er þér dulið.

Ó Guð, Drottinn okkar! Vernda okkur með mætti afls þíns, ger okkur kleift að ganga inn í undursamlegt, svellandi úthaf þitt og veit okkur það, sem sæmir þér vel.

Þú ert æðsti stjórnandinn, gerandinn máttugi, hinn upphafni, sá sem allt elskar.

Bábinn

[37]

Ó Guð minn, ó Guð minn, ó Meistari minn. Ég bið þig að fyrirgefa mér eftirsókn allrar ánægju nema ástar þinnar, öll þæg-

indi nema návist þína, allan unað nema velþóknun þína, alla tilvist aðra en samneyti við þig.

Bábin

[38]

Er nokkur sá er firrir erfíðleikum nema Guð? Seg: lof sé Guði, hann er Guð! Allir eru þjónar hans og allir hlýða boðum hans.

Bábin

[39]

Ó þú Drottinn hins sýnilega og ósýnilega og sá, sem uppfræðir alla sköpunina. Ég sárbæni þig við yfirráð þín, sem hulin eru sjónum manna, að opinbera á alla vegu tákn þinna margföldu blessana og ummerki ástúðar þinnar, svo að ég megi rísa upp fagnandi og frá mér numinn og lofa undursamlegar dyggðir þínar, ó þú hinn miskunnsamasti, og hreyfa með nafni þínu við öllu sem skapað er og glæða svo eld lofgjörðar þinnar meðal skepna þinna, að gjörvallur alheimurinn megi fyllast birtunni frá ljósi dýrðar þinnar og öll veröldin upptendrist af eldi málstaðar þíns.

Vef því eigi saman, ó Drottinn minn, sem breitt hefur verið út í þínu nafni og slökk eigi lampann, sem þinn eigin eldur hefur tendrað. Meina ekki vatninu, sem er lífið sjálft, ó Drottinn minn, að streyma niður, en í klið þess má heyra hljómana undursamlegu, sem lofa þig og vegsama. Neita eigi heldur þjónum þínum um sætan ilminn af andblænum, sem bærst hefur vegna ástar þinnar. Þú sérð, ó þú, sem ert aldýrlegur ástvinur minn, eirðarlausar öldurnar, sem rísa á hafi hjarta míns, í ást minni og þrá eftir þér. Ég bið þig við tákn hátignar þinnar og vitnisburð yfirráða þinna, að yfirbuga þjóna þína með þessu nafni, sem þú hefur gert að konungi allra nafna í ríki sköp-

ÝMSAR BÆNIR

unar þinnar. Þú ert þess megnugur að ríkja að vild þinni. Enginn er Guð nema þú, hinn aldyrlegi, hinn gjafmildasti. Fyrirhuga þú ennfremur hverjum þeim, sem hefur leitað til þín, það sem gera mun hann svo staðfastan í málstað þínum, að hvorki fánýtir hugarórar hinna trúlausu meðal skepna þinna né ónytjumælgí hinna vegvilltu meðal þjóna þinna megni að útiloka hann frá þér. Þú ert í sannleika hjálpin í nauðum, hinn almáttugi og voldugasti.

Bahá'u'lláh

[40]

Seg: ó Guð, Guð minn! Krýn höfuð mitt kórónu réttlætisins og musteri mitt djásni sanngirninnar. Sannlega ert þú eigandi allra gjafa og gæsku.

Bahá'u'lláh

[41]

Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð minn, og endurnýja kyrrláta samvisku í mér, ó von mín. Staðfest mig með anda máttarins í málstað þínum, ó minn ástfólgni, og lýs mér veg þinn með ljósi dýrðar þinnar, ó takmark þrár minnar. Lyft mér upp til himins heilagleika þíns með afli yfirskilvitlegs máttar þíns, ó uppspretta verundar minnar, og gleð mig með andblæ eilífðar þinnar, ó þú sem ert Guð minn. Lát eilíf söngljóð þín færa mér ró, ó félagi minn, og lát ríkidæmi aldinnar ásýndar þinnar leysa mig frá öllu nema þér, ó meistari minn, og lát tíðindin um opinberun þíns ólýtanlega kjarna færa mér fögnuð, ó þú sem ert raunverulegastur alls hins raunverulega og huldastur alls hins hulda.

Bahá'u'lláh

[42]

Dýrlegur ert þú, ó Drottinn Guð minn! Ég flyt þér þökk fyrir að hafa vakið mig til lífs á dögum þínum og gætt mig ást þinni og þekkingu. Ég bið þig við nafn þitt sem úr fjárhirslum hjartna þeirra, er þjóna í návist þinni, hefur laðað fram töfrandi perlur visku þinnar og látið sól nafns þíns, hins vorkunnláta, úthella geislum sínum yfir alla sem eru á himni þínum og jörðu þinni, að veita mér af náð þinni og mildi huldar gjafir þínar og dásemdir.

Þetta eru fyrstu dagar lífs míns, ó Drottinn minn, sem þú hefur tengt þínum eigin dögum. Er þú nú hefur sæmt mig slíkri vegsemd hald þá eigi frá mér því sem þú hefur fyrirbúið þínum útvöldu.

Ég er, ó Guð, frækorn sem þú hefur sáð í akur ástar þinnar og látið vaxa með gjöfulli hendi. Sáðkorn þetta þyrstir því í djúpum verundar sinnar eftir regni miskunnar þinnar og lifandi uppsprettu náðar þinnar. Send því niður til þess frá himni elsku þinnar það sem gerir því kleift að blómgast í forsælu þinni, innan mæra hirðar þinnar. Þú ert sá sem vökvar hjörtu allra þeirra er borið hafa kennsl á þig af nægtabrunni þínum og lind lifandi vatna.

Lof sé Guði, Drottni allra veraldanna.

Bahá'u'lláh

[43]

Guð gefi að ljós einingarinnar megi umlykja alla jörðina og innsigliinu „Ríkið er Guðs“ megi verða þrýst á enni allra þjóða hennar.

Bahá'u'lláh

[44]

Tak ekki frá okkur, ó Drottinn, veisluföngin sem reidd hafa verið fram í þínu nafni og slökk eigi hinn brennandi loga sem kveiktur hefur verið með óslökkvandi eldi þínum. Hald eigi aftur af straumi lifandi vatna þinna sem kliða af söngvum dýrðar þinnar og minningar og swift þjóna þína ekki eiminum af sætri angan þinni sem dreifir ilmi ástar þinnar.

Drottinn! Snú þú þjakandi áhyggjum þinna heilögu í rósemi, erfiðleikum þeirra í þægindi, niðurlægingu þeirra í dýrð, sorg þeirra í sæluríkan fögnuð; ó þú sem hefur í greip þinni stjórnvöl alls mannkynsins.

Þú ert sannlega hinn eini, hinn einstæði, hinn máttugi, hinn alvísi, hinn alvitri.

Bahá'u'lláh

[45]

Gef mér að drekka af ilmsætum straumi eilífðar þinnar, ó Guð minn. Og ger mér fært að bragða á ávöxtunum á tré verundar þinnar, ó von mín. Leyf mér að teyga af kristaltærum lindum ástar þinnar, ó dýrð mín. Og leyf mér að hvílast í forsælunni af eilífri umhyggju þinni, ó ljós mitt. Leyf mér að reika á völlum návista við þig frammi fyrir augliti þínu, ó minn ástfólgni. Og set mig til hægri handar hásætis miskunnar þinnar, ó þrá mín. Lát leika um mig blæ af ilmsætum andvara fagnaðar þíns, ó takmark mitt. Og veit mér inngöngu á hæðir paradísar veruleika þíns, ó minn dáði. Leyf mér að hlýða á söngvana, sem dúfa einingar þinnar kurrar, ó þú hinn skínandi. Og lífga mig með anda valds þíns og máttar, ó forsjón mín. Ger mig staðfastan í anda ástar þinnar, ó hjálp mín. Og ger mig stöðugan á vegi velþóknunar þinnar, ó skapari minn. Lát mig dvelja að eilífu í garði ódauðleika þíns frammi fyrir ásýnd þinni, ó þú sem ert

mér miskunnsamur. Og staðfest mig í dýrðarsessi þínum, ó þú sem ert eigandi minn. Lyft mér upp til himins ástúðar þinnar, ó lífgjafi minn. Og leið mig til sólar handleiðslu þinnar, ó þú sem heillar mig. Kveð þú mig fram fyrir opinberun þíns ósýnilega anda, þú sem ert upphaf mitt og æðsta ósk. Og lát mig leita aftur til ilmkjarna feegurðar þinnar, sem þú munt birta, ó þú sem ert Guð minn.

Þú ert þess megnugur að gera það sem þér þóknast. Þú ert vissulega hinn háleitasti, hinn aldýrlegi, hinn alhæsti.

Bahá'u'lláh

[46]

Drottinn! Aumkunarverð erum við, veit okkur hylli þína; fátæk, gef okkur hlutdeild í úthafi auðæfa þinna; þurfandi, uppfyll þarfir okkar; niðurlægð, veit okkur dýrð þína. Fuglar himinsins og dýr merkurinnar fá fæðu sína dag hvern frá þér og allar verur njóta umhyggju þinnar og ástúðar. Svift eigi þennan smælingja undursamlegri náð þinni og veit sakir máttar þíns þessari hjálparvana sál hylli þína.

Gef okkur daglegt brauð og aukið lífsviðurværi, svo að við megum vera óháð öllum nema þér, getum samneytt þér einum, gengið þína vegu og kunnert leyndardóma þína. Þú ert hinn almáttugi og ástríki og forsjá alls mannkyns.

'Abdu'l-Bahá

[47]

Ó Drottinn, Guð minn! Hjálpa þínum elskuðu að vera stöðugir í trú þinni, ganga vegu þína og vera staðfastir í málstað þínum. Veit þeim náð til að standast atlægur sjálfs og ástríðna, að fylgja ljósi himneskrar leiðsagnar. Þú ert hinn völdugi, hinn náðugi, hinn sjálfumnógi, gjafarinn, hinn vorkunnlátí og almáttugi, sá sem allt gefur.

‘Abdu’l-Bahá

[48]

Ó Drottinn! Opna þú dyrnar, sjá fyrir tækifærum, ger veginn greiðan og leiðina óhulta, svo að við megum verða leidd til þeirra sálna sem í hjarta sínu eru búnar undir málstaðinn, og þær megi verða leiddar til okkar. Vissulega ert þú hinn miskunnsami, hinn örlátasti, hinn almáttugi.

‘Abdu’l-Bahá

[49]

Í nafni Guðs, hins hæsta! Vegsamaður og dýrlegur sért þú, Drottinn, Guð alvaldur. Andspænis visku þinni fallast hinum vitru hendur, frammi fyrir þekkingu þinni játa hinir lærðu fáfræði sína, gagnvart mætti þínum verða hinir sterku vanmegna, gegnt auðlegð þinni bera hinir ríku vitni fátækt sinni, frammi fyrir ljósi þínu tynast hinir upplýstu í myrkri, í átt til helgireits þekkingar þinnar snýr kjarni alls skilnings og um griðastað návistar þinnar hringsóla sálir alls mannkyns.

Hvernig get ég þá sungið og sagt frá kjarna þínum, sem viska hinna vitru og lærdómur hinna lærðu getur eigi skilið, því að enginn maður getur vegsamað það, sem hann eigi skilur, né skýrt frá því sem hann eigi fær höndlað, en þú hefur aftur á

móti verið hinn ótilkvæmilegi, hinn órannsakanlegi. Þótt mig skorti mátt til að rísa til himins dýrðar þinnar og svífa í ríkjum þekkingar þinnar, get ég aðeins sagt frá táknum þínum, sem eru talandi vottur um dýrlegt handarverk þitt.

Við dýrð þína! Ó ástvinur allra hjartna, þú sem einn getur lin-að sársauka þrárinnar eftir þér! Þótt allir íbúar himins og jarðar sameinuðust til að gera dýrlegt hið minnsta af táknum þínum, þar sem þú opinberar sjálfan þig, myndi þeim samt ekki takast það, hversu miklu síður lofa þitt heilaga orð, skapara allra tákna þinna.

Allt lof og dýrð sé þér, ó þú, sem allt sem skapað er vitnar um, að ert einn, að enginn er Guð nema þú, upphafinn frá eilífu yfir allan samiburð eða líkingu og verður það áfram að eilífu. Allir konungar eru aðeins þjónar þínar og allar verur, sýnilegar og ósýnilegar, eru sem ekkert frammi fyrir þér. Enginn er Guð nema þú, hinn náðugi og voldugi, hinn hæsti.

Bahá'u'lláh

Ūr ritum Bābsins



[50]

Hvenær sem hinir trúföstu heyra ritningarvers þessarar Bókar upplesin, flóa augu þeirra í tárur og hjörtu þeirra verða djúpt snortin sakir ástarinnar sem þeir bera til Guðs, hins al-vegsamaða. Hann er Guð sem allt þekkir, hinn eilífi. Þeir eru að sönnu íbúar hinnar alhæstu paradísar, þar sem þeir munu dvelja um eilífð. Sannlega líta þeir ekkert þar nema það sem komið er frá Guði — ekkert sem liggur utan skilnings þeirra. Þar munu þeir fyrirhitta átrúendurna í Paradís sem munu ávarpa þá og orðin „friður, friður“ dvelja á vörum þeirra.

Ó hersing hinna trúföstu! Hneigið eyru yðar að máli mínu sem kunnert er af þessari minningu Guðs. Sannlega hefur Guð sýnt mér, að vegur minningarinnar sem markaður er af mér, er í sannleika hinn beini vegur Guðs og að sá sem játar einhver önnur trúarbrögð en þessa heiðvirðu Trú, muni uppgötva, þegar hann er krafinn reikningsskila á degi dómsins, að svo sem skráð er á Bókina hefur hann engan ávinning uppskorið af trúarbrögðum Guðs.

[51]

Ó þér þjóðir jarðarinnar! Við réttvísi Guðs, hins sanna: vitnisburðurinn sem staðfestur er af minningu hans, er eins og sólin sem hönd hins miskunnsama Drottins hefur hafið hátt upp í mitt hjarta himinsins, þaðan sem hún skín í fyllingu hádegisljóma síns . . .

Við sérhvern spámann sem vér höfum sent niður á umliðnum öldum, höfum vér gert sérstakan sáttmála sem lýtur að minningu Guðs og degi hans. Augljós er minning Guðs og dagur hans, í ríki dýrðar og með mætti sannleikans, frammi fyrir augliti englanna sem sveima um náðarhásæti hans.

[52]

Betra er að leiðbeina einni sálu en að eiga allt sem er á jörðu, því svo lengi sem hin leidda sál er í forsælunni af meiði guðdómlegrar einingar, mun hún og sá sem leiddi hana verða aðnjótandi blíðrar miskunnar Guðs, en jarðnesk eign líður aftur á móti undir lok við dauðann. Vegurinn til leiðsagnar er vegur ástar og samúðar, ekki valdbeitingar eða þvingunar. Þessi hefur aðferð Guðs verið í fortíðinni og mun vera það áfram í framtíðinni. Hann lætur þann sem honum þóknast, ganga inn í forsælu náðar sinnar. Vissulega er hann verndarinn, hinn æðsti, hinn algjöfuli.

[53]

Vegsama Guð með þeim hætti, að þótt vegsömun þín leiði þig í eldinn, muni engin breyting verða á henni, og eins þótt paradís verði umbun þín. Þannig og ekki öðruvísi skyldi sú lofgjörð vera sem hæfir hinum eina sanna Guði. Ef þú lofaðir hann fyrir ótta sakir, væri það ósæmilegt í helgaðri hirð návistar hans og eigi væri hægt að skoða slíka gerð frá þinni hendi sem helgaða einingu verundar hans. Og ef augu þín beinast að paradís og þú tignaðir hann með ósk um hana í hjarta þínu, mundir þú gera sköpun Guðs jafna honum sjálfum, þrátt fyrir þá staðreynd, að paradís er keppikefli manna.

Eldur og paradís mundu lúta lágt og varpa sér flötum frammi fyrir Guði. Það sem verðugt er kjarna hans er að tigna hann sakir hans sjálfs, án ótta við eldinn og án vonar um paradís.

Þótt tilbiðjandinn sé leystur frá eldinum, þegar sönn veg sömun er flutt, og hann gangi inn í paradís velþóknunar Guðs, þá ætti það ekki að vera tilgangurinn með athöfn hans. Samt streymir hylli Guðs og náð hans ætíð fram í samhljóðan við kröfur órannsakanlegrar visku hans.

Þóknanlegasta bænin er sú sem beðin er með fullkomnustum andlegleika og geislan; framlenging hennar hefur ekki verið og er ekki elskuð af Guði. Því andlega frjálsari og hreinni sem bænin er, þeim mun þóknanlegri er hún í návist Guðs.

[54]

Engin paradís er upphafnari, að mati þeirra sem trúá á himneska einingu, en sú að hlýðnast boðum Guðs, og enginn eldur er heitari í augum þeirra sem þekkt hafa Guð og tákn hans, en að brjóta gegn lögum hans og kúga aðra sál, jafnvel þótt ekki sé í meira mæli en sem nemur mustarðskorni. Á degi upprisunnar mun Guð í sannleika dæma alla menn og vissulega biðjum við öll um náð hans.

[55]

Þér vinnið verk yðar frá öndverðum dögum lífs yðar til loka þess sakir Guðs; samt er engin athöfn yðar unnin sakir hans sem er opinberandi Guðs og sem veitir viðtöku sérhverri góðri gerð. Hefði hegðun yðar verið þannig varið, munduð þér eigi hafa þjáðst svo mjög á degi upprisunnar.

Sjá hversu völdugur málstaðurinn er og hversu mennirnir eru eftir sem áður hjúpaðir blæjum. Ég sver við helgaðan kjarna Guðs, að sérhver sönn lofgjörð og sérhvert góðverk sem fært er Guði, er eigi annað en lofgjörð og verk sem færð eru honum sem Guð mun birta.

Blekkid eigi sjálfa yður, að þér séd dyggðugir sakir Guðs, þegar þér eruð það ekki. Því ef þér í sannleika vinnið verk yðar sakir Guðs, munduð þér vinna þau sakir hans sem Guð mun birta, og mikla nafn hans. Íbúarnir á þessu fjalli sem rúnir eru sönnnum skilningi, mæla án afláts orðin: „Enginn er Guð nema Guð,“ en hvaða ávinning hafa þeir af því? Hugleiðið um stund,

svo að þér megid ekki líkt og með blæju vera huldur honum sem er ároði opinberunarinnar.

[56]

Guð hefur ætíð og undir öllum kringumstæðum verið fullkomlega óháður skepnum sínum. Hann elur og hefur ætíð alið í brjósti þá ósk, að allir menn megi hljóta inngöngu í garða paradísar hans í fullkornustu ást, til þess að enginn megi valda öðrum hryggð, ekki einu sinni eitt andartak, og að allir megi una í skauti verndar hans og öryggis allt fram til upprisudagsins sem er tíð opinberunar hans sem Guð mun birta.

Drottinn alheimsins hefur aldrei reist upp spámann né sent niður bók, að hann hafi eigi stofnfest sáttmála sinn við alla menn, kallað þá til viðurkenningar á næstu opinberun og næstu bók; því að úthelling örlætis hans er þrotlaus og tekur engan endi.

[57]

Hversu fjölmennur er eigi hópur þeirra sem vel eru að sér í öllum vísindum, samt er það fastheldni þeirra við heilagt orð Guðs sem skera mun úr um trú þeirra, því að ávöxtur sérhverrar vísindagreinar er eigi annað en þekking á himneskum boðorðum og undirgefni undir velþóknun hans.

[58]

Þar eð allir menn eru runnir undan skugganum af táknum guddómleika hans og yfirráða, hneigjast þeir ætíð til þess að feta leið sem er háleit og upphafin. Og vegna þess að þá skortir skilningsríkt auga til að þekkja sinn elskaða, bregðast þeir þeirri skyldu sinni að sýna honum auðmýkt og auðsveipni. Engu að

síður, frá öndverðum dögum lífs þeirra til loka þess, tigna þeir Guð í samhljóðan við þau lög sem grundvölluð voru í undan-gengnum trúarbrögðum, vegsama hann í guðrækni, knékrjúpa guðdómlegum veruleika hans og sýna upphöfnum kjarna hans undirgefni. En á stundu opinberunarinnar beina þeir allir augum sínum að sjálfum sér og eru þannig útilokaðir frá honum, því að í blekking sinni halda þeir, að hann líkist þeim sjálfum. Fjarri sé slíkur samanburður dýrð Guðs. Sannlega líkist sú tigna verund hinni efnislegu sól, ritningarvers hans eru eins og geislararnir og allir átrúendurnir, ef þeir í sannleika trú á hann, eru eins og speglar sem endurvarpa sólarljósinu. Ljós þeirra er því aðeins endurkast.

[59]

Það er við hæfi, að aflokinni hverri bæn, að þjónninn biðji Guð þess að auðsýna foreldrum sínum náð og fyrirgefningu. Að því búnu mun Guð hefja upp rödd sína: „Þúsundföld og aftur þúsundföld mun umbun þín verða af því sem þú baðst um.“ Sæll er sá sem minnst foreldra sinna, er hann samneytir Guði. Vissulega er enginn Guð nema hann, hinn máttugi, hinn ástfólgni.

[60]

Þú hefur spurt um undirstöðuatriði trúarbragðanna og fyrir-mæli þeirra. Vit, að þekkingin á Guði hefur fremstan sess í trúarbrögðunum. Hún nær fyllingu sinni í viðurkenningu á guðdómlegri einingu hans sem að sínu leyti nær fyllingu sinni í þeirri yfirlýsingu, að heilagur og upphafinn griðastaður hans, veldisstóll yfirskilvitlegrar hátignar hans, er helgaður frá öllum eigindum. Og vit, að í þessum tilvistarheimi verður aldrei hægt að öðlast þekkingu á Guði nema fyrir þekkingu á honum sem er dagselding guðdómlegs veruleika.

[61]

Varpa af þér öllum fjötrum nema þeim sem hlekkja þig Guði, auðga sjálfan þig í Guði með því að hafna öllu nema honum og les þessa bæn:

Seg: Guð nægir öllu frammar öllu og ekkert á himnum né jörðu né þar í milli nægir nema Guð, Drottinn þinn. Vissulega er hann í sjálfum sér þekkjandinn, gefandinn, hinn almáttugi.

Skoða ekki alltnægjandi afl Guðs sem fányta blekkingu. Það er sú ósvikna trú sem þú hefur á opinberanda Guðs í sérhverri trúarútdeilingu. Það er sú trú sem nægir frammar öllu sem er á jörðu, þar sem aftur á móti ekkert sem skapað er á jörðunni, mun nægja þér nema trúin. Værir þú ekki átrúandi, mundi meiður himnesks sannleika dæma þig til útslokknunar. Ef þú ert átrúandi, mun trú þín nægja þér frammar öllu sem er á jörðu, jafnvel þótt þú eigir ekkert.

[62]

Ritað stendur í arfsögn, að af allri hersing kristinna manna hafi eigi fleiri en sjötíu tekið trú postula Guðs (Múhammeds). Sök-in fellur á fræðimenn þeirra, því hefðu þeir trúað mundi allur þorri samlanda þeirra hafa fylgt þeim eftir. Lít því á það sem gerst hefur! Lærdómsmenn kristnidómsins eru taldir lærðir í krafti þeirrar varðstöðu sem þeir standa um kenningu Krists, og hugleiðið hvernig þeir samt sem áður urðu þess valdandi, að mennirnir létu undir höfuð leggjast að viðurkenna Trúna og öðlast hjálpræði! Óskar þú þess ennþá að feta í fótspor þeirra? Fylgjendur Jesú beygðu sig fyrir klerkum sínum til þess að bjargast á degi upprisunnar og afleiðingin af þeirri fylgispekt varð sú, að þeir gengu í eldinn, og á þeim degi, er postuli Guðs birtist, byrgðu þeir sig fyrir viðurkenningu á upp-hafinni pesónu hans. Óskar þú að fylgja slíkum guðsmönnum?

Nei sem Guð lifir, ver þú hvorki guðsmaður án skilnings né fylgjandi án skilnings, því hvorirtveggja munu tortímast á degi upprisunnar. Fremur sæmir það þér að vera skilningsríkur guðsmaður og ganga með innsæi á vegum Guðs með því að hlýða sönnum leiðtoga trúarinnar.

Með sérhverri þjóð sérð þú ótalda andlega leiðtoga sem skortir sannan skilning og meðal sérhverrar kynkvíslar fyrirhittir þú fjölda áhangenda sem sneyddir eru sömu einkennum. Hugleið um stund í hjarta þínu og sjá aumur á sjálfum þér og snú eigi athygli þinni frá sönnunum og vitnisburði. En leita þú eigi sannana og vitnisburðar samkvæmt þínum eigin ímyndunum; reis þess í stað sannanir þínar á því sem Guð hefur ákvarðað. Vit auk heldur, að hvorki það að vera lærdómsmaður né að vera fylgjandi er í sjálfu sér uppspretta sæmdar. Ef þú ert lærdómsmaður, verður þekking þín sæmd, og ef þú ert fylgjandi, verður hlýðni þín við forystu sæmd, svo fremi þetta sé samhljóða velþóknun Guðs. Og varast að líta á velþóknun Guðs sem fánýta blekkingu; hún jafngildir velþóknun boðbera hans. Huga að fylgjendum Jesú. Þeir leituðu ákaft eftir velþóknun Guðs, samt öðlast enginn þeirra velþóknun postula hans sem jafngildir velþóknun Guðs, nema þeir sem tóku trú hans.

[63]

Seg: Guð er Drottinn og allir tilbiðja hann.

Seg: Guð er hinn sanni og allir votta honum lotningu.

Þetta er Guð, Drottinn yðar, og til hans munuð þér aftur snúa.

Leikur nokkur vafi á Guði? Hann hefur skapað yður og alla hluti. Hann er Drottinn allra veraldanna.

[64]

Allir menn hafa komið frá Guði og til hans munu þeir allir aftur hverfa. Allir munu birtast frammi fyrir honum til dóms. Hann er Drottinn upprisudagsins, endurnýjunar og reikningsskila, og opinberað orð hans er mælikvarðinn.

Sannur dauði er þegar maður deyr sjálfum sér á tíma opinberunar hans með þeim hætti, að hann leitar einskis nema hans.

Sönn upprisa úr gröfunum merkir endurlífgun í samhljóðan við vilja hans, fyrir vald máls hans.

Paradís er að öðlast velpóknun hans og eilífur helvítiseldur er dómur réttlætis hans.

Sá dagur, er hann opinberar sjálfan sig, er upprisudagurinn sem mun standa jafn lengi og hann ákvarðar.

Allt tilheyrir honum og er mótað af honum. Allt annað en hann er sköpun hans.

[65]

Guð ber því vitni, að enginn er Guð nema hann, hinn almáttugi, hinn ástfólgni.

Festið auglit yðar á honum sem Guð mun birta á degi upprisunnar, trúið síðan staðfastlega á það sem sent er niður af honum.

Seg: Guð vinnur óumdeildan sigur yfir sérhverjum sigurherra. Enginn er sá á jörðu né himni eða þar á milli sem aftrað gæti yfirskilvitlegum herradómi sigurs hans. Hann kallar til lífs það sem honum þóknast með getu ákvörðunar sinnar. Vissulega er Guð völdugasti viðhaldandinn, hjálpin og verjandinn.

[66]

Verið sem sannir bræður í einni og óaðgreinanlegri trú Guðs, lausir við aðgreiningu, því sannlega þráir Guð að hjörtu yðar

verði eins og speglar fyrir bræður yðar í trúnni svo að þér sjáið spegilmynd yðar í þeim og þeir í yður. Þetta er hinn sanni vegur Guðs, hins almáttuga, og hann vakir vissulega yfir gerðum yðar.

[67]

Hann er Guð, valdhafinn hæsti, sannleikurinn æðsti, sá sem allir leita til um hjálp.

Dýrlegur er hann sem ríki himnanna og jarðarinnar lúta sem heldur í greip sinni konungdæmi allra skapaðra hluta og sem allir munu snúa sér til. Hann er sá sem ákvarðar mælistikuna sem lögð er á alla hluti, og opinberar góðar gjafir sínar og blessanir í heilagri Bók sinni til gagns fyrir þá sem færa þakkir fyrir málstað hans.

Ség, þetta jarðneska líf mun líða undir lok og allir deyja og hverfa aftur til Drottins Guðs míns sem með hinum ágætustu gjöfum mun umbuna þeim sem þolugir þreyja. Vissulega setur Guð þinn öllum hlutum mælikvarða samkvæmt þóknun sinni, í krafti skipunar sinnar; og þeir sem gefa sig undir velþóknun Guðs teljast að sönnu til hinna sælu.

Drottinn þinn hefur aldrei reist upp spámann til forna sem léti undir höfuð leggjast að kalla fólkið til Drottins síns, og þessi dagur er sannlega líkur þeim dögum, ef þér hugleidduð þær ritningargreinar sem opinberaðar eru af Guði.

Þann dag sem Guð sendi spámann sinn, Múhammed, var endir hinnar spámannlegu hringrásar forákvarðaður. Já, það fyrirheit hefur að sönnu verið efnt og ákvörðun Guðs verið til vegar komið eins og hann áformaði.

Vissulega lifum við nú á dögum Guðs. Þessir eru þeir dýrlegu dagar sem eiga sér enga hliðstæðu í fortíðinni. Þessir eru þeir dagar sem fólk á umliðnum öldum beið í óþreyju. Hvað hefur þá gerst, að þér séuð í fastasvefni? Þessir eru þeir dagar,

þegar Guð hefur látið dagstjórnun sannleikans ljóma geislandi. Hversvegna eruð þér þá þöglir? Þessir eru hinir fyrirheitnu dagar sem þér á umliðnum tímum hafa beðið eftir löngunarfullir — þeir dagar, er guðdómlegt réttlæti fer í hönd. Færið Guði þakkir, ó þér hersing hinna trúuðu.

Látið eigi gerðir þeirra sem afneita sannleikanum, verða eins og blæjur fyrir augum yðar. Slíkt fólk hefur aðeins vald á lík-öllum yðar, en Guð hefur ekki gefið þeim vald á anda yðar, sálum og hjörtum. Óttist Guð til þess að yður megi vel farnast. Allir hlutir hafa verið skapaðir yðar vegna og einskis annars vegna hefur sköpunin verið áformuð. Óttist Guð og varist, að form og umbúðir aftri yður frá því að viðurkenna hann. Færið Guði þakkir yðar, að hann megi auðsýna yður miskunn.

Þetta dauðlega líf mun vissulega hverfa; unaðsefni þess munu líða undir lok og áður en langt um líður munuð þér hverfa til Guðs, kvaldir iðrun, því brátt munuð þér verða reistir úr móki yðar og innan tíðar munuð þér koma í návist Guðs og verða spurðir gerða yðar.

Seg, hvernig dirfist þér óskammfeilið að hafna ritningargreinunum sem opinberaðar voru til forna? Hví neitið þér fundi yðar með Guði sem yður var ákvarðaður fyrr á tímum, og bregðist því að hlýða varnaðarorðum hans á þessum degi? Sannlega, með því að vera fastheldnir á form og láta leiðast af eigingjörnum ástríðum yðar, hafið þér swift yður velþóknun Guðs yðar, allir nema þeir sem Guð hefur innblásið þekkingu, og sem á þessum degi flytja honum þakkir fyrir þá hylli að mega samþýðast sannri trú Guðs. Kunngerðið því boðskapinn þeim sem eru dyggðugir og kennið þeim vegu hins eina sanna Guðs, svo þeir megi öðlast skilning.

Leyf eigi tungu þinni að mæla það sem gæti hryggt þig og bið Guð um miskunn. Vissulega þekkir hann fullvel þá réttlátu, því hann er hjá þeim þjónum sínum sem í sannleika trú á hann, og honum er ekki ókunnugt um gerðir illvirkjanna, því

ÚR RITUM BÁBSINS

ekkert á himnum né jörðu getur umflúið þekkingu hans.

Þessi ritningarorð, skýr og afdráttarlaus, eru tákni miskunnar Guðs þíns og uppspretta leiðsagnar öllu mannkyni. Þau eru ljós þeim sem á þau trúá, og kvalafullur eldur þeim sem snúa frá og afneita þeim.

Ūr ritum Bahá'u'lláh



[68]

Sannlega segi ég, þetta er dagurinn þegar mannkynið getur litið ásjónu og heyrst raust hins fyrirheitna. Kall Guðs hefur hljómað og ljós ásýndar hans hefur runnið upp yfir mennina. Það sæmir sérhverjum manni að afmá sérhvern vott ónytjuorða af töflu hjarta síns og horfa með opnum og fordómalausum huga á tákni opinberunar hans, sannindamerkin um ætlunarverk hans og kennimerki dýrðar hans.

[69]

Ó, þér mannanna börn! Grundvallarásætningur trúar Guðs og trúarbragða hans er að vernda hag, stuðla að einingu og uppfóstra anda ástar og bræðralags meðal manna. Gerið hana ekki að átyllu sundurþykkis og misklíðar, haturs og fjandskapar. Þetta er vegurinn beini, undirstaðan traust og óbifanleg. Breytingar og byltingar heimsins geta aldrei veikt neitt sem reist er á þessum grundvelli og umbrot árþúsunda ekki grafið undan stoðum þess.

[70]

Ó, stríðandi þjóðir og ættkvíslir jarðarinnar! Snúið ásjónum yðar að einingunni og látið ljós hennar skína á yður. Safnist saman og fastráðið sakir Guðs að uppræta hvaðeina, sem veldur misklíð yðar í milli. Þá mun ljós hinnar völdugu sólar heimsins umvefja alla jörðina og íbúar hennar verða íbúar einnar borgar og sitja á einum og sama veldisstól. Hinn rangtleikni hefur frá öndverðum dögum sínum ekki óskað neins annars en þessa og mun framvegis ekki ala neina aðra ósk í

brjósti. Enginn vafi getur leikið á því að þjóðir jarðarinnar, hvaða kynþætti eða trúarbrögðum sem þær tilheyra, fá innblástur sinn frá einni himneskri uppsprettu og eru þegnar eins Guðs. Munurinn á þeim lagaákvæðum, sem þær búa við, orsakast af mismunandi þörfum og knýjandi nauðsyn þeirra tíma, er þau voru opinberuð. Öll voru þau ákvörðuð af Guði og endurspegla vilja hans og ásetning, nema fáein sem eru afurð mannlegra rangfærslna. Rísið upp, vopnist krafti trúarinnar og sundurmolið guði fánýtra ímyndana yðar, sáðmenn hatursins á meðal yðar. Sýnið stöðuglyndi í því sem færir yður nær hver öðrum og sameinar yður. Þetta er vissulega háleitasta orðið sem móðurbókin hefur sent niður og opinberað yður. Þessu ber vitni rödd tignarinnar frá híbýlum dýrðar sinnar.

[71]

Hvenær sem lög mín birtast eins og sólin á himni máls míns verða allir að hlýðnast þeim staðfastlega, jafnvel þótt ákvörðun mín sé slík, að hún kljúfi himin sérhverra trúarbragða. Hann gerir það sem honum þóknast. Hann velur og enginn getur dregið val hans í efa. Hvað sem hann, hinn ástfólgni, ákvarðar, það er í sannleika ástfólgið. Þessu ber hann mér vitni, sem er Drottinn sköpunarinnar. Hver sem fundið hefur ljúfa angan hins almiskunnsama og borið kennsl á uppsprettu þessara orða, mun með sínum eigin augum bjóða spjót óvinarins velkomin, til þess að hann geti grundvallað sannleika laga Guðs meðal manna. Heill þeim sem hefur snúið sér til hans og skilið merkingu bindandi fyrir mæla hans.

[72]

Sökkvið yður í úthaf orða minna, svo að þér megið afhjúpa leyndardóm þeirra og uppgötva allar perlur viskunnar, sem liggja fólgn-

ar í djúpum þess. Varist að hvika í ásetningi yðar að játast sannleika þessa málstaðar. Sakir hans hefur máttur hins guðdómlega valds verið opinberaður og yfirráð hans grundvölluð. Hraðið yður til hans með andlitin skínandi af fögnuði. Þetta er óbreytanleg trú Guðs, eilíf í fortíðinni, eilíf í framtíðinni. Sá sem leitar hennar, hann finni; og hvað þann varðar, sem neitar að leita hennar sannlega er Guð sjálfum sér nógur, ofar öllum þörfum skepna sinna.

Seg: Þetta er hin óskekula vog, sem Guð heldur í hendi sér. Á henni verða allir á himnum og jörðu vegnir og örlög þeirra metin, ef þér teljist til þeirra sem trúa og þekkja þennan sannleika. Seg: Sakir hennar hafa hinir snauðu verið auðgaðir, hinir lærðu upplýstir og leitendunum gert kleift að ganga í návist Guðs. Varist að gera hana að miskliðarefni. Verið jafn óhaggandi og fjallið í málstað Drottins yðar, hins máttuga og ástríka.

[73]

Græðarinn gjörþekkjandi hefur fingur sinn á slagæð mannkynsins. Hann skilgreinir sjúkdóminn og bendir í óskekulli visku sinni á læknislyfið. Sérhver öld glímur við sinn eigin vanda og sérhver sál á sínar sérstöku langanir. Lyfið, sem heimurinn þarfnast nú í þrengingum sínum, getur aldrei verið hið sama og það sem næsta öld þarf á að halda. Sinnið til fulls þörfum þeirrar aldar, sem þér lifið á, og beinið athygli yðar að nauðþurftum hennar og kröfum.

Vér skynjum glöggst hvernig miklar og ómældar hörmungar steðja að öllu mannkyni. Vér sjáum það tærast upp á sjúkrabeði sínum, þjakað og vonsvikið. Þeir sem hafa ölvað sig drambi koma á milli þess og hins himneska, óskekula græðara. Sjáið hvernig þeir hafa flækt sjálfa sig og alla aðra í net vélráða sinna. Þeir geta hvorki greint orsakir sjúkdómsins né hafa þeir nokkra þekkingu á lyfinu. Hið beina telja þeir bogið og vin sinn fjandmann.

Hneiðið eyru yðar að ljúfum söng þessa fanga. Rísið og hefjið upp raddir yðar svo að þeir sem eru í fastasvefni megi vakna. Seg: Ó þér, sem eruð sem dauðir! Hönd himneskrar gjafmildi býður yður vatn lífsins. Hafið hraðann á og drekkið nægju yðar. Hver sem hefur endurfæðst á þessum degi mun aldrei deyja; hver sem áfram er andvana mun aldrei lifa.

[74]

Opinberunin sem frá ómunatíð hefur verið yfirlýstur tilgangur og fyrirheit allra spámannanna Guðs og heitasta ósk boðbera hans, hefur nú verið birt mönnum með alltumlykjandi vilja hins almáttuga Guðs og ómótstæðilegri ráðsályktun hans. Uppfylling slíkrar opinberunar hefur verið kunngerð í öllum helgiritunum. Sjá hversu mannkynið hefur, þrátt fyrir slíka boðun, villst af vegi hennar og hulið sig fyrir dýrð hennar.

Seg: Ó þér, sem elskið hinn eina og sanna Guð! Sýnið viðleitni, að þér megið í sannleika bera kennsl á hann og öðlast þekkingu á honum og hlýða boðum hans af trúmennsku. Slík er þessi opinberun, að leggi maður einn blóðdropa í sölurnar sakir hennar, munu ógrynni úthafa verða endurgjald hans. Varist, ó vinir, að varpa frá yður svo ómetanlegri gjöf eða lítilsvirða yfirskilvitlega stöðu hennar. Leiðið hugann að þeim fjölda mannlífa sem fórnað hefur verið og enn er fórnað í heimi ærðum af vofu einberri, sem hégómlegar ímyndanir þjóða hans hafa vakið upp. Færið Guði þakkar, því að þér hafið fengið ósk hjartna yðar uppfyllta og sameinast honum, sem er fyrirheit allra þjóða. Standið vörð um flekkleysi þeirrar stöðu, sem þér hafið hlotið með hjálp hins eina sanna Guðs mikluð sé dýrð hans og fylgið því staðfastlega sem hjálpar málstað hans. Hann brýnir vissulega fyrir yður það sem rétt er og stuðlar að því að upphefja stöðu mannsins. Vegsamaður sé hinn almiskunnsami, opinberandi þessarar undursamlegu töflu.

[75]

Ver örlátur í velgengni og þakklátur í mótlæti. Ver verðugur trausts náunga þíns og lít á hann með björtu og vingjarnlegu andliti. Ver fjársjóður hinum snauðu, áminning hinum ríku, svar við hrópi hins þurfandi; varðveit helgi heits þíns. Ver réttlátur í dómum þínum og varkár í máli þínu. Beit engan rangindum og sýndu öllum mönnum auðmýkt. Ver lampi þeim, sem í myrkrinu ganga, fögnuður hinum syrgjandi, haf hinum þyrstu, vin hinum hryggju, verjandi og skjól fórnarlambi kúgunarinnar. Lát heiðarleik og trúmennsku einkenna allar gerðir þínar. Ver hæli hinum ókunna, smyrsl þeim er þjáist, óvinnandi virki flóttamanninum. Ver augu hinum blinda og leiðarljós þeim, sem fer villur vegar. Ver djásn á ásýnd sannleikans, kóróna á enni trúmennskunnar, stólpi musteri réttlætisins, lífsandi líkama mannkynsins, tákni herskara réttvísinnar, skínandi hnöttur yfir sjónbaug dyggðarinnar, döggi jarðvegi mannhjartans, örku á hafi þekkingarinnar, sól á himni örlætisins, gimsteinn í festi viskunnar, skínandi ljós á festingu kynslóðar þinnar, ávöxtur á tré auðmýktarinnar.

[76]

Það er ósk vor og þrá, að hver og einn yðar megi verða mönnum uppspretta alls góðs og fordæmi hreinlyndis öllu mannkyni. Varist að taka sjálfa yður fram yfir náunga yðar. Festið sjónir yðar á honum, sem er musteri Guðs meðal manna. Hann hefur að sönnu látið líf sitt í sölurnar til þess að endurleypa heiminn. Hann er vissulega hinn algjöfulegi og miskunnsami, hinn hæsti. Skyldi ágreiningur rísa upp á meðal yðar, lítið mig standa frammi fyrir yður og skeytið engu um ávirðingar hvers annars sakir nafns míns og sem tákni um ást yðar á opinberuðum og skínandi málstað mínum. Oss er það kært, að sjá yður ávallt samneyta hver öðrum í eindrægni og samstillingu innan paradísar velþóknunar

minnar og finna ilminn af vináttu yðar og einingu, ástríki og bróðerni. Þannig ræður yður hinn alvísi og trúfasti. Vér munum ætíð vera hjá yður; ef vér finnum ilminn af bræðralagi yðar mun hjarta vort vissulega fagna því að ekkert annað getur fullnægt oss. Þessu bera vitni allir sem hafa sannan skilning.

[77]

Úr Huldum orðum

Ó, SONUR ANDANS!

Fyrsta ráð mitt er þetta. Eig þú hreint, gæskuríkt og geislandi hjarta, svo að þitt megi verða ríkið, fornt, eilíft og óforgengi-legt.

Ó, SONUR ANDANS!

Kærast alls fyrir augliti mínu er réttlætið. Hverf ekki frá því ef þú þráir mig og vanræk það eigi til þess að ég megi gera þig að trúnaðarmanni mínum. Með fulltingi þess munt þú sjá með þínum eigin augum, en ekki augum annarra, og þekkja af þinni eigin þekkingu, en ekki þekkingu náunga þíns. Hugleið í hjarta þínu, hvernig þér sæmir að vera. Vissulega er réttlætið gjöf mín til þín og tákni ástúðar minnar. Leið þér það fyrir sjónir.

Ó, MANNSSONUR!

Hjúpaður ómunaverund minni og í aldinni eilífð kjarna míns, þekkti ég ást mína á þér, því skóp ég þig, greypti á þig ímynd mína og birti þér fegurð mína.

Ó, VERUNDARSONUR!

Elska mig, svo að ég megi elska þig. Ef þú elskar mig ekki getur ást mín á engan hátt náð til þín. Vit þetta, ó þjónn.

ÚR RITUM BÁHÁ'U'LLÁH

Ó, MANSSONUR!

Ef þú elskar mig, snú baki við sjálfum þér, og ef þú sækist eftir velþóknun minni, hugsa ekki um þína eigin, svo að þú megir deyja í mér og ég megi að eilífu lifa í þér.

Ó, SONUR ANDANS!

Enginn friður er þér búinn nema þú afneitir sjálfum þér og snúir til mín, því það sæmir þér að miklast af mínu nafni, en ekki þínu eigin, að setja traust þitt á mig, en ekki sjálfan þig, því ég vil að þú elskir mig einan og ofar öllu sem er.

Ó, VERUNDARSONUR!

Ást mín er vígi mitt, sá sem inn í það gengur er hólþinn og óhultur, en sá sem snýr á brott mun vissulega rata í villur og tortímast.

Ó, VERUNDARSONUR!

Paradís þín er ást mín, endurfundirnir við mig himneskt heimili þitt. Gakk þar inn og tef eigi. Þetta er það sem þér er fyrirbúið í konungsríki voru á hæðum og upphöfnu ríki voru.

Ó, VERUNDARSONUR!

Voldugum höndum gerði ég þig og styrkum fingrum skóp ég þig og í brjóst þér hefi ég lagt kjarna ljóss míns. Ger þér þetta að góðu og leita einskis annars, því að verk mitt er fullkomið og boð mín bindandi. Treyst því og drag það ekki í efa.

Ó, SONUR ANDANS!

Auðugan skóp ég þig, því auðmýkir þú sjálfan þig í allsleysi? Göfugan gerði ég þig, því sækist þú eftir lægingu? Úr kjarna þekkingar gaf ég þér líf, því leitar þú fræðslu hjá öðrum en mér? Úr leir kærleikans mótaði ég þig, því gerir þú þér títt um aðra? Bein sjónum þínum að sjálfum þér, svo að þú megir finna mig standa hið innra með þér, máttugan, voldugan og sjálfumnógan.

Ó, MANNSSONUR!

Þú ert ríki mitt og ríki mitt gengur ekki á grunn, því óttast þú tortímingu? Þú ert ljós mitt og ljós mitt slokknar aldrei, því óttast þú útslokknun? Þú ert dýrð mín og dýrð mín fölnar ekki, þú ert kyrtill minn og kyrtill minn mun aldrei slitna. Þrey því í ást þinni á mér, svo að þú megir finna mig í dýrðarheimum.

Ó, SONUR MÁLSINS!

Bein augliti þínu að mér og afneita öllu nema mér, því að veldi mitt varir og ríki mitt líður ekki undir lok. Ef þú leitar annars en mín, já, þótt þú leitaðir um gjörvallan alheiminn að eilífu myndi leit þín engan ávöxt bera.

Ó, SONUR ANDANS!

Krafa mín á hendur þér er mikil, hún getur ekki gleymst. Miskunn mín við þig er ríkuleg, hún verður ekki dulin. Ást mín hefur tekið sér bólfestu í þér, hún verður ekki falin. Ljós mitt er þér opinberað, það verður ekki myrkvað.

Ó, MANNSSONUR!

Á meiði skínandi dýrðar hefi ég fyrirbúið þér úrvals ávöxtu, hvers vegna hefur þú snúið burt og gert þér það að góðu sem verra er? Snú aftur til þess sem sæmir þér betur í ríkinu hið efra.

Ó, SONUR ANDANS!

Hreyk þér ekki yfir hinn snauða, því að ég leiði hann á vegi hans og lít þig í illu hlutskipti þínu og baka þér eilífa fordæming.

Ó, VERUNDARSONUR!

Hvernig gast þú gleymt þínum eigin ávirðingum og gert þér tíðrætt um ávirðingar annarra? Sá sem þetta gerir kallar yfir sig bölvun mína.

ÚR RITUM BÁHÁ'U'LLÁH

Ó, SONUR ANDANS!

Vit með vissu: Sá sem býður mönnunum að ástunda réttlæti en fremur sjálfur órétt er ekki af mér, jafnvel þótt hann beri nafn mitt.

Ó, VERUNDARSONUR!

Ætla engri sálu það sem þú vildir ekki að þér væri ætlað og seg ekki það sem þú ekki gerir. Þetta er boð mitt til þín, breyt samkvæmt því.

Ó, VERUNDARSONUR!

Statt sjálfum þér reikningsskap á hverjum degi áður en þú verður krafinn skilagreinar, því að fyrirvaralaust mun dauðinn koma til þín og þú verða kallaður til að standa reikningskil gerða þinna.

Ó, SONUR HINS ÆÐSTA!

Ég hefi gert dauðann að sendiboða fagnaðar til þín. Því ert þú dapur? Ég hefi úthellt yfir þig dýrð ljóssins. Því hylur þú ásjónu þína?

Ó, MANNSSONUR!

Ver ekki dapur nema vegna þess að þú ert oss fjarri. Fagna eigi nema vegna þess að þú nálgast oss og snýrð aftur til vor.

Ó, MANNSSONUR!

Legg eigi frá þér unaðsfagran kyrtil minn og svala þorsta þínum í undursamlegri lind minni, því ella mun þig þyrsta að eilífu.

Ó, MANNSSONUR!

Ver ekki hirðulaus um boðorð mín ef þú elskar fegurð mína og gleym eigi ráðum mínum ef þú vilt ávinna þér velþóknun mína.

LIND LIFANDI VATNA

Ó, MANNSSONUR!

Þótt þú færir um ómælisdjúp geimsins og ferðaðist um alla víðáttu himinsins myndir þú hvergi finna neina hvíld nema í auðsveipni við boðorð vor og auðmýkt frammi fyrir ásýnd vorri.

Ó, MANNSSONUR!

Auðmýk þig frammi fyrir mér, svo ég megi náðarsamlega vitja þín. Rís upp til sigurs málstað mínum svo þú megir vinna sigur meðan þú enn ert á jörðu.

Ó, MANNSSONUR!

Ef þú verður ekki fyrir mótlæti á mínum vegum, hvernig getur þú þá gengið með þeim sem gera sér að góðu velþóknun mína? Ef þú mætir ekki þrengingu í þránni eftir að finna mig, hvernig getur þú þá öðlast ljósið í ást þinni á fegurð minni?

Ó, MANNSSONUR!

Ógæfa frá mér er forsjón mín, hið ytra er hún eldur og hefnd, en hið innra ljós og miskunn. Hraða þér á hennar fund, að þú megir verða eilíft ljós og ódauðlegur andi. Þetta er boð mitt til þín, breyt samkvæmt því.

Ó, MANNSSONUR!

Ef auðlegð fellur þér í skaut, fagna eigi og ef þú kynnist niðurlægingu, ver eigi hryggur, því að hvor tveggja mun líða undir lok og vera eigi framar.

Ó, VERUNDARSONUR!

Ef hjarta þitt þráir þetta eilífa ótortímanlega ríki og þetta aldna og ævarandi líf, yfirgef þá þetta dauðlega og hverfula ríki.

ÚR RITUM BÁHÁ'U'LLÁH

Ó, VERUNDARSONUR!

Ger þér eigi títt um þessa veröld, því að með eldi reynum vér gullið og með gulli reynum vér þjóna vora.

Ó, MANNSSONUR!

Þú vilt gull, en ég vil frelsa þig frá því. Þú heldur að það færi þér ríkidæmi, en ég veit að auðlegð þín er fólgin í helgun þinni frá því. Sem ég lifi! Þetta er þekking mín, en hitt er blekking þín. Hvernig geta mínir vegir farið saman við þína?

Ó, MANNSSONUR!

Gef þurfamönnum mínum auðæfi mín, svo að þú megir á himni ausa af gnótt ófölnandi ljóma og fjárhirslum ótortímanlegrar dýrðar. En við líf mitt! Að fórna sál þinni er ennþá dýrlegra, gætir þú aðeins séð með mínum augum.

Ó, VERUNDARSONUR!

Hjarta þitt er heimili mitt, helga það fyrir niðurstigningu mína. Andi þinn er staður opinberunar minnar, hreinsa hann fyrir birtingu mína.

Ó, MANNANNA BÖRN!

Vitið þér eigi, hvers vegna vér sköpuðum yður öll af sama dufti? Til þess að enginn skyldi upphefja sig yfir annan. Íhugið ávallt í hjörtum yðar, hvernig þér voruð sköpuð. Þar sem vér höfum skapað yður öll úr einu efni, ber yður skylda til að vera sem ein sál, ganga með sömu fótum, eta með sama munnni og dvelja í sama landi, svo að frá innsta grunni verundar yðar, með verkum yðar og gerðum, megi tákni einingarinnar og kjarni andlegrar lausnar verða opinberuð. Þetta er ráð mitt til yðar, ó herskari ljóssins. Gætið þessa ráðs, svo að þér megið uppskera ávöxt heilagleikans af tré undursamlegrar dýrðar.

Bahá'u'lláh

Orð viskunnar

Uppspretta alls góðs er traust á Guði, undirgefni undir boð hans og jafnaðargeð í heilögum vilja hans og velþóknun.

Kjarni viskunnar er að óttast Guð, skelfast hirtingu hans og refsidóm og hræðast réttlæti hans og ákvörðun.

Kjarni trúarbragðanna er að bera því vitni sem Guð hefur opinberað, og fylgja því sem hann hefur fyrirskipað í máttugri bók sinni.

Uppspretta allrar dýrðar er að láta sér lynda hvaðeina sem Drottinn hefur gefið og gera sér það að góðu sem Guð hefur áformað.

Kjarni ástarinnar er fyrir manninn að snúa hjarta sínu til hins elskaða og skiljast frá öllu nema honum og æskja einskis annars en þess sem Drottinn hans æskir.

Sönn minning er að nefna nafn Guðs, hans sem allt vegsamar, og gleyma öllu nema honum.

Sönn tiltrú er fyrir þjóninn að rækja starf sitt og köllun í þessum heimi, að halda fast við Drottinn, að leita einskis nema náðar hans, því að í hans höndum eru örlög allra þjóna hans.

Kjarni viðskilnaðar við veröldina er fyrir manninn að snúa ásjónu sinni til hirðar Drottins, að ganga í návist hans, líta ásýnd hans og standa sem vitni frammi fyrir honum.

Kjarni skilnings er að bera vitni sinni eigin fátækt og lúta vilja Drottins, yfirbjóðandans, hins náðuga, hins alvolduga.

Uppspretta hugrekkis og styrks er útbreiðsla orðs Guðs og staðfesta í ást hans.

Kjarni góðra verka er fyrir þjóninn að skýra frá blessunum Drottins síns og færa honum þakkir ævinlega og undir öllum kringumstæðum.

Kjarni trúarinnar er fæð orða og gnægð dáða; sá sem segir

ÚR RITUM BÁHÁ'U'LLÁH

fleira en hann framkvæmir, vit með sanni, að dauði hans er betri en líf hans.

Kjarni sanns öryggis er þegar maður sóar auði sínum á sjálfan sig, fjölskyldu sína og hina fátæku meðal bræðra sinna í trúnni.

Kjarni auðlegðar er ást til mín; sá sem elskar mig er eigandi alls, og sá sem elskar mig ekki, tilheyrir í sannleika hinum snauðu og þurfandi. Þetta er það sem fingur dýrðar og ljóma hefur opinberað.

Uppspretta alls ills er fyrir manninn að snúa baki við Drottni sínum og festa hjarta sitt við óguðlega hluti.

Hinn heitasti eldur er að draga tákni Guðs í efa, mæla fáfengilega í gegn því sem hann hefur opinberað, afneita honum og bera sig drembilega frammi fyrir honum.

Upphaf alls lærdóms er þekking á Guði, upphafin sé dýrð hans, og þetta er ekki hægt að öðlast nema fyrir þekkingu á guðdómlegri birtingu hans.

Kjarni lægingarinnar er að hverfa úr skugga hins miskunnsama og leita athvarfs hjá hinum illa.

Uppspretta villunnar er að hafna trúnni á hinn eina sanna Guð, treysta á eitthvað annað en hann og flýja ákvörðun hans.

Sannur missir er hans sem eytt hefur dögum sínum í fullkominni fáfræði um sitt eigið sjálf.

Kjarni alls þess sem vér höfum opinberað þér er réttlæti, — er að maðurinn leysi sig undan fánýtum hugarburði og eftirlíkingu, sjái dýrleg handaverk hans með augum einingarinnar og gaumgæfi allt með rannsakandi auga.

Þannig höfum vér uppfrætt þig og birt þér orð viskunnar til þess að þú megir vera þakklátur Drottni, Guði þínum, og miklast af því meðal allra þjóða.

Bahá'u'lláh

[79]

Hin aldna fegurð hefur samþykkt að vera lögð í hlekki til þess að mannkynið megi leysast úr fjötrum sínum, og fallist á fangelsun sína í þessu almesta virki til þess að öll veröldin megi finna raunverulegt frelsi. Hann hefur drukkið bikar sorgarinnar í botn til þess að allar þjóðir jarðarinnar geti fundið varanlegan fögnuð og fyllst gleði. Þetta er sakir náðar Guðs, Drottins yðar, hins vorkunnláta og miskunnsamasta. Vér höfum samþykkt að verða niðurlægðir, ó þér sem trúið á einingu Guðs, til þess að þér megið upphefjast, og höfum liðið margvíslegar þjáningar til þess að þér megið dafna og eflast. Sjá, hvernig þeir, sem eignað hafa Guði jafningja, hafa þvingað hann, sem kom til að endurreisa heiminn, til að dvelja í hinni ömurlegustu allra borga.

[80]

Ég hryggist ekki vegna þeirrar byrðar, sem fangavistin leggur á mig, né heldur harma ég niðurlægingu mína eða þrenginguna, sem ég þoli af hendi óvina minna. Ég sver við líf mitt! Þetta er dýrð mín, dýrð sem Guð hefur prýtt sitt eigið sjálf. Ef aðeins þér vissuð það!

Sú smán, sem mér var gert að bera, hefur afhjúpað dýrðina sem öll sköpunin hefur verið gædd, og sakir grimmdarverkanna sem ég hef þolað hefur sól réttlætisins runnið upp og úthellt ljóma sínum yfir mennina.

Ég hryggist vegna þeirra, sem hafa gefið sig á vald spilltum ástríðum sínum og segjast tengdir trú Guðs, hins náðuga og altignaða.

Það sæmir fylgjendum Bahá að deyja veröldinni og öllu sem í henni er, að leysa sig svo fullkomlega úr viðjum hins jarðneska að íbúar paradísar megi finna af klæðum þeirra ljúfa angan heilagleika, allar þjóðir jarðar sjá birtu hins almiskunnsama á

ásjónum þeirra og tákn og kennimerki Guðs, hins almáttuga og alvísra, megi verða kunngerð fyrir þeirra sakir. Þeir sem saurgað hafa fagurt nafn málstaðar Guðs með því að ganga eftir ástríðum holdsins þeir hafa ratað í auðsæja villu!

[81]

Rísið upp, ó þér skeytingarlausir, úr móki gáleysisins, svo að þér megið sjá ljómann, sem dýrð hans hefur úthellt yfir veröldina. Hve fávísir eru ekki þeir, sem mæla í gegn ótímabærri birtingu ljóss hans. Ó þér, sem eruð blindir á hjarta! Hvort sem það er of seint eða of snemmt, er vitnisburðurinn um dýrðarljóma hans nú augljós og opinberaður. Það sæmir yður að ganga úr skugga um hvort slíkt ljós hafi birst eða ekki. Það er hvorki í yðar valdi né mínu að ákveða tímann fyrir birtingu hans. Órannsakanleg viska Guðs hefur forákvarðað stundina. Gerið yður að góðu, ó menn, það sem Guð hefur fyrirhugað og þráð yður til handa. Ó, þér sem óskið mér ills! Sól eilífrar handleiðslu ber mér vitni: Hefði það staðið í mínu valdi, hefði ég aldrei undir neinum kringumstæðum samþykkt að auðkenna sjálfan mig meðal manna, því að nafnið sem ég ber er því fullkomlega frábitið að tengjast þessari kynslóð, sem hefur flekkada tungu og fölsk hjörtu. Og í hvert sinn er ég kaus að halda kyrru fyrir og mæla eigi, sjá, raust heilags anda, sem stóð mér til hægri handar, reisti mig upp og hinn æðsti andi birtist frammi fyrir mér, og Gabríel yfirskyggði mig, og andi dýrðarinnar bærðist í brjósti mínu, bauð mér að rísa upp og rjúfa þögnina. Sé heyrn yðar hrein og eyru yðar athugul, munuð þér vissulega skynja að sérhver limur líkama míns, nei, sérhver frumeind verundar minnar vottar og kunngerir ákallið: „Guð, sem á sér engan jafningja, og hann, sem nú er opinberaður í fegurð sinni, er endurspeglun dýrðar hans öllum sem eru á himni og á jörðu.“

[82]

Við réttvísi Guðs, ástvinar míns! Ég hef aldrei sóst eftir veraldlegri forystu. Eina áform mitt var að rétta það niður til mannanna sem Guð, hinn náðugi, hinn óviðjafnanlegi, bauð mér að færa þeim, svo að það mætti leysa þá frá öllu sem þessari veröld tilheyrir og hefja þá til þeirra hæða, sem hvorki hinir óguðlegu geta skilið né hinir vegvilltu gert sér í hugarlund.

[83]

Veröldin er beygð af áþján og umbrot hennar magnast dag frá degi. Augu hennar beinast að rangindum og vantrú. Slíkt verður hlutskipti hennar, að hvorki væri rétt né sæmandi að ljóstra því upp nú. Öfughneigð hennar mun lengi vara. Og þegar hin tiltekna stund rennur upp, birtist það skyndilega sem fær limu mannkynsins til að skjálfa. Þá, og aðeins þá, verður hinn himneski sigurfáni dreginn að hún og næturgali paradísar syngur söngljóð sitt.

[84]

Óttist eigi, ó þjóðir heimsins, þegar sól fegurðar minnar er hnigin til viðar og himinn tjaldbúðar minnar hylst augum yðar. Rísið upp til að efla málstað minn og upphefja orð mitt meðal manna. Vér erum ætíð hjá yður og munum styrkja yður með valdi sannleikans. Vér erum vissulega almáttugir. Hver sem borið hefur kennsl á mig, mun rísa upp og þjóna mér af slíkri einbeittni, að öfl himins og jarðar geta ekki aftráð áformi hans.

Þjóðir heimsins sofa þungum svefni. Ef þær vöknuðu af móki sínu mundu þær feginshugar hraða sér til Guðs, hins alvitra og alvísa. Þær mundu varpa frá sér öllu sem þær ættu,

jafnvel þótt það væru fjársjóðir jarðarinnar, til þess að Guð mætti minnast þeirra þótt ekki væri nema með einu orði. Slík eru fyrirmælin, sem þér hafið fengið frá honum, sem þekkir hið hulda, í töflu sem augu sköpunarinnar hafa eigi litið, og sem ekki er opinberuð neinum nema hans eigin sjálfi, hinum alvolduga, verndara allra veraldanna. Svo ráðvilltar eru þær í ölvun lasta sinna, að þær geta ekki borið kennsl á Guð allrar verundar, sem hvaðanæva lætur hljóma kallið: „Enginn er Guð nema ég, hinn máttugi og alvitri.“

Seg: Gleðjist eigi yfir þeim hlutum, sem þér eigið; í kvöld eru þeir yðar, á morgun munu aðrir sitja að þeim. Þannig áminnir yður hinn alvísi, sá sem allt þekkir. Seg: Getið þér staðhæft, að það sem yður tilheyrir sé tryggt og varanlegt? Nei! Ég sver við sjálfan mig, hinn almiskunnssama! Dagar lífs yðar flýja á brott eins og vindblærinn, og allri upphefð yðar og dýrð verður undið saman, eins og upphefð og dýrð þeirra, sem fóru á undan yður. Gaumgæfið, ó menn! Hvað hefur orðið af liðnum dögum yðar, yðar glötuðu öldum? Sælir eru þeir dagar, sem helgaðir hafa verið minningu Guðs, og sælar þær stundir, sem eytt hefur verið í lofgjörð til hans, sem er hinn alvitri. Ég sver við líf mitt! Hvorki íburður hinna völdugu né auðæfi hinna ríku, né jafnvel upphefð hinna óguðlegu, mun vara. Allt mun tortímast sakir eins orðs frá honum. Hann er vissulega hinn alvoldugi og alknýjandi, hinn almáttugi. Hvaða fremd er í þeim jarðnesku munum, sem mennirnir eiga? Þeir hafa gjörsamlega vanrækt það sem gæti komið þeim að gagni. Áður en langt um líður munu þeir vakna af móki sínu og komast að raun um, að þeir geta ekki höndlað það sem rann þeim úr greipum á dögum Drottins þeirra, hins almáttuga og altignaða. Ef aðeins þeir vissu það mundu þeir hafna öllu sem þeim tilheyrir til þess að nöfn þeirra mættu verða nefnd frammi fyrir hásæti hans. Þeir teljast sannlega til hinna dauðu.

[85]

Sviptið sundur í mínu nafni blæjunum, sem svo hryggilega hafa blindað yður, og stökkvið á flóttu hjáguðum fánýtra blekkinga með því afli, sem fæðst hefur af trú yðar á einingu Guðs. Gangið síðan inn í heilaga paradís velþóknunar hins almiskunnsama. Helgið sálir yðar frá öllu sem ekki er af Guði og smakkið sætleik hvíldarinnar innan marka víðfedmrar og máttugrar opinberunar hans og í forsælu hins æðsta og óskeikula valds hans. Leyfið ekki að þér hjúpist þykkum blæjum eigingjarnna ástríðna, því að ég hef fullkomnað sköpun mína í hverjum og einum yðar, svo að ágæti handaverks míns megi að fullu opinberast mönnum. Af þessu leiðir, að sérhver maður getur af sjálfum sér borið kennsl á fegurð Guðs, hins dýrlega, og mun framvegis geta það. Hefði slík geta ekki verið lögð honum í brjóst, hvernig væri hægt að kalla hann til ábyrgðar á vanrækslu hans? Yrði nokkur maður spurður í návist Guðs á þeim degi, er öllum þjóðum jarðarinnar verður safnað saman: „Hversvegna hefur þú eigi trúað á fegurð mína og hví hefur þú snúið frá sjálfi mínu?“ og sá hinn sami svaraði og segði: „Þar eð allir menn hafa farið villur vegar og enginn fyrirfannst, sem vildi festa sjónir á sannleikanum, fylgdi ég fordæmi þeirra og mistókst hrapallega að bera kennsl á fegurð hins eilífa,“ þá yrði slíkri bón vissulega hafnað. Því að enginn getur skilyrt trú nokkurs manns nema hann sjálfur.

[86]

Víkjum nú að spurningu þinni um sál mannsins og líf hennar eftir dauðann. Vita skalt þú í sannleika, að sálin heldur áfram að þróast eftir viðskilnaðinn við líkamann uns hún kemst í návist Guðs í þesskonar ástandi og ásigkomulagi að hvorki framrás alda og árþúsunda né breytingar og umskipti þessa heims geta

náð til hennar. Hún varir jafn lengi og ríki Guðs, yfirráð hans, vald og herradómur. Hún birtir tákni Guðs og eigindir hans og opinberar ástríki hans og hylli. Penni minn staðnæmist, er hann reynir að lýsa svo verðugt sé upphafningu og dýrð svo háleitrar stöðu. Sá heiður sem hönd miskunnseminnar mun veita sálinni er slíkur, að engin tunga getur tjáð það né nokkur jarðnesk skynjun lýst því. Blessuð er sú sál, sem á stundu viðskilnaðar síns við líkamann, er helguð frá fánýtum hugarórum þjóða heimsins. Slík sál lifir og hrærist í samræmi við vilja skapara síns og gengur inn í hina alhæstu paradís. Meyjar himinsins, íbúar hinna upphöfnustu hóbýla, munu hringsóla um hana og spámenn Guðs og hans útvöldu munu leita félagsskapar hennar. Sú sál mun ræða við þá hindrunarlaust og skýra þeim frá því, sem hún var látin þola á vegi Guðs, Drottins allra veraldanna. Yrði nokkrum manni skýrt frá því hvað slíkri sál hafi verið fyrirhugað í veröldum Guðs, Drottins hásetisins hið efra og á jörðu, mundi öll verund hans blossa upp í ákafrí þrá til að öðlast þessa upphöfnustu, þessa helguðu og geislandi stöðu . . .

Eðli sálarinnar eftir dauðann verður aldrei hægt að lýsa né heldur er það rétt og leyfilegt að opinbera mönnunum öll ein-kenni hennar. Spámenn og boðberar Guðs hafa verið sendir niður í þeim tilgangi einum að leiða mannkynið á hinn beina veg sannleikans. Tilgangurinn með opinberun þeirra er sá að uppræða alla menn, svo að þeir megi á dauðastundinni stíga upp í fullkomnum hreinleika og heilagleika og í algjörrí andlegri lausn til hásetis hins hæsta. Ljósíð, sem þessar sálar geisla, er forsendan fyrir framþróun heimsins og þroska þjóðanna. Þær eru líkt og súrdeigið, sem sýrir tilvistarheim, og þær eru hreyfiaflið að baki listum og furðuverkum heimsins. Sakir þeirra láta skýin gjöfum sínum rigna yfir mennina og jörðin ber ávexti. Allir hlutir eiga sér orsök, hreyfihvöt, lífgefandi meginreglu. Þessar sálar, tákni andlegrar lausnar, hafa miðlað og munu áfram miðla hinu æðsta hreyfiafli í heimi tilvistar.

Heimurinn fyrir handan er jafn ólíkur þessum heimi og þessi heimur er ólíkur veröld barns í móðurlífi. Þegar sálin kemur í návist Guðs, tekur hún á sig það form sem best sæmir ódauðleika hennar og er verðugt himneskum húbýlum hennar. Slík tilvist er orsakabundin, en ekki algild, því hin fyrri á sér orsök en sú síðari ekki. Algild tilvera einskorðast við Guð, upphafin sé dýrð hans. Heill þeim sem skilja þennan sannleika. Ef þú íhugaðir framferði spámanna Guðs í hjarta þínu, mundir þú votta fúslega og af fullri vissu, að til hljóta að vera aðrar veraldir en þessi. Í aldanna rás hafa flestir sannir vitringar og lærdómsmenn borið vitni þeim sannleika sem heilög ritning Guðs hefur opinberað, eins og penni dýrðarinnar hefur ritað í töflu viskunnar. Jafnvel efnishyggjumennirnir hafa í ritum sínum vitnað um visku þessara boðbera, sem Guð hafði áformað, og litið svo á, að orð spámannanna um paradís, helvítiseld, komandi umbun og refsingu, séu sprottin af löngun til að fræða og upphefja sálir manna. Hugleið því hvernig þorri allra manna, hver sem trú þeirra og fræði eru, hefur borið kennsl á ágæti og viðurkennt yfirburði þessara spámanna Guðs. Sumir hylla þessa gimsteina andlegrar lausnar sem holdtekjur viskunnar en aðrir trúa því að þeir séu talsmenn Guðs sjálfs. Hvernig gætu slíkar sálir hafa samþykkt að gefa sig óvinum sínum á vald, ef þær trygðu því að allar veraldir Guðs væru hér í þessu jarðneska lífi? Mundu þær af fúsum vilja hafa þolað þesskonar píslir og þrengingar sem enginn hefur þolað fyrr né orðið vitni að?

[87]

Vita skalt þú, að sálir fylgjenda Bahá, sem gengið hafa inn og fengið staðfestu í hinni fagurrauðu örku, munu bindast böndum og hafa náin samskipti hver við aðra og verða svo nátengdar í lífi sínu, eftirsókn, áformum og athöfnum, að þær verða eins og ein

sál. Þetta eru að sönnu þeir, sem eru velupplýstir, skarpskyggir og gæddir skilningi. Þetta er fastráðið af honum, sem er hinn alvitri og alvísi.

Fylgjendum Bahá, sem eru íbúar arkar Guðs, er hverjum og einum vel kunnugt um ástand og ásigkomulag hvers annars og þeir eru tengdir böndum innilegrar vináttu og samlyndis. Slíkt ástand hlýtur samt sem áður að vera háð trú þeirra og hegðun. Þeir sem eru sama stigs og sömu stöðu, eru sér fyllilega meðvitandi um hæfni hvers annars, lyndiseinkunn, afrek og verðleika. Þeim sem eru á lægra stigi er þó fyrirmunað að skilja til fulls eða meta verðleika þeirra, sem eru þeim ofar. Sérhver fær sinn skerf frá Drottni sínum. Sæll er sá sem beint hefur augliti sínu að Guði og verið staðfastur í ást hans uns sál hans tekur flugið til Guðs, allsráðandi Drottins, hins máttugasta, þess sem ætíð fyrirgefur, hins almiskunnsama.

Sálum hinna vantrúuðu mun á dauðastundinni og þessu ber ég vitni verða sýnt hið góða, sem þær hafa farið á mis við, og þær munu kveina yfir hlutskipti sínu og auðmýkja sig frammi fyrir Guði. Því munu þær halda áfram eftir viðskilnaðinn við líkamann.

Það er ljóst og auðsætt, að allir menn munu eftir líkamlegan dauða sinn gera sér grein fyrir gildi gerða sinna og skilja hverju þeir hafa komið til leiðar með verkum sínum. Ég sver við þá sól, sem skín yfir sjónhring himnesks valds! Fylgjendur hins eina sanna Guðs munu á þeirri stundu er þeir skiljast frá þessu lífi verða gripnir slíkum fögnuði og gleði, að ógjörningur er að lýsa því, en þeir sem lifa í villu verða alteknir slíkum ótta og bifan og fyllast slíkri skelfingu, að engu verður við það jafnað. Heill þeim sem hefur drukkið hið útvalda og óspillanlega vín trúarinnar fyrir náðarsamlega hylli og ríkulegt örlæti hans, sem er Drottinn allra trúarbragða.

[88]

Áformið að baki opinberun sérhverrar himneskrar bókar, nei, sérhvers opinberaðs ritningarvers Guðs, er að gæða alla menn eigindum réttlætis og skilnings, svo að friður og rósemi megi fá tryggilega staðfestu á meðal þeirra. Allt sem fullvissar hjörtu mannanna, allt sem upphefur stöðu og stuðlar að farsæld þeirra, er þóknanlegt fyrir augliti Guðs. Hversu upphafin er staðan, sem maðurinn getur náð, ef hann aðeins kýs að uppfylla háleitt ætlunarverk sitt! Í hvílik djúp niðurlægingar getur hann ekki sokkið, djúp sem hinar auvirðilegustu allra skepna hafa ekki kafað! Grípið tækifærið, ó vinir, sem þessi dagur færir yður, og sviptið eigi sjálfa yður örlátri úthellingu náðar hans. Ég bið Guð þess, að hann megi náðarsamlega gera hverjum og einum yðar kleift að prýðast djásnum hreinna og heilagra gerða á þessum degi. Hann gerir vissulega það sem honum þóknast.

[89]

Tafla til fólksins

Ó útlægi og trúfasti vinur! Slökk þorsta gáleysisins með helguðum vötnum náðar minnar og dreif döprum sorta fjarlægðarinnar með árbirtu guðdómlegrar nærveru minnar. Leyf eigi að hífýlin, þar sem dvelur ódeyjandi ást mín á þér, tortímist sakir harðstjórnar ásælinna girnda og hyl eigi fegurð hins himneska æskumanns dusti sjálfs og ástríðu. Íklæð þig kjarna réttlætisins og lát hjarta þitt óttast ekkert nema Guð. Byrg eigi bjarta lind sálar þinnar með þyrnum og illgresi hégómlegra og hóflausra langana og tálma eigi rennsli hins lifandi vatns, sem streymir frá uppsprettu hjarta þíns. Set alla von þína á Guð og hald fast við óbrigðula miskunn hans. Hver annar en hann getur auðgað hinn snauða og frelsað hinn fallna frá lægingu sinni?

Ó þjónar mínir! Ef þér uppgötvuðuð hin huldu, strandlausu úthöf óspillanlegra auðæfa minna, munduð þér vissulega meta einskis allan heiminn, nei, alla sköpunina. Látið loga leitarinnar brenna svo ákaft í hjörtum yðar, að þér megið ná æðsta og háleitasta takmarki yðar þeirri stöðu, þaðan sem þér getið nálgast ástvin yðar og sameinast honum . . .

Ó þjónar mínir! Látið eigi hégómlegar vonir yðar og fánýtar ímyndanir veikja grundvöll trúar yðar á hinn aldyrlega Guð, því að slíkar ímyndanir hafa aldrei komið mönnunum að neinu haldi og ekki tekist að leiða þá á hinn beina veg. Haldið þér, ó þjónar mínir, að hönd alltumlykjandi, yfirskyggjandi og yfirskilvitlegs herradóms míns sé hlekkjuð, að framstreymi aldinnar, óprotlegrar og alltgagntakandi náðar hafi stöðvast, eða að úr skýjum æðstrar og óviðjafnanlegrar mildi minnar hafi gjöfum mínum hætt að rigna yfir mennina? Getið þér gert yður í hugarlund, að þau undursamlegu verk, sem hafa kunnbert guðdómlegt og ómótstæðilegt vald mitt, séu á enda eða að getu vilja míns og áforms hafi verið aftrað að ráða örlögum mannkynsins? Ef svo er ekki, hversvegna hafið þér þá reynt að koma í veg fyrir að ódauðleg fegurð heilagrar og náðarríkrar ásýndar minnar sé afhjúpuð augum mannanna? Hversvegna hafið þér streist við að hindra að birting hinnar almáttugu og aldyrlegu verundar úthelldi ljóma opinberunar sinnar yfir jörðina? Væruð þér sanngjarnir í dómum yðar veittist yður auðvelt að skilja hvernig veruleiki allra skapaðra hluta hefur ölvast fögnuði þessarar nýju og undursamlegu opinberunar, hvernig allar frumeindir jarðarinnar hafa uppljómast af dýrðarbirtu hennar. Fánýtt og lítilmótlegt er það sem þér hafið ímyndað yður og ímyndið yður enn.

Snúið til baka, ó þjónar mínir, og hneigið hjörta yðar að honum, sem er uppspretta sköpunar yðar. Frelsið yður frá illum og spilltum hneigðum yðar, hafið hraðann á og umfaðmið ljós hins ódeyjandi elds, sem tindrar á Sinaí þessarar leyndardóms-

fullu og yfirskilvitlegu opinberunar. Spillið ekki helgu, upp-
runalegu og alltumfaðmandi orði Guðs og leitist ekki við að
saurga heilagleika þess eða niðurlægja heilagt eðli þess. Ó þér
gálausir! Þótt undur miskunnar minnar hafi umlukið allt sem
skapað er, sýnilegt og ósýnilegt, og þótt opinberanir náðar
minnar og mildi hafi gegnsýrt sérhverja öreind í alheiminum,
þá er fleinninn sárbeittur, sem ég hirti illgerðarmennina með
og heift reiði minnar í gegn þeim ægileg. Hlýðið með eyrum,
sem helguð eru frá hégómáfíkn og veraldlegum ástríðum, á
þau hollræði, sem ég í náðarríkri gæsku minni hef opinberað
yður, og gaumgæfið með innri og ytri augum yðar vitnisburð
dásamlegrar opinberunar minnar . . .

Ó þjónar mínir! Sviptið eigi sjálfa yður því skæra og óföln-
andi ljósi, sem skín í lampa guðlegrar dýrðar. Látið loga Guðs
ástar brenna glatt í geislandi hjörtum yðar. Fæðið hann með
olíu himneskrar leiðsagnar og verjið hann í skjóli staðfestu yðar.
Verndið hann í ljóshjálmtrausts og aðskilnaðar frá öllu nema
Guði, svo að illt hvískur hinna óguðlegu megi ekki kæfa birtu
hans. Ó þjónar mínir! Heilagri, guðlega áformaðri opinberun
minni má líkja við úthaf, sem geymir í djúpum sér ótölulegan
fjölda af dýrmætum og tindrandi skærum perlum. Það er skylda
sérhvers leitanda, að hefjast handa og komast til stranda þessa
hafs, svo að hann megi, að svo miklu leyti sem ákefð leitar hans
og viðleitni segir til um, fá hlutdeild í þeim gæðum, sem for-
ákvörðuð hafa verið í óafturkallanlegum og huldum töflum
Guðs. Vilji enginn beina skrefum sínum til þessara stranda, láti
allir undir höfuð leggjast að rísa upp og finna hann, er þá hægt
að segja, að slík vanræksla hafi rænt hafið valdi þess eða dregið
í einhverjum mæli úr auðlegð þess? Hversu fáfengilegar, hversu
fyrirlitlegar eru þær ímyndanir, sem komið hafa upp í hjörtum
yðar og gera það enn! Ó þjónar mínir! Hinn eini sanni Guð ber
mér vitni! Þetta völdugasta, þetta ómælisviða og svellandi haf
er nálægt yður, svo furðu nálægt! Sjá, það er nær yður en sjálf

lífæð yðar! Skjótar en augabragð getið þér, ef þér aðeins óskið, höndlað það og fengið hlutdeild í þessari óförgengilegu mildi, þessari náð frá Guði, þessari máttugustu og óumræðilega dýrlegu hylli.

Ó þjónar mínir! Gætuð þér skilið fyrir hvílíkum dásemdarkerkum hylli minnar og veglyndis mér hefur þóknast að treysta sálum yðar, munduð þér í sannleika snúa baki við öllu sem skapað er og öðlast sanna þekkingu á yðar eigin sjálfi, þekkingu sem jafngildir skilningi á minni eigin verund. Þér munduð verða óháðir öllum nema mér og munduð skynja, með ytri og innri sjónum yðar, jafn augljóst og opinberun skínandi nafns míns, þau höf ástúðar minnar og örlætis, sem ólga hið innra með yður. Látið eigi fánýtar blekkingar yðar, lesti, óhreinvlyndi og hjartablindu myrkva ljóma eða flekka heilagleika svo háleitrar stöðu. Yður er farið líkt og fuglinum, sem svífur með fullum styrk máttugra vængja sinna í ómælisviðáttu himnanna í fullkominni og fagnaðarríkri vongleði, uns hann snýr aftur, knúinn þörf til að seðja hungur sitt, til vatnsins og leirsins á jörðunni. Og er hann hefur fest sig í möskvum ástríðu sinnar, finnur hann sig vanmegnugan til að taka flugið á ný til ríkjanna, þaðan sem hann kom. Þennan fugl sem áður var íbúi himnanna, þrýtur afl til að hrista af sér byrðina, sem íþyngir flekkuðum vængjum hans, og hann neyðist til að leita sér dvalarstaðar í dustinu. Saurgið því ekki, ó þjónar mínir, vængi yðar með leðju vegvillu og fánýtra ástríðna og látið þá ekki flekkast af dusti öfundar og haturs, svo að yður megi ekki verða aftrað frá því að svífa í himinsölum guðdómlegrar þekkingar minnar.

Ó þjónar mínir! Fyrir mátt Guðs og vald hans hefi ég úr fjárhirslum þekkingar hans og visku opinberað og borið fram fyrir yður perlurnar, sem lágu fólgnar í djúpum hins eilífa úthafs hans. Ég hef kallað fram meyjar himinsins undan hinni hyljandi blæju og íklætt þær þessum orðum mínum orðum fullkomins máttar og visku. Ég hefi auk þess með hönd guðdómlegs valds

rofið innsiglið af úrvals víni opinberunar minnar og dreift heilögum, huldu og moskusþrungnum ilmi hennar yfir alla hluti skapaða. Við hverja er að sakast aðra en yður, ef þér kjósið að fara á mis við svo mikla úthellingu yfirskilvitlegrar og alltumlykjandi náðar Guðs, svo bjarta opinberun skínandi miskunnar hans? . . .

Ó þjónar mínir! Í hjarta mínu skín ekkert nema ófölnandi árbjarmi guðdómlegrar leiðsagnar og af munnni mínum framgengur ekkert nema kjarni sannleikans, sem Drottinn Guð yðar hefur opinberað. Fylgið því ekki jarðneskum ástríðum yðar og brjótið ekki sáttmála Guðs né rjúfið við hann heit yðar. Með algjörri einbeitni, af allri elsku hjartna yðar og fullum krafti orða yðar, snúið til hans og gangið ekki vegu hinna fávísu. Veröldin er leiksyning ein, fánýt og tóm, og hefur aðeins svip af veruleika. Bindið eigi vonir yðar við hana. Slítið ekki böndin, sem binda yður við skapara yðar og heyrið eigi til þeim, sem ratað hafa í villur og reikað af vegum hans. Sannlega segi ég: Áþekk er veröldin hillingu í eyðimörkinni sem hinn þyrsti hyggur vatn og reynir af öllum mætti að ná, en uppgötvar þegar nær dregur að var einskær talsýn. Henni má einnig líkja við líflausa ímynd ástvinarins, sem elskandinn hefur leitað og loks komist að raun um eftir langa mæðu og sér til sárustu iðrunar, að hvorki gat „satt hann né svalað hungri hans.“

Ó þjónar mínir! Hryggist eigi, ef á þessum dögum og á þessu jarðneska sviði hafi hlutir, sem ganga í gegn óskum yðar, verið ákvarðaðir og birtir af Guði, því að dagar sæluríks fagnaðar, himnesks unaðar, bíða yðar vissulega. Veraldir, sem eru heilagar og andlega dýrlegar, munu verða birtar augum yðar. Yður er fyrirhugað af honum, í þessum heimi og þeim sem kemur, að öðlast hlutdeild í gæðum þeirra og taka þátt í fögnuði þeirra og fá skerf af endurnærandi náð þeirra. Til þeirra allra munuð þér án efa komast.

Tafla hins sanna leitanda

Ó bróðir minn! Þegar sannur leitandi ákveður að stíga skref leit-arinnar á veginum sem liggur til þekkingar á hinum aldna, verður hann fyrst af öllu að skíra hjarta sitt sem er aðsetur opinberunar hinna innri leyndardóma Guðs, frá myrkvandi dusti allrar aðfenginnar þekkingar og launskrafi þeirra sem eru holdtekjur djöfullegra ímyndana. Hann verður að hreinsa brjóst sitt sem er griðastaður varanlegrar elsku hins ástfólgna, af allri saurgun og helga sál sína frá því sem er af vatni og leir, frá öllum dökkum og skammlífum löngunum. Hann verður að skíra hjarta sitt að því marki, að engar leifar af ást eða hatri dvelji þar lengur, svo að ástin knýi hann ekki í blindni til villu og hatrið hrindi honum ekki frá sannleikanum. Því, eins og þú sjálfur ert vitni að, hafa flestir farið varhluta af hinni ódauðlegu ásýnd sakir slíkrar ástar eða haturs, villst langt frá holdtekjum guðdómlegra leyndardóma og reika hirðislausir á auðnum gleymsku og villu.

Þessum leitanda ber ætíð að setja traust sitt á Guð, hafna þjóðum jarðar, skiljast frá veröld duftsins og fylgja honum staðfastlega sem er Drottinn Drottna. Hann má aldrei leitast við að upphefja sig yfir nokkurn mann og verður að afmá af töflu hjarta síns sérhvern vott af drambi og hégómadyrð, halda fast við þolgæði og undirgefni, gæta þagnar og forðast fánýtt hjal. Því tungan er sem eldsglóð og ónytjumælgi er banvænt eitur. Efnislegur eldur eyðir líkamanum, en eldur tungunnar eyðir bæði hjarta og sál. Afl hins fyrrnefnda er skammætt, en áhrif hins síðarnefnda vara í heila öld.

Þessi leitandi ætti einnig að líta á baktal sem hörmulega villu og halda sig fjarri ríki þess, því að baktal slekkur ljós hjartans og kæfir líf sálarinnar. Hann ætti að gera sér lítið að góðu og vera laus við alla óhóflega ástriðu. Hann ætti að meta sem fjársjóð

félagsskap þeirra sem hafa hafnað heiminum og líta á fjarveru frá hrokafullu og veraldlegu fólki sem verðmæt gæði. Í dögum hvern dag ætti hann að samneyta Guði og þreyja af allri sálu sinni í leitinni að ástvini sínum. Hann ætti að eyða sérhverri villuráfandi hugsun með eldi ástúðlegra ummæla um hann og með eldingarhraða sneiða hjá öllu nema honum. Hann ætti að rétta hinum smáða hjálparhönd og aldrei meina hinum allslausu um gjafir sínar. Hann ætti að sýna dýrunum gæsku og hversu þá miklu fremur náunga sínum, þeim sem gæddur er valdi málsins. Hann ætti ekki að hika við að fórnar lífinu fyrir ástvin sinn og ekki leyfa hnjóðsyrðum mannanna að snúa sér frá sannleikanum. Hann ætti ekki að óska öðrum þess sem hann ekki óskar sjálfum sér, né heita því sem hann ekki efnir. Hann ætti af öllu hjarta sínu að forðast félagsskap illvirkjanna og biðja um aflát synda þeirra. Hann ætti að fyrirgefa hinum syndugu og fyrirlíta aldrei lága stöðu þeirra, því að enginn þekkir sín eigin endalok. Hversu oft hefur ekki syndarinn á dauðastundinni náð taki á kjarna trúarinnar og drukkið af hinum ódauðlega drykk og tekið flugið til herskaranna á hæðum. Og hversu oft hefur ekki dyggur átrúandi, á stundu uppstigningu sálar sinnar, ummyndast svo að hann hefur fallið niður í hinn neðsta eld.

Áform vort með því að opinbera þessi þungvægu orð er að brýna fyrir leitandanum, að hann ætti að líta á allt nema Guð sem hjóm eitt og skoða allt nema þann sem er tilefni allrar lofgerðar sem alls ekkert.

[91]

Ég sver við réttlæti Guðs! Heimurinn og hégómi hans, dýrð hans og öll þau unaðsefni, sem hann hefur upp á að bjóða, eru fyrir augliti Guðs jafn lítills virði, nei jafnvel fyrirlitlegri, en duft og aska. Ef aðeins hjórtu mannanna gætu skilið það! Hreinsið yður kostgæfilega, ó fylgjendur Bahá, af saurgun

heimsins og öllu sem honum tilheyrir. Guð sjálfur ber mér vitni. Jarðneskir hlutir sæma yður ekki. Látið þá eftir þeim sem kunna að ágirnast þá, og festið sjónir á þessari ginnhelgu og geislandi sýn.

Það sem sæmir yður er ást Guðs og ást hans, sem opinberar kjarna Guðs, og hlýðni við hvaðeina sem hann kýs að fyrirskipa yður, ef aðeins þér vissuð það.

Seg: Látið sannsögli og hæversku vera djásn yðar. Leyfið eigi að þér séuð sviptir kyrtli umburðarlyndis og réttlætis, svo að ljúf angan heilagleikans megi berast frá hjörtum yðar yfir allt sem skapað er. Seg: Varist, ó fylgjendur Bahá, að ganga á vegum þeirra, sem segja annað en þeir gera. Sýnið viðleitni, að þér megið birta þjóðum jarðarinnar tákni Guðs og endurspegla boð hans. Látið gerðir yðar verða leiðsögn öllu mannkyni, því að orð flestra manna, hárra og lágra, eru frábrugðin framferði þeirra. Það er með gerðum yðar sem þér getið auðkennt yður frá öðrum. Með hjálp þeirra getur birtan af ljósi yðar upplýst alla jörðina. Sæll er sá sem gætir ráða minna og heldur fyrirmæli hins alvitra og alvísa.

[92]

Vita skalt þú, að samkvæmt ráðsályktun Drottins þíns í bók hans, Drottins allra manna, er náðin sem hann veitir mannkyninu takmarkalaus og svo mun verða að eilífu. Fremst meðal þeirra gjafa, sem hinn almáttugi hefur gefið manningum, er skilningsgáfan. Tilgangur hans með slíkri gjöf er enginn annar en sá, að gera skepnum hans kleift að þekkja og bera kennsl á hinn eina sanna Guð vegsömuð sé dýrð hans. Gjöf þessi veitir manningum vald til að greina sannleikann í öllum hlutum, leiðir hann á réttan veg og hjálpar honum að uppgötva leyndardóma sköpunarinnar. Næst að tign er sjónskynið, sem er helsta skilningsstoð hans. Skyn heyrnar, hjarta og annars þessháttar, teljast

sömuleiðis til þeirra gjafa, sem mannslíkaminn hefur fengið. Ómælanlega upphafinn er hinn almáttugi, sem er höfundur þessara krafta og hefur birt þá í líkama mannsins.

Hver þessara gjafa er áreiðanlegur vitnisburður um tign, vald, upphafningu og alltumlykjandi þekkingu hins eina sanna Guðs upphafin sé dýrð hans. Íhugið snertiskynið. Sjáið hvernig áhrifavald þess nær til alls mannslíkamans. Þar sem skynfæri sjónar og heyrnar eru hvert um sig staðbundin í sérstakri miðstöð, umlykur snertiskynið allan líkama mannsins. Dýrlegt er vald hans, vegað yfirráð hans!

Þessar gjafir eru áskapaðar manningum sjálfum. Það sem er öllum gjöfum ágætara, óspillanlegt í eðli sínu og af Guði sjálfum, er gjöf himneskrar opinberunar. Allar aðrar náðargjafir sem skaparinn veitir manningum, hvort heldur þær eru efnislegar eða andlegar, eru henni óaðri. Hún er og verður ævininlega í innsta eðli sínu brauðið sem kemur af hinnum. Hún er æðsti vitnisburður Guðs, skýrasta dæmið um sannleika hans, tákn fullkominnar gjafmildi hans og alltumlykjandi miskunnar, staðfesting ástríku forsónar hans og fullkominnar náðar. Sá sem hefur þekkt opinberanda Guðs á þessum degi hefur að sönnu fengið hlutdeild í þessari æðstu gjöf hans.

Fær Drottinn þínum þakkir fyrir að hafa veitt þér svo veglega gjöf. Hef upp raust þína og seg: Allt lof sé þér, ó þú, sem sérhvert skilningsríkt hjarta þráir!

[93]

Þegar sigurinn kemur, mun sérhver maður játa sig átrúanda og hraða sér í athvarf trúar Guðs. Sælir eru þeir sem á dögum heimsumlykjandi eldrauna hafa staðið óhagganlegir í málstaðnum og neitað að víkja frá sannleika hans.

[94]

Allt lof sé einingu Guðs og allur heiður honum, allsráðandi Drottni, hinum óviðjafnanlega og aldýrlega stjórnanda alheimsins, sem úr fullkomnu tilvistarleysi hefur skapað veruleika allra hluta; sem úr alls engu hefur kallað til verundar fágúðustu og fíngerðustu þætti sköpunar sinnar, bjargað skepnum sínum frá niðurlægingu fjarlægðar og úr háska endanlegrar útslokknunar og veitt þeim viðtöku í ríki óförgengilegrar dýrðar sinnar. Engu nema alltumlykjandi náð hans, gjörtækri miskunn hans, gæti hafa tekist þetta. Hvernig hefði það að öðrum kosti verið kleift fyrir algjöra eiveru að öðlast af sjálfu sér verðskuldun og hæfni til að hverfa frá tilvistarleysi til ríkis verundar?

Er hann hafði skapað heiminn, og allt sem í honum lifir og hrærist, kaus hann með beinum tilverknaði óhefts og allsráðandi vilja síns, að miðla mannum einstæðum auðkennum og hæfni til að þekkja hann og elska, en á þá hæfni verður að líta sem hina skapandi hvöt að baki öllu sköpunarverkinu og grundvallarmarkmið þess... Yfir innsta veruleika sérhvers skapaðs hlutar úthellti hann ljósi eins af nöfnum sínum og gerði hann að viðtakanda dýrðar einnar eigindar sinnar.

En í veruleika mannsins safnaði hann saman geisladýrð allra nafna sinna og eiginda og gerði hann að spegli síns eigin sjálfs. Af öllu sem skapað er hefur aðeins mannum verið veitt svo dýrmæt gjöf, svo óförgengileg hylli.

[95]

Upphaf alls er þekking á Guði og endir alls fullkomin hlýðni við hvaðeina sem sent hefur verið niður frá veldisstóli hins guðdómlega vilja, sem nær til alls sem er á himnum og alls sem er á jörðu.

[96]

Gleðifréttirnar

*Þetta er kall hins aldyrlega sem kunnert er frá
hinum æðsta sjónhring í þrísundinni 'Akká.
Hann er útskýrandinn, sá sem allt þekkir, hinn gjörhuguli.*

Guð, hinn sanni, vitnar um, og opinberendur nafna hans og eiginda bera því vitni, að eini tilgangur vor með því að upphafa þetta kall og kunngera hið æðsta orð hans, er að eyra allrar sköpunarinnar megi, fyrir lifandi vötn himnesks máls, hreinsast af uppspuna og hneigjast að þessu heilaga, dyrlega og upphafna Orði sem framgengið hefur úr hirslu þekkingar hans sem er mótandi himnanna og skapari nafnanna. Sælir eru þeir sem dæma af réttvísi.

Ó þjóðir jarðar!

Fyrsta gleðifrétin

sem Móðurbókin hefur fært öllum þjóðum jarðarinnar í þessari opinberun er að lagaboðið um heilagt stríð hefur verið afmáð úr bókinni. Dyrlegur er hinn almiskunn sami, Drottinn ríkulegrar náðar, en með honum hafa dyr himneskrar hylli verið opnaðar á gátt öllum sem eru á himni og jörðu.

Önnur gleðifrétin

Það er leyft, að þjóðir og ættkvíslir jarðarinnar samneyti hver annarri í fögnuði og geislan. Ó fólk! Umgangist fylgjendur allra trúarbragða í anda vináttu og bróðurþels. Þannig hefur dagstjarna helgunar hans skinið yfir sjónhring ákvörðunar Guðs, Drottins veraldanna.

Þriðja gleðifrétin

varðar nám ýmissa tungumála. Þessi ákvörðun hefur áður streymt frá penna hins hæsta: Það sæmir þjóðhöfðingjum heimsins — megi Guð styðja þá — eða ráðherrum jarðarinnar að hafa samráð og taka upp eitt þeirra tungumála sem til eru, eða nýtt tungumál sem kenna á börnum í skólum um allan heiminn, og sömuleiðis eitt ritmál. Þannig mun verða litið á alla jörðina sem eitt land. Heill sé þeim sem hlýðir kalli hans og gætir þess sem honum er boðið af Guði, Drottni hins máttuga hásetis.

Fjórdá gleðifrétin

Ef einhver konunganna — megi Guð aðstoða þá — rís upp til að vernda og hjálpa þessu kúgaða fólki, verða allir að keppast við að elska og þjóna honum. Þetta málefni er öllum gert að skyldu. Heill sé þeim sem hegða sér í samræmi við það.

Fimmta gleðifrétin

Í hverju landi, þar sem meðlimir þessa samfélags búa, ber þeim að breyta gagnvart ríkisstjórn þess lands með hollustu, heiðarleik og sannleiksást. Þetta er það sem opinberað hefur verið að skipan hans sem er ákvarðandinn, hinn aldni.

Þjóðum jarðarinnar, einni sem öllum, er gert að bindandi skyldu, að veita aðstoð þessum þungvæga málstað sem komið hefur frá himni vilja hins ævarandi Guðs, svo að svo að eldur óvináttunnar, sem logar í hjörtum sumra þjóða jarðarinnar megi verða slökktur með lifandi vötnum himneskrar visku og í krafti himneskra ráða og hvatninga og ljós einingar og samstillingar megi brjótast fram og úthella ljóma sínu yfir veröldina.

Vér öllum í brjósti þá von, að fyrir grandvara viðleitni þeirra sem eru skýrendur valds Guðs — upphafin sé dýrð hans — megi

striðsvopnum um allan heim verða breytt í tæki í til uppbygg-
ingar og að deilur og ósætti megi hverfa meðal manna.

Sjötta gleðifrétin

er grundvöllun hins minni friðar, en nánari atriði hans hafa fyrr
verið opinberuð af upphafnasta penna vorum. Mikil er bless-
un hans sem veitir honum fulltingi sitt, og gætir alls þess sem
ákvarðað hefur verið af Guði, hinum alvitra, hinum alvísa.

Sjöunda gleðifrétin

Val klæða og skurður og hirðing skeggs er gefin mönnum á
vald. En varist, ó fólk, að verða leiksoppar hinna fáfróðu.

Áttunda gleðifrétin

Frómra gerða munka og presta meðal fylgjenda Andans (Jesú)
— yfir honum hvíli friður Guðs — er minnst í návist hans. Lát
þá samt sem áður á þessum degi hafna lífi innilokunar og beina
skrefum sínum til hins opna heims og taka sér það fyrir hendur
sem gagna mun þeim sjálfum og öðrum. Vér höfum gefið þeim
leyfi til að ganga í hjónaband til þess að frá þeim megi koma sá
sem nefnir nafn Guðs, Drottins. Drottinn hins sýnilega og
ósýnilega, Drottins hins upphafna hásætis.

Níunda gleðifrétin

Er syndarinn finnur sig frjálsan og fráhverfan öllu nema Guði,
ætti hann að biðja hann fyrirgefningar og afláts. Það er eigi
leyfilegt að játa syndir sínar og yfirtroðslu frammi fyrir nokkr-
um manni með því að það hefur aldrei og mun aldrei stuðla
að guðlegri fyrirgefningu. Auk þess veldur slík játning frammi

fyrir öðrum auðmýkingu og lítillækkun mannsins, og Guð — upphafin sé dýrð hans — vill ekki auðmýkingu þjóna sinna. Vissulega er hann hinn vorkunnláti, hinn miskunnsami. Syndarinn ætti, sín í milli og Guðs, að sár bæna um miskunn frá hafi miskunnsemdanna, biðja fyrirgefningar frá himni örlætisins og segja:

Ó Guð, Guð minn! Ég sár bæni þig við blóð þinna sönnu elskenda sem voru svo hugfangnir af ljúfum orðum þínum, að þeir hröðuðu sér til tinda dýrðarinnar, á vettvang hins dýrlegasta píslarvættis, og ég sárbið þig við þá leyndardóma sem eru fólgnir í þekkingu þinni, og við perlurnar sem varðveittar eru í hafi hylli þinnar, að veita mér, fōður mínum og móður minni fyrirgefningu þína. Þú ert í sannleika miskunnsamastur þeirra sem auðsýna miskunn. Enginn er Guð nema þú, sá sem ætíð fyrirgefur, hinn algjöfuli.

Ó Drottinn! Þú lítur þennan kjarna syndsamleikans snúa sér til úthafs hylli þinnar og þennan smælingja leita ríkis þíns himneska valds og þennan fátækling hneigjast að sól auðlegðar þinnar. Við miskunn þína og náð þína, vald honum ekki vonbrigðum, ó Drottinn, né hald honum frá opinberunum hylli þinnar á dögum þínum, né varpa honum frá dyrum þínum sem þú hefur opnað á gátt öllum sem dvelja á himni þínum og jörðu þinni.

Því er verr! Því er verr! Syndir mínar hafa hindrað mig frá því að nálgast hirð heilagleika þíns og misgerðir mínar hafa orðið þess valdandi, að ég hef reikað langt frá tjaldbúð tignar þinnar. Ég hef framið það sem þú bannaðir mér og hef lagt það til hliðar sem þú bauðst mér að varðveita.

Ég bið þig við hann sem er yfirbjóðandi Drottinn nafna, að rita niður fyrir mig með þenna hylli þinnar það sem gera mun mér megnugt að nálgast þig og sem mun hreinsa mig af misgerðum mínum sem komið hafa á milli mín og fyrirgefningar þinnar og afláts.

Vissulega ert þú hinn máttugi, hinn örláti. Enginn er Guð nema þú, hinn máttugi, hinn náðugi.

Tíunda gleðifrétin

Sem tákn um náð frá Guði, opinberanda þessa mesta boðskapar, höfum vér fjarlægt af helgum ritum og töflum lögin sem kveða á um eyðileggingu bóka.

Ellefta gleðifrétin

Það er leyfilegt að nema vísindi og listir — þau vísindi sem að gagni koma og stuðla munu að framförum og þróun fólksins. Þessi er ákvörðun hans sem er ákvarðandinn, hinn alvitri.

Tólfta gleðifrétin

Hverjum og einum yðar er gert að skyldu, að stunda einhverskonar atvinnu, svo sem iðnir, verslun og þessháttar. Vér höfum náðarsamlega upphafið störf yðar í slíkri atvinnu á svið tilbeiðslu til Guðs, hins sanna. Íhugið í hjörtum yðar náð og blessun Guðs og færið honum þakkir að kvöldlagi og í dögum. Sóið eigi tíma yðar í iðjuleysi og ómennsku. Takið yður það fyrir hendur sem færir sjálfum yður og öðrum ábata. Þannig hefur það verið ákvarðað í þessari töflu, en yfir sjónhring hennar skín geislandi dagstjarna visku og máls.

Fyrirlitnastur allra manna fyrir augliti Guðs er sá sem situr iðjulaus og betlar. Haldið fast við taug efnislegra gæða og setjið allt traust yðar á Guð sem sér fyrir öllum gæðum. Þegar einhver tekur sér fyrir hendur iðn eða verslun, er slík atvinna fyrir augliti Guðs metin sem tilbeiðsla; og þetta er eigi annað en tákn um takmarkalaus og altæka hylli hans.

Þrettánda gleðifrétin

Mennirnir í Húsi réttvísi Guðs hafa verið settir sem umsjón-armenn málefna fólksins. Þeir eru í sannleika trúnaðarmenn Guðs meðal þjóna hans og dagselding myndugleika í löndum hans.

Ó fólk Guðs! Það sem þjálfar veröldina er réttlætið, því að það hvílir á tveim stoðum, umbun og refsingu. Þessar tvær stoðir eru uppspretta lífs fyrir heiminn. Þar sem fyrir hvern dag er nýtt vandamál og fyrir hvert vandamál hagnýt lausn, ætti að skjóta slíkum málum til þeirra sem þjóna í Húsi réttvísinnar svo að þeir megi gera ráðstafanir í samræmi við þarfir og kröfur tímans. Þeir sem sakir Guðs rísa upp til að þjóna málstað hans, eru viðtakendur himnesks innblásturs frá ríkinu ósýnilega. Öllum ber skylda til að sýna þeim hlýðni. Öllum málefnum ríkisins verður að vísa til Húss réttvísinnar, en því sem lýtur að tilbeiðslu verður að haga í samræmi við það sem Guð hefur opinberað í Bók sinni.

Ó fólk Bahá! Þér eruð dögunarstaðir ástar Guðs og dagsbrúnir ástríkis hans. Saurgið eigi tungur yðar með því að formæla eða atyrða nokkra sál og verjið augu yðar því sem ekki er sæmandi. Berið það fram sem þér eigið. Sé því veitt viðtaka, er tilgangi yðar náð; ef ekki, þá eru mótmæli haldlaus. Látið þá sálu eina og snúið yður til Drottins, verndarans, hins sjálfumnóga. Valdið ekki sorg, hversu miklu síður ósamlyndi eða deilum. Sú von lifir, að þér megið hljóta sanna uppfræðslu í forsælunni af meiddi blíðrar miskunnar hans og hegða yður í samræmi við það sem Guð þráir. Þér eruð öll lauf af einu tré og dropar í einu hafi.

Fjórtaða gleðifrétin

Það er eigi nauðsynlegt að takast á hendur sérstaka ferð til að heimsækja legstaði hinna látnu. Ef efnað fólk og vel stætt gefur

kostnaðinn við slíkar ferðir til Húss réttvísinnar, er það þókn-anlegt og þegið í návist Guðs. Sælir eru þeir sem gæta fyrirmæla hans.

Fimmtánda gleðifrétin

Þótt lýðræðisfyrirkomulag stjórnarháttá gagnist öllum þjóð-um heimsins, þá er tign konungsdæmis eitt af táknum Guðs. Vér æskjum þess eigi, að lönd heimsins séu swift henni. Ef hinir vitru sameina þessi tvö form í eitt, mun endurgjald þeirra verða mikið í návist Guðs.

Í fyrri trúarbrögðum hafa fyrirmæli svo sem heilagt stríð, eyðilegging bóka, bann við samneyti og félagsskap við annað fólk eða við lestri sérstakra bóka, verið sett í samræmi við þarfir tímans; en í þessari máttugu opinberun, í þessari einstæðu boð-un, hafa margvíslegar gjafir og hylli Guðs yfirskyggt alla menn, og frá sjónhring vilja hins ævarandi Drottins hefur óskeikul ákvörðun hans kveðið á um það sem vér höfum sett fram hér að ofan.

Vér færum Guði þakkir — helgaður og dýrlegur sé hann — fyrir hvaðeina sem hann hefur náðarsamlega opinberað á þess-um blessaða, þessum dýrlega og óviðjafnanlega degi. Að sönnu: þótt allir á jörðu hefðu aragrúa tungna og mundu óaflátanlega lofa Guð og mikla nafn hans til þeirra endaloka sem engan endi þekkja, mundu þakkir þeirra ekki nægja fyrir aðeins eina af þessum náðargjöfum sem vér höfum nefnt í þessari töflu. Þessu ber vitni sérhver maður sem hefur til að bera visku og glögg-skyggni, skilning og þekkingu.

Vér biðjum Guð þess af einlægni — upphafin sé dýrð hans — að aðstoða stjórnendurna og þjóðhöfðingjana sem eru skýr- endur valds og dagsbrúnir dýrðar, við að framfylgja lögum hans og fyrirmælum. Hann er í sannleika hinn almáttugi, hinn al-voldugi, sá sem vanur er að svara ákalli mannanna.

Úr ritum 'Abdu'l-Bahá



Ó þjóðir heimsins! Sólf sannleikans hefur risið til að upplýsa alla jörðina og færa samfélagi manna andlegleika. Lofsverður er árangurinn af því og ávextirnir sem það ber og ríkulegur hinn heilagi vitnisburður sem af því hlýst. Þetta er tærust miskunn og hreinust hylli; þetta er ljós heiminum og öllum þjóðum hans; samstilling og bræðralag, ást og samstaða; þetta er að sönnu samúð og eining og endir á framandleika; þetta er að vera eitt með öllum á jörðunni í fullkomnum virðuleik og frelsi.

Hin blessaða fegurð sagði: „Þér eruð allir ávextir af einu tré, laufin á einni grein.“ Þannig hefur hann líkt þessum tilvistarheimi við eitt tré og öllum þjóðum hans við lauf þess, blómstur og ávexti. Nauðsynlegt er að greinin blómstri og lauf og ávextir dafni, þroski laufs og blóma og sætleiki ávaxtarins er háð gagnkvæmum samskiptum allra hluta heimstrésins.

Af þessari ástæðu verða allir menn að styðja hver annan einarðlega og leita eilífs lífs; af þessari ástæðu verða ástvinir Guðs í þessum jarðneska heimi að vera miskunnsemdir og blessanir, sendar af hinum milda konungi sýnilegu og ósýnilegu ríkjanna. Þeir skyldu hreinsa sjón sína og líta allt mannkynið sem lauf og blóm og ávexti á tré verundarinnar. Þeir skyldu ávallt vera önnum kafnir við að vinna meðbræðrum sínum gagn, sýna einhverjum ást, tillitssemi, hugulsama hjálp. Þeir skyldu ekki líta á neinn sem óvin eða óska honum illis, heldur líta á allt mannkynið sem góðvin, hinn framandi sem féлага, forðast fordóma, ekki draga neinar markalínur.

Sá sem á þessum degi nýtur hylli við fótiskör Drottins, er sá sem býður fram bikar trúfestinnar; gefur jafnvel óvinum sínum gimstein hyllinnar og ljær jafnvel föllnum kúgara sínum

hjálpárhönd; það er hann sem jafnvel mun reynast grimmasta andstæðingi sínum ástríkur vinur. Þetta eru kenningar hinnar blessuðu fegurðar, þetta er ráðgjöf hins æðsta nafns . . .

Brátt eru hraðfleygar stundir lífs þíns á enda runnar, og frægðin, ríkidæmið, þægindin og gleðin sem þessi öskustó — heimurinn — miðlar yður, hverfur án þess að skilja eftir sig nokkur merki. Kveðjið því mennina til Guðs og bjóðið mannkyninu að fylgja fordæmi herskaranna á hæðum. Verið munaðarleysingjanum elskuríkur faðir og athvarf hinum hjálparlausa, fjárhirsla hinum fátæka og læknisdómur þeim sem þjáist. Verið hjálparar sérhvers fórnarlamb kúgunar, umsjónarmenn þeirra sem líða nauð. Verið ætíð með hugann við að veita öllum meðlimum mannkynsins einhverja þjónustu. Gefið engan gaum að andúð og frávisun, fyrirliðningu, fjandskap og óréttlæti: hagið yður á gagnstæðan hátt.

Sýnið einlæga gæsku, ekki aðeins á ytra borði. Látið sérhvern ástvin Guðs hafa hugann við þetta: að vera mannum miskunn Guðs, að vera náð Drottins. Öllum sem á vegi hans verða skyldi hann gera eitthvað gott og verða honum að einhverju gagni. Hann skyldi bæta lunderni allra og endurmóta hugi mannanna. Þannig mun ljós guðlegrar leiðsagnar skína og blessanir Guðs umlykja allt mannkynið; því að ást er ljós, hver sem hífýli hennar eru og hatrið er myrkur, hvar sem það tekur sér bólfestu. Ó vinir Guðs! Reynið að gera þetta myrkur útlægt um alla eilífð, til þess að hinn huldi leyndardómur megi afhjúpast og leyndur kjarni allra hluta koma í ljós.

[98]

Þjónusta við vinina er þjónusta við ríki Guðs, og tillitssemi sem sýnd er fátækum er ein þungvægasta kenning Guðs.

[99]

Þær sálir sem á þessum degi ganga inn í ríki Guðs og öðlast eilíft líf, svífa í raun og sannleika í ríki himinsins, þótt efnislega dveljist þær á jörðunni. Líkamar þeirra kunna að vera jarðbundnir en andar þeirra ferðast um ómælisviðáttur geimsins. Því þegar hugsunin víkkar og upplýsist, öðlast hún afl flugsins og flytur manninn til ríkis Guðs.

[100]

Ó þú þjónn Guðs! Ver eigi hryggur sakir þeirra þrenginga og ógæfu sem fallið hefur þér í hlut. Allar þrengingar og hörmungar hafa verið skapaðar fyrir manninn, svo hann megi snúa baki við þessum dauðlega heimi — heimi sem hann mjög er bundinn. Er hann ratar í þungar raunir og erfiðleika, dregur eðli hans sig í hlé og hann mun þrá hið eilífa ríki — ríki sem helgað er frá allri þjáningu og ógæfu. Þannig er farið hinum vitra. Hann mun aldrei drekka af þeim bikar sem að lokum reynist beiskur, þvert á móti mun hann leita bikars með hreinu og tæru vatni. Hann mun eigi smakka það hunang sem blandað er eitri.

Lofa Guð fyrir að þú hefur verið reyndur og þolað slíka áþján. Ver þolinmóður og þakklátur. Snú ásynnd þinni til hins himneska ríkis og sýn viðleitni, að þú megir öðlast miskunn-samlegar eigindir, upplýsast og hljóta eiginleika sem heyra til ríkis Guðs. Reyn að verða ónæmur fyrir unaðsefnum þessa heims og þægindum hans. Ver staðfastur og stöðugur í sáttmálanum og útbreið málstað Guðs.

Þetta veldur upphafningu mannsins, dýrð hans og hjálpræði.

Ó þér upplýstu ástvinir og þér þjónustumeypjar hins miskunn-sama! Þegar dimm nótt fáfræðinnar, myrkur vanrækslu um hina himnesku veröld og firringar frá Guði, hélt jörðinni í greip sinni, rann upp fagur morgunn og rísandi sól lýsti upp austurhimininn. Þá reis sól sannleikans og geisladýrð ríkisins var úthellt yfir austrið og vestrið. Þeir sem höfðu augu til að sjá, fögnuðu yfir gleðitíðindunum og hrópuðu: „Ó sælir, sælir erum vér!“ og þeir urðu vitni að innri veruleika allra hluta og sviptu hulunni af leyndardómum ríkisins. Þeir sáu ljós sannleikans, frelsuðust frá hugarburði sínum og efasemdum, og svo hugfangnir urðu þeir þegar þeir bergðu á kaleik Guðs ástar, að þeir gleymdu fullkomlega heiminum og sínu eigin sjálfi. Þeir hröðuðu sér dansandi af fögnuði á stað síns eigin píslarvættis, og þar sem menn deyja sakir ástar vörpuðu þeir frá sér höfðum sínum og hjörtum.

En þeir sem höfðu ósjáandi augu undruðust þetta uppnám og hrópuðu: „Hvar er ljósið?“ Og aftur: „Við sjáum ekkert ljós! Við sjáum enga rísandi sól! Þetta er ekki sannleikur. Þetta er ekkert annað en ímyndun.“ Eins og leðurblökur flýðu þeir í myrkrið neðanjarðar og þar fundu þeir í samræmi við hugsunarhátt sinn ákveðinn mæli öryggis og friðar.

Þetta er þó aðeins hin fyrsta dögung og hitinn frá rísandi sól sannleikans hefur enn ekki náð fyllingu afls síns. Þegar hún eitt sinn kemur í hádegisstað munu eldar hennar brenna svo heitt, að þeir munu jafnvel ná til þeirra sem skríða neðanjarðar; og þótt það sé ekki þeirra að sjá ljósið munu áhrif hitans samt valda æðisgengnu umróti meðal þeirra.

Færið því þakkir, ó þér elskuðu Guðs, fyrir að þér hafið á degi dögunarinnar snúið ásýndum yðar að ljósi heimsins og séð dýrð þess. Þér hafið fengið hlutdeild í ljósi sannleikans, þér hafið öðlast skerf af þeim blessunum sem vara eilíflega;

og hvílist því ekki eitt andartak sem þökk fyrir þetta örlæti, sitjið ekki þegiandi, flytjið eyrum mannanna fagnaðartíðindi ríkisins, dreifið orði Guðs víða vega.

Hagið yður í samræmi við heilræði Drottins, þ.e. rísið upp með þeim hætti og gæddir þeim eigindum, að líkama þessa heims megi eignast lifandi sál, og þetta unga barn, mannkynið, megi komast á stig fullþroska. Kveikið kerti ástarinnar á sérhverjum mannfundi, að svo miklu leyti sem yður er það unnt, og gleðjið og uppörvið með blíðu yðar sérhvert hjarta. Annist hinn ókunna, eins og hann væri einn af yður; sýnið framandi sálum sama ástríkið og þér sýnið tryggum vinum. Komi einhver og veiti yður högg, leitist við að vera vinir hans; stingi einhver yður í hjartastað, verið sárum hans græðandi smyrsl; spotti einhver yður og hæði, mætið honum með ást. Ausi einhver yfir yður ásökunum, hrósið honum; byrli hann yður inn banvænt eitur, gefið honum í staðinn úrvals hunang, og hóti hann yður dauða, miðlið honum líkn sem græða mun hann að eilífu. Sé hann sársaukinn sjálfur, verið lyf hans; sé hann þyrnir, verið honum rósir og ljúfar jurtir. Ef til vill munu slík orð yðar og gerðir gera þennan dimma heim bjartan að lokum, þennan heim duftsins himneskan, þetta djöfullega fangelsi að konunglegri höll Drottins, svo að stríði og deilum megi linna og verði eigi framar, og ást og trúnaður reisi tjöld sín á tindum heimsins. Slíkur er kjarninn í hvatningu Guðs; slíkar eru í stuttu máli kenningarnar í trúarkerfi Bahá.

[102]

Ó fugl sem syngur sætlega um Abhá-fegurðina! Í þessari nýju og undursamlegu trúarúthlutun hafa blæjur hjátrúar verið rifnar og fordómar austrænna þjóða fordæmdir. Meðal vissra þjóða Austurlanda var tónlist talin ámælisverð, en á þessari nýju öld hefur hið opinbera ljós lýst því sérstaklega yfir í helgum töfl-

um sínum að tónlist, sungin eða leikin, sé andleg næring sálar og hjarta.

List tónlistarmannsins er meðal þeirra listgreina sem verðskulda mest hrós, og hún hrærir hjörtu allra sem syrgja. Leik því og syng, ó þú Shahnáz, heilög orð Guðs með undursamlegum tónum á samfundum vinanna, svo að áheyrandinn megi leysast úr fjötrum áhyggju og sorgar, sál hans fagna og auðmýkja sig í bæn til ríkis dýrðarinnar.

[103]

Reyn af hjarta og sál að stuðla að einingu og samstillingu hvíttra og svartra og sanna þannig einingu bahá'í heimsins, þar sem engin aðgreining á sér stað á grundvelli litarháttar, og þar sem aðeins er litið á hjörtun. Lof sé Guði, að hjörtu vinanna eru sameinuð og tengd, hvort heldur þeir eru frá austri eða vestri, norðri eða suðri, hvort sem þeir eru Þjóðverjar, Frakkar, Japanir eða Ameríkanar, og hvort sem þeir tilheyra hinum hvíta, rauða, gula eða brúna kynþætti. Tilbrigði í lit, þjóðerni eða kynþætti eru án þýðingar í bahá'í trúnni, þvert á móti: Bahá'í eining yfirstígur allt slíkt og vísar á bug öllum slíkum hugarburði og blekkingum.

[104]

Bahá'í gifting er skuldbinding tveggja aðila hvort við annað og gagnkvæm aðlöðun hjartna þeirra og huga. Hvort um sig verður þó að sýna hina mestu aðgát og kynnast náíð skapferli hins, svo að hinn bindandi sáttmáli þeirra á milli megi verða að ævarandi bandi. Markmið þeirra verður að vera ástrík vinátta og eining um tíma og eilífð ...

Hið sanna bahá'í hjónaband felst í því, að eiginmaður og eiginkona sameinist bæði líkamlega og andlega, að þau megi ávallt

bæta andlegt líf hvors annars og njóta eilífrar einingar í öllum veröldum Guðs. Þetta er bahá'í hjónaband.

[105]

Munurinn á þeirri efnislegu siðmenningu sem nú er við lýði, og þeirri guðlegu siðmenningu sem er meðal þeirra gæða sem koma mun frá Húsi réttvísinnar, er þessi: Efnisleg siðmenning aftrar manningum frá glæpsamlegum gerðum með refsingu og hefndarlögum; en þótt lagagreinum sem miða að refsingu og hefnd fjölgi í sífellu, eins og þér sjáið, eru samt engin lög til sem verðlauna hann. Í öllum borgum Evrópu og Ameríku hafa miklar byggingar verið reistar sem fangelsi fyrir glæpamennina.

En himnesk siðmenning þjálfar sérhvern meðlim samfélagsins í þeim mæli að enginn, að örfáum undanskildum, mun fást til að fremja glæp. Það er mikill munur á því að fyrirbyggja glæpi með ráðstöfunum sem eru ofsafengnar og hefndandi, og að upplýsa mennina og miðla þeim andlegleika þannig að þeir forðist allt glæpsamlegt athæfi án nokkurs ótta við refsingu eða hefnd. Þeir munu að sönnu líta á sjálfa tilhugsunina um glæpin sem mikla smán og í sjálfu sér hina grimmilegustu allra refsinga. Þeir munu verða hugfangnir af mannlegum fullkomnunum og helga líf sitt öllu sem fært getur heiminum ljós og stuðlað að eflingu þeirra eiginleika sem eru þóknanlegir við heilaga fótskör Guðs.

Sjáið því hversu mikill munurinn er á efnislegri siðmenningu og himneskri. Með valdbeitingu og refsingu reynir efnisleg menning að hindra fólk frá misgerðum, frá því að valda þjóðfélaginu tjóni og fremja glæpi. En í himneskri siðmenningu er einstaklingnum innrætt hugarfar sem gerir það að verkum, að hann forðast glæpaverk án nokkurs ótta við refsingu, lítur á glæpin sjálfan sem hina þungbærustu þjáningu

og einsetur sér í ákefð og gleði að öðlast dyggðir mannkynsins, efla mannlegar framfarir og færa öllum heimi birtu.

[106]

Hvað varðar spurningu þína: öðlast sérhver sál undantekningarlaust eilíft líf? Vit þú, að ódauðleiki tilheyrir þeim sálum sem Guð hefur innblásið anda lífsins. Allar aðrar eru líflausar — þær eru dauðar, eins og Kristur hefur útskýrt í texta Guðspjallsins. Sá sem opnað hefur augu sín með fulltingi Guðs mun sjá sálirnar í þeirri stöðu sem þær hljóta eftir lausn sína frá líkamanum. Hann mun sjá hinar lifandi eflast innan mæra Drottins síns og hinar dauðu sokknar í lægsta afgrunn tortímingar.

Vit þú, að sérhver sál er mótuð eftir eðli Guðs, sérhver er hrein og heilög við fæðingu. Síðan breytast einstaklingarnir í samræmi við það sem þeir öðlast af dyggðum eða löstum í þessum heimi. Þótt allar lifandi verur séu í sjálfu eðli sínu skapaðar í stéttum og stigum, því hæfni er mismunandi, þá er sérhver einstaklingur fæddur hreinn og heilagur og aðeins síðar kann hann að saurgast.

Og ennfremur: þótt stig tilverunnar séu ýmiskonar, þá eru þau öll góð. Íhugið mannlíkamann, limi hans, augað, eyrað, þefskynið, bragðskynið, hendurnar, neglurnar. Þótt munur sé á öllu þessu, þá tekur hvert um sig þátt í einni samfelldri heild innan þeirra marka sem því er sett. Bregðist eitt af þessu, verður að græða það, og ef lækniisdómur stoðar ekki verður að fjarlægja þann hluta.

[107]

Þá leyndardóma sem maðurinn skeytir engu um í þessum jarðneska heimi mun hann uppgötva í hinni himnesku veröld og þar mun honum verða sýnd lausn á ráðgátu sannleikans, hversu miklu

fremur mun hann þá ekki bera kennsl á og finna aftur þær persónur sem hann hefur verið tengdur. Án efa munu þær helgu sálir sem hafa tæra sýn og gæddar eru innsæi, öðlast skilning á öllum ráðgátunum í ríki ljóssins og munu leita þeirrar hylli að verða vitni að veruleika sérhverrar mikillar sálar. Þær munu einnig augljóslega sjá fegurð Guðs í þeirri veröld. Sömuleiðis munu þær finna þar nærstadda alla vini Guðs, frá fyrri og síðari tímum, í þeim himneska mannfagnaði.

Dauðinn færir sérhverjum fullvissuðum átrúanda þann bikar sem er lífið sjálf . . . Hann færir fögnuð og er sendiboði gleðinnar. Hann færir eilífa lífið að gjöf.

Vit með vissu, að hafi sál mannsins gengið á vegum Guðs, mun hún vissulega snúa aftur og safnast til dýrðar hins elskaða . . . Hún mun öðlast slíka stöðu, að enginn penni getur lýst henni né nokkur tunga sagt frá henni.

Hin órannsakanlega guðlega viska er að baki svo hjartaskerandi atburðum (sem dauða lítils barns). Það er líkt og góður garðyrkju- maður flytji ferska og meyra jurtt af þröngum stað á víðáttumikið svæði. Þessi umplöntun veldur því ekki að jurttin visni, hjaðni eða eyðist; hún verður öllu heldur til þess að hún vex og dafnar, öðlast ferskleik og yndispokka, nær grósku og ber ávexti. Þessi huldi leyndardómur er garðyrkjumanninum vel kunnur, en þær sálir sem ekki er kunnugt um þetta örlæti, telja að garðyrkjumaðurinn hafi í gremju sinni og reiði slitið upp jurttina. En þeim sem hafa vitneskju er þessi hulda staðreynd augljós og á þessa forákvörðuðu ráðstöfun líta þeir sem hylli.

Að álíta að eftir dauða líkamans tortímist andinn, er eins og að ímynda sér að fuglinn í búrinu tortímist ef búrið brotnar, jafnvel þótt fuglinn hafi ekkert að óttast þótt búrið sé eyðilaggt. Líkami okkar er eins og búrið og andinn eins og fuglinn. Við sjáum að án þessa búrs flýgur fuglinn í veröld svefnsins. Þótt búrið brotni heldur fuglinn áfram að lifa og vera til, tilfinningar hans verða jafnvel ennþá sterkari, skynjun hans meiri og hamingja hans eykst.

Tafla hreinleikans

Ó vinir hins hreina og almáttuga Guðs! Það er einkenni hinnar helguðu sálar og nauðsynleg eigind hins ófjötraða huga að vera í öllu tilliti hreinn og heilagur. Hæsta fullkonnunin er flekkleysi og lausn frá sérhverjum ágalla. Þegar maðurinn er hreinn og flekklaus undir öllum kringumstæðum, verður hann miðdepill endurspeglunar hins opinberaða ljóss.

Hreinlífi verður því fyrst og fremst að auðkenna manninn, þvínæst ferskleiki, hreinlæti og sjálfstæði andans. Árfarveginn verður að hreinsa áður en hið tæra vatn er leitt í hann. Hrein augu njóta þess sæl að þekkja Drottinn og skilja merkingu þeirra samfunda. Hin hreinu vit anda að sér ilminum sem berst frá rósalundum náðar hans; skírt hjarta speglar hugþekka ásýnd sannleikans.

Af þessum sökum er guðdómlegri ráðgjöf líkt við vatn í hinum heilögu ritningum, eins og segir í Kóraninum: „Og tært vatn sendum vér af himni ofan,“ og í Guðspjöllunum: „Ef maðurinn fæðist ekki af vatni og anda, getur hann ekki komist inn í Guðsríkið.“ Því er ljóst, að þær kenningar sem koma frá Guði eru himnesk náðarúthelling; þær eru regnskúrir guðdómlegrar mis-kunnar og þær hreinsa mannshjartað.

Merking orða minna er þessi: Á öllum sviðum lífsins upphafur hreinlífi og heilagleiki, hreinlæti og fágun, ástand mannsins og stuðlar að þroska innri veruleika hans. Jafnvel á efnislega sviðinu stuðlar hreinlæti að andlegleika, eins og glögggt kemur fram í heilögum ritningum. Og þótt líkamlegt hreinlæti sé af efnislegum toga spunnið, hefur það engu að síður mikil áhrif á líf andans. Þessu er líkt farið og ljúfri og undurfagurri rödd eða leiknu sönglagi; þótt hljóðin séu aðeins titringur í loftinu sem hefur áhrif á heyrnartaug eyrans, og þessi titringur sé aðeins til-

viljanakennt fyrirbæri sem berst í loftinu, sjá hversu það hrærir hjartað! Fagurt sönghljóð er líkt og vængir fyrir andann og fær sálina til að titra af fögnuði. Merking orða minna er sú að líkamlegt hreinlæti hafi einnig sín áhrif á mannssálina.

Aðgætið hversu velþóknanlegt hreinlætið er í augum Guðs og hve rík áhersla er lögð á það í helgum bókum spámannanna; því að ritningarnar banna neyslu eða afnot af öllu sem er óhreint. Sum þessara forboða voru altæk og bindandi fyrir hvern og einn, og hver sá sem braut hið gefna lögmál varð viðurstyggð í augum Guðs og fordæmdur af átrúendum. Þannig voru til að mynda vissir hlutir undantekningarlaust forboðnir og að fremja þá var talin hörmulegasta synd, en meðal þeirra voru svo andstyggilegar gerðir, að það eitt að nefna þær á nafn vakti blygðan.

En til eru aðrir forboðnir hlutir sem ekki valda tjóni þegar í stað og áhrif þeirra koma fyrst í ljós, er fram í sækir; slíkar gerðir eru einnig andstyggð í augum Guðs, ámælisverðar fyrir augliti hans, og vekja andúð. Fullkomið ólögmati þeirra hefur þó ekki verið sett fram skýrum stöfum í textanum, en nauðsyn ber til að forðast þær sakir hreinleika, hreinlætis, varðveislu heilsunnar og frelsi frá fíkn.

Meðal þeirra síðarnefndu eru tóbaksreykingar sem eru sóðalegar, illa lyktandi og vekja viðbjóð — lastafullur ávani, og skaðsemi hans verður smám saman ljós. Sérhver hæfur læknir hefur lýst því yfir — og það hefur einnig verið sannað með tilraunum — að eitt efnanna í tóbaki er banvænt eitur og að reykingamaðurinn er viðkvæmur fyrir mörgum og marghátuðum sjúkdómum. Því eru reykingar varhugaverðar frá sjónarmiði heilsugæslu.

Í upphafi opinberunar sinnar bannaði Bábinn tóbak afdráttarlaust og allir vinirnir létu af notkun þess. En þar sem þetta var á tímum þegar undanbrögð voru leyfileg og sérhver einstaklingur sem ekki reykti, sætti yfirgangi, illri meðferð og jafnvel

dauða, þá reyktu átrúendurnir til þess að auglýsa ekki trú sína. Síðar var Aqdas opinberuð og þar var ekki lagt sérstakt bann við tóbaksreykingum. Því létu átrúendurnir ekki af þeim. Hin blessaða fegurð lét þó ávallt í ljósi andúð sína á þeim, og þótt hann hafi á hinum fyrstu dögum haft ástæðu til að reykja lítillháttað tóbak, hafnaði hann því með öllu þegar frá leið, og þær helguðu sálir sem fylgdu honum létu einnig af notkun þess.

Merking orða minna er þessi: Fyrir augliti Guðs eru tóbaksreykingar ámælisverðar, andstyggilegar, sóðalegar með afbrigðum og skaðlegar heilsunni, þótt sá skaði sé stigbundinn. Þær eru soun á fé og tíma og gera neytandann að fórnarlambi háskalegrar fíknar. Þeim sem staðfastir eru í sáttmálanum, bannar bæði skynsemi og reynsla þennan ávana, og að hafna honum færir öllum mönnum létti og hugarró. Auk þess mun það gera þeim kleift að hafa ferskan munn og ólitaða fingur og losna við fúlan og andstyggilegan daun úr hárinu. Er vinirnir fá í hendur þennan pistil, munu þeir án efa með öllum tiltækum ráðum snúa baki við þessum hættulega ávana, jafnvel þótt það taki nokkurn tíma. Sú er von mín.

Hvað ópíum snertir, þá er það ægileg bölvun. Guð verndi okkur fyrir þeirri refsingu sem hann leggur á neytanda þess. Samkvæmt skýrum texta hinnar helgustu bókar er það bannað og notkun þess fullkomlega fordæmd. Skynsemin leiðir í ljós, að ópíumneysla er einskonar geðsýki, og reynslan ber því vitni, að neytandi þess er fullkomlega afskiptur í ríki mannsins. Megi Guð vernda alla frá því að fremja svo hræðilegan verknað sem þennan, verknað sem leggur í rúst sjálfan grundvöll þess sem mennskt er og veldur eilífri örbirgð neytandans. Því að ópíum festir sig við sálina, þannig að samvíska neytandans deyr, hugar hans eyðist, skynjanir hans fjara út. Það breytir lifendum í dauða. Það slekkur hinn náttúrlega hita. Ekki er hægt að gera sér í hugarlund meira tjón en það sem ópíum veldur. Giftusamir eru þeir sem ekki nefna það einu sinni á nafn; íhugið þá hversu

hörmulegt hlutskipti neytanda þess er.

Ó þér sem elskið Guð! Í þessari hringrás alvoldugs Guðs er með öllu fordæmanlegt að beita valdi og ofbeldi, hindrun og kúgun. Það er samt sem áður skylda að koma í veg fyrir notkun ópíums með öllum þeim ráðum sem tiltæk eru, svo mannkynið megi frelsast frá þessari hinni alvarlegustu af öllum sínum plágum. Ef ekki, vei og eynd hverjum þeim sem lætur undir höfuð leggjast að gera skyldu sína gagnvart Guði sínum.

Ó himneska forsjón! Veit fylgjendum Bahá hreinleika og hreinlæti í öllu. Gef að þeir megi leysast undan allri saurgun og frelsast frá allri fíkn. Bjarga þeim frá því að fremja nokkurn ámælisverðan verksað, leys þá úr fjötrum sérhvers ills ávana, svo að þeir megi lifa hreinir og frjálsir, heilbrigðir og þrífir, verðir þess að þjóna við þína heilögu fótiskör og hæfir til að tengjast Drottni sínum. Frelsa þá frá áfengum drykkjum og tóbaki, bjarga þeim, forða þeim frá ópíum sem færir sturlun, leyf þeim að njóta hins ljúfa ilms heilagleikans, svo að þeir megi drekka fylli sína af dulúðugum bikar himneskrar ástar og þekkjja unað þess að nálgast stöðugt ríki hins aldýrlega. Því mæltir þú: „Allt sem þú hefur í kjallara þínum getur ekki slökkt þorsta ástar minnar — fær mér, ó bikarsveinn, vín andans í bikar sem rúmar allt hafið!“

Ó þér elskuðu Guðs! Reynslan hefur sýnt hversu mjög bindindi á reykingar, áfenga drykki og ópíum stuðlar að heilsu og hreysti, að útvíkkun hugans og skarpskyggni og að líkamlegum styrk. Til er í dag þjóð sem sneiðir með öllu hjá tóbaki, áfengi og ópíum. Þetta fólk ber langt af öðrum sakir hreysti og líkamlegs hugrekkis, sakir heilbrigði, fegurðar og þokka.

Einn af þeirra mönnum getur staðið í gegn tíu mönnum af annarri kynkvísl. Þannig er því varið með alla þjóðina, þ.e. sérhver meðlimur, sérhver einstaklingur í þessu samfélagi skarar í öllu tilliti fram úr einstaklingum annarra samfélaga.

Sýnið nú kappsfulla viðleitni, svo að hreinleiki og heilagleiki sem framar öllu öðru er hugfólgið 'Abdu'l-Bahá, muni auð-

kenna alla fylgjendur Bahá; að þeir muni hið ytra og innra, reynast afbragð annarra og hvað snertir hreinleika, flekkleysi, fágun og varðveislu heilsunnar munu þeir verða leiðtogar í fylkingarbroddi þeirra sem þekkjja. Og með frelsi sínu frá þrælkun, þekkingu sinni og sjálfsgaga, verði þeir fremstir meðal hinna hreinu, frjálsu og vitru.

[109]

Ó þú sem snýrð ásýðnu þinni til Guðs! Loka augum þínum fyrir öllu öðru og opna þau fyrir ríki hins aldýrlega. Bið hvers sem þú vilt af honum einum, leita alls þess sem þú leitar hjá honum einum. Með einu augnatilliti uppfyllir hann hundrað þúsund vonir, í einni svipan græðir hann hundrað þúsund ólæknandi mein, í einni sjónhending leggur hann smyrsl á sérhverja und, með einni höfuðhneigingu leysir hann hjörtun úr hlekkjum sorgarinnar. Hann gerir það sem hann gerir, og hvers úrkosti eigum við? Hann framkvæmir vilja sinn. Hann ákvarðar það sem honum þóknast. Þeim mun betra fyrir þig að beygja höfuð þitt í undirgefni og setja traust þitt á Drottinn allra miskunnsemnda.

[110]

Maðurinn getur ekki leyst sig frá ofsa holdlegra ástríðna nema með hjálp heilags anda. Þessvegna segir hann [Kristur] að skírn með anda, vatni og eldi sé nauðsynleg og afar brýn — það er að segja: anda guðlegra gjafa, vatni þekkingar og lífs og eldi ástar Guðs. Maðurinn verður að láta skírast af þessum anda, þessu vatni og þessum eldi til þess að hann fái fyllingu eilífrar hylli. Hvert væri annars gagn þess að skíra með efnislegu vatni? Nei, þessi skírn með vatni var tákn iðrunar og leit að fyrirgefningu syndanna. En á aldaskeiði Bahá'u'lláh er ekki lengur þörf á þessu

tákni; því að veruleiki þess sem er skírn með anda og ást Guðs er augljós og staðfestur.

[111]

Brýnast allra verkefna í dag er hreinsun lundernisins, leiðrétting siðanna, endurbætur á hegðuninni. Það sæmir ástvinum Guðs, að rísa upp meðal allra þjóða með slíkum gerðum og eiginleikum, að hinir ljúfu vindar sem blása um garð heilagleikans, muni veita ilman yfir alla jörðina og vekja hinar dauðu sálir til lífsins. Ástæðan fyrir því að Guð opinberaði sjálfan sig, og fyrir úthellingu takmarkalauss ljóss frá ríki hins ósýnilega, er engin önnur en sú að sálir allra manna hljóti fræðslu og skaphöfn allra á jörðu fágun, svo að blessaðar sálir sem losað hafa sig úr viðjum hins dýrslega heims, muni rísa upp gæddir eiginleikum sem prýða veruleika mannsins. Tilgangurinn er sá, að jarðarbúar breytist í fólk himinsins og þeir sem ganga í myrkrinu komi inn í ljósið, þeir sem eru útilokaðir, gangi inn í innri hring ríkisins, og þeir sem eru líkt og hismi, verði nákomnir dýrðinni eilífu. Hann er sá, að hinir afskiptu öðlist sinn skerf af hinu takmarkalaus hafi og hinir fáfróðu megi drekka nægju sína af lifandi brunni þekkingar; að hinir blóðþyrstu snúi baki við villimennsku sinni; að hinir árásargjörnu verði blíðir og umburðarlyndir og þeir sem elska stríð muni í staðinn leita sannra sátta. Hann er sá, að hinir grimmyndu, með klær beittar sem eggvopn, fái notið gæða varanlegs friðar; að hinum saurlífu muni lærast að til er ríki hreinleikans og hinir flekkuðu finna leiðina að fljótum heilagleikans.

Ef þessar himnesku gjafir munu ekki birtast frá innra sjálfi mannkyns mun gjafmildi opinberandans reynast haldlaus og glampanði geislarnir frá sól sannleikans munu alls engin áhrif hafa.

Reynið því, ó ástvinir Guðs, af hjarta og sál að öðlast yðar skerf af heilögum eigindum hans og fá yðar hlutdeild í gjöf-

um heilagleika hans, svo að þið megið verða tákn einingarinnar, gunnfánar einleikans og leita uppi merki eindarinnar; svo að þið megið, í þessum garði Guðs, hefja upp raddir yðar og syngja sæla lofsöngva andans. Verið sem fuglar, er færa honum þakkir sínar og í blómskrýddri forsælu lífsins syngið söngva sem munu heilla hugi þeirra sem þekkjja. Hefjið upp fána á hæstu tindum heimsins, fána hylli Guðs sem blaktir og hvikar fyrir vindum náðar hans: gróðursetjið tré í akri lífsins meðal rósa þess sýnilega heims, svo að þér megið bera ávexti, ferska og gómsæta.

Ég sver við hinn sanna fræðara, að ef þér farið að fyrirmælum Guðs, eins og þau eru skráð í skínandi töflum hans, mun þetta dimma dust endurspeglaríki himinsins og þessi neðri heimur ríki hins aldýrlega.

Ó, þér ástvinir Guðs! Lof sé honum, hinum óséða, að yfirflóandi gjafir sólar sannleikans umlykja yður á alla vegu og hvert sem litið er standa hlið náðar hans upp á gátt. Nú er tíminn til að notfæra sér þessar gjafir og hafa gagn af þeim. Gerið yður grein fyrir gildi þessara tíma, látið þetta tækifæri ekki renna yður úr greipum. Haldið yður algjörlega frá áhyggjuefnum þessarar dimmu veraldar og látið eigindir þeirra sem eiga sér bústað í ríki Guðs einkenna yður. Þá munuð þér sjá hversu ofurbjört dýrð hinnar himnesku sólar er og hversu blindandi skær tákn hyllinnar, sem koma frá ríkinu ósýnilega.

[112]

Í heimi andans er ekki til nein afturför. Hinn dauðlegi heimur er heimur mótsagna, andstæðna; þar sem hreyfing er óhjákvæmileg, hlýtur öllu að miða annaðhvort áfram eða aftur á bak. Í ríki andans er afturhvarf óhugsandi, öll hreyfing hlýtur að miða að fullkomnu ástandi. Framfarir eru tjáning andans í heimi efnisins. Vitsmunir mannsins, rökhæfni hans, þekking, vísindaaf-

ÚR RITUM 'ABDU'L-BAHÁ

rek — allt þetta er birting andans, á hlutdeild í óhjákvæmilegu lögmáli andlegra framfara og eru því af nauðsyn ódauðleg.

Von mín yður til handa er að þér munið taka framförum í heimi andans jafnt sem í heimi efnisins; að vitsmunir yðar muni þroskast, þekking yðar aukast og skilningur yðar verða víðfeðmari.

Þér verðið ætíð að sækja fram, aldrei standa í sömu sporum; forðast stöðnun sem er fyrsta skrefið aftur á bak, til hnignunar.

Úr ritum Shoghi Effendi



Þótt bahá'í opinberunin geri tilkall til þess að vera hápunktur spámannsskeiðsins og uppfylling á fyrirheiti allra alda, reynir hún ekki undir neinum kringumstæðum að ógilda frumlægar og eilífar meginreglur sem eru lífgjafar og undirstöður fyrir trúarbragða. Hún viðurkennir guðlegan myndugleika og vald þeirra allra og gerir hann að sínum eigin óhagganlega og endanlega grundvelli. Hún lítur svo á, að þessi trúarbrögð séu ekki annað en ólík stig í eilífri sögu og stöðugri þróun einnar trúar, sem er guðlegs uppruna og ódeilanleg, og bahá'í opinberunin sé aðeins óaðskiljanlegur þáttur hennar. Hún leitast hvorki við að bera brigður á guðlegan uppruna þeirra né gera lítið úr viðurkenndum og glæsilegum afrekum þeirra. Hún getur ekki sætt sig við neina tilraun til að rangsnúa eðliseinkennum þeirra eða draga dár að sannindunum, sem þær innræta. Kenningar hennar víkja ekki hársbreidd frá sannleikanum, sem þær geyma, né dregur mikilvægi boðskapar hennar hið minnsta úr þeim áhrifum, sem þær hafa eða hollustunni, sem þær innblása fylgjendum sínum. Svo fjarri er hún því að leitast við að bylta andlegri undirstöðu trúarkerfa heimsins, að það er yfirlýst og óbreytanlegt áform hennar að víkka undirstöðu þeirra, endurlífga grundvallaratriði þeirra, sætta markmið þeirra, blása í þær nýju lífi, sýna fram á einingu þeirra, endurnýja frumrænan hreinleika kenninganna, sem þær boða, samræma starfsemi þeirra og hjálpa til við að gera að veruleika háleitustu hugsjónir þeirra. Þessi guðdómlega opinberuðu trúarbrögð, eins og einn sem þekkti þau náíð komst svo vel að orði „eru ekki dæmd til að deyja heldur til að endurfæðast...“Hverfur ekki barnið í unglíngnum og unglíngurinn í manningnum? Samt tortímast hvorki barnið né unglíngurinn.“...

[114]

Ennfremur ætti að hafa í huga, að hversu mikill sem máttur þessarar opinberunar er og hversu viðamikil það trúarkerfi sem Bahá'u'lláh hefur hrundið af stað, þá vísar það afdráttarlaust á bug því tilkalli að vera endanleg opinberun á vilja Guðs og áformi hans fyrir mannkynið. Slík hugmynd um auðkenni hennar og starfsemi jafngildir svikum við málstað hennar og afneitun á sannleika hennar. Hún hlýtur af nauðsyn að brjóta í bága við grundvallarmeginregluna, sem bahá'í trúin hvílir á: að trúarleg sannindi séu afstæð en ekki algild, að guðleg opinberun sé reglubundin, samfelld og stighækkandi en ekki óregluleg, slitrótt og endanleg. Að sönnu er algjör höfnun fylgjenda Bahá'u'lláh á því tilkalli til endanleika sem öll trúarkerfin, sem spámennirnir stofnuðu til forna, kunna að gera, jafn skýr og afdráttarlaus og höfnun þeirra sjálfra á endanleika þeirrar opinberunar sem þeir sjálfir játa. „Að trúa því að öll opinberun sé á enda, að hlið guðlegrar náðar séu lokuð, að frá sjóndeildarhring eilífs heilagleika muni sólin aldrei rísa framar, að úthaf eilífrar náðar hafi hljóðnað um alla framtíð og að opinberendur Guðs stígi ekki lengur fram úr tjaldbúðum eilífrar dýrðar,“ hlýtur í augum sérhvers fylgjanda trúarinnar að vera ófyrirgefandlegt fráhrarf frá einni dýrmætustu og grundvallandi meginreglum hennar.

[115]

Það er enn einn grundvallarsannleikur, sem boðskapur Bahá'u'lláh kunngerir kröftuglega og sem fylgjendur hans verða að sýna ósveigjanlega hollustu, að Bábinn, höfundur Bábí-trúarkerfisins, á skýlausa kröfu til þess að vera talinn með sjálfstæðum opinberendum Guðs; að honum hefur verið veitt óskorað vald og yfirráð og hann hefur allan rétt og nýtur allra forrétt-

inda sjálfstæðs opinberanda. Ég lít einnig á það sem skyldu mína að sýna fram á og leggja áherslu á þann sannleika, að hann ber ekki aðeins að skoða sem innblásinn brautryðjanda bahái opinberunarinnar, heldur fullkómast í persónu hans markmið og áform allra undangenginna spámanna eins og hann sjálfur vitnar um í Bayáninum. Við myndum vissulega bregðast skyldum okkar við trúna sem við játum og brjóta eina helgustu grundvallarreglu hennar, ef við í orði eða á borði hikuðum við að viðurkenna sannleikann sem þessi undirstöðuregla bahái trúarinnar felur í sér eða létum án nokkurra fyrirvara undir höfuð leggjast að verja heiður hennar og sýna fram á sannleiksgildi hennar. Meginástæðan fyrir því að ég tókst á hendur að ritstýra og þýða ódauðlegt sagnverk Nabíls er í rauninni sú, að gera fylgjendum trúarinnar á Vesturlöndum kleift að átta sig betur á þeirri ómetanlegu þýðingu sem upphafin staða Bábsins hefur, svo að lotning þeirra og ást til hans geti stöðugt vaxið.

[116]

Ég tel . . . nauðsynlegt að gera tilraun til að útskýra stöðu 'Abdu'l-Bahá og þýðingu hans í þessu heilaga trúarkerfi. Það mundi að sönnu reynast torvelt þeim, sem standa svo nálægt jafn mikilfenglegri mannveru og laðast að leyndardómsfullu afli svo seiðmagnaðs persónuleika, að skilja til fullrar hlítar hlutverk og einkenni hans sem gegnir einstæðu hlutverki, ekki aðeins í trúarkerfi Bahá'u'lláh, heldur í allri trúarsögunni. Þótt hann lifi og hrærist á eigin sviði og hafi stöðu sem er í grundvallaratriðum frábrugðin þeim stöðum sem höfundur og fyrirrennari bahái opinberunarinnar hafa, er hann í krafti þeirrar stöðu sem honum er ætluð í sáttmála Bahá'u'lláh, ein af þeim þremur höfuðpersónum trúarinnar, sem í andlegri sögu heimsins eiga sér engan sinn líka. Ásamt þeim gnæfir hann yfir örlög þessarar barnungu trúar Guðs frá sviði sem enginn einstaklingur eða ráð

sem sinnir þörfum hennar að honum gengnum, getur vænst að ná í að minnsta kosti þúsund ár. Að niðurlægja háleita stöðu hans með því að samkenna hana eða meta í höfuðdráttum jafna stöðu þeirra sem erfa valdsumboð hans væri guðlast, ekkert síður en sú alranga hugmynd, sem eignar honum sömu stöðu og höfuðpersónu trúar okkar eða fyrirrennara hennar. Því að þótt það bil sé breitt sem aðskilur Abdu'l-Bahá frá honum, sem er uppspretta sjálfstæðrar opinberunar, getur það aldrei jafnast á við djúpið sem er staðfest milli hans, sem er miðja Sáttmálans og þeirra erindreka hans, sem eiga að halda starfi hans áfram, hver svo sem nöfn þeirra eru, stöður, störf eða framtíðarafrek. Látum þá sem hafa þekkt Abdu'l-Bahá, þá sem með snertingu sinni við seiðmagnaðan persónuleika hans hafa fyllst svo ákafri aðdáun á honum, íhuga í ljósi þessarar staðhæfingar mikilleika þess, sem stendur honum svo miklu framár.

[117]

Bahá'í samveldi framtíðarinnar — en einasti rammi þess er þetta mikla stjórnskipulag — er bæði í kenningu og framkvæmd ekki aðeins einstætt í allri stjórnmalasögunni, heldur á það sér enga hliðstæðu í annálum viðurkenndra trúarkerfa heimsins. Engin tegund lýðræðisstjórnar, ekkert kerfi einræðis eða alræðis, hvort sem um er að ræða lýðveldi eða konungdæmi, ekkert millistig hreinnar höfðingjastjórnar, jafnvel ekkert hinna viðurkenndu kirkjuríkja, hvort sem um er að ræða Gyðingasamveldið eða hin ýmsu kristnu kirkjufélög, ímama- eða kalífadæmin í islam — engu er hægt að jafna við eða telja samhljóða þeirri stjórnskipan sem meistarahönd hins fullkomna skapara hefur mótað.

[118]

Látum engan gera lítið úr þýðingu þessa kerfis, misskilja eðli þess eða mistúlka áform þess meðan það enn er að slíta barnskónum. Sá grunnur sem stjórnskipunin byggir á er hið óhagglega áform Guðs fyrir mannkynið á þessum degi. Uppspretta innblásturs þess er enginn annar en Bahá'u'lláh sjálfur. Skjöldur þess og skjól eru fylkingar herskara Abhá-ríkisins. Fræ þess er blóð ekki færri enn tuttugu þúsund píslarvotta, sem fórnað hafa lífi sínu til þess að það megi fæðast og blómgast. Ásinn sem stofnanir þess snúast um eru staðfest fyrirmæli í erfðaskrár Ábdu'l-Bahá. Leiðarreglur þess eru sannindin sem hann, sem er óskeikull túlkandi kenninga trúar okkar, hefur svo skilmerkilega sett fram í almennum ávörpum sínum víða á Vesturlöndum. Lögin sem stjórna starfsemi og skilgreina störf þess eru skilmerkilega sett fram í Kitáb-i-Aqdas. Miðpunkturinn sem starfsemi þess, andleg, mannúðleg og stjórnarfarsleg, mun safnast um er Mashriqu'l-Adhkár [tilbeiðsluhúsið] og hjástofnanir þess. Stoðirnar sem bera uppi vald og styrkja innviði þess eru tvíburastofnanir Vörslunnar og Allsherjarhúss réttvísinnar. Hið miðlæga grundvallarmarkmið sem miðlar því lífi og anda er stofnun nýs heimsskipulags sem Bahá'u'lláh hefur lagt drögin að. Þær aðferðir sem það notar, merkið sem það heldur á lofti, gerir það hvorki austrænt eða vestrænt, hvorki heiðið né rétttrúað, hvorki ríkt né fátækt, hvorki hvítt né litað. Lykilorð þess er eining mannkynsins; fáni þess „hinn mesti friður“; hámark þess koma hins gullna þúsundarárís — dagsins þegar ríki þessa heims verða ríki Guðs sjálfs, ríki Bahá'u'lláh.

Tilvísanir



- (1) Bahá'í bænir, Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi 2001, bls. 4
- (2) Ibid., bls. 180-181
- (3) Ibid., bls. 181
- (4) Ibid., bls. 182
- (5) Ibid., bls. 144
- (6) Ibid., bls. 85
- (7) Ibid., bls. 62
- (8) Ibid., bls. 61
- (9) Ibid., bls. 65
- (10) Ibid., bls. 61-62
- (11) Ibid., bls. 127
- (12) Ibid., bls. 125-126
- (13) Ibid., bls. 70-73
- (14) Ibid., bls. 73
- (15) Ibid., bls. 106
- (16) Ibid., bls. 104
- (17) Ibid., bls. 56-57
- (18) Ibid., bls. 196
- (19) Ibid., bls. 246-247
- (20) Ibid., bls. 235-236
- (21) Ibid., bls. 221
- (22) Ibid., bls. 108
- (23) Ibid., bls. 225-230
- (24) Ibid., bls. 99
- (25) Selections from the Writings of the Báb, bls. 176
- (26) Ibid., bls. 191
- (27) (27) Ibid., bls. 190-191
- (28) (28) Ibid., bls. 34-35
- (29) Ibid., bls. 20
- (30) Ibid., bls. 215
- (31) Ibid., bls. 53
- (32) Ibid., bls. 177-178
- (33) Ibid., bls. 203-204
- (34) Ibid., bls. 117
- (35) Ibid., bls. 176-177

LIND LIFANDI VATNA

- (36) Ibid., bls. 98
- (37) Ibid., bls. 216
- (38) Bahá'í bænir, Andlegt Þjóðarráð bahá'ía á Íslandi 2001, bls. 117
- (39) Ibid., bls. 154-155
- (40) Ibid., bls. 29
- (41) Ibid., bls. 26-27
- (42) Ibid., bls. 32-33
- (43) Ibid., bls. 77
- (44) Ibid., bls. 24
- (45) Ibid., bls. 25
- (46) Ibid., bls. 22
- (47) Ibid., bls. 204
- (48) Bahá'í bænir, Andlegt Þjóðarráð bahá'ía á Íslandi 1990, bls. 23
- (49) Bahá'í bænir, Andlegt Þjóðarráð bahá'ía á Íslandi 2001, bls. 148-149
- (50) Selections of the Writings of the Báb, bls. 62
- (51) Ibid., bls. 68
- (52) Ibid., bls. 77
- (53) Ibid., bls. 77
- (54) Ibid., bls. 79
- (55) Ibid., bls. 86
- (56) (56) Ibid., bls. 86-87
- (57) Ibid., bls. 88
- (58) Ibid., bls. 92
- (59) Ibid., bls. 94
- (60) Ibid., bls. 117
- (61) Ibid., bls. 123
- (62) Ibid., bls. 123-124
- (63) Ibid., bls. 153
- (64) Ibid., 157-158
- (65) Ibid., 163-163
- (66) Ibid., bls. 56
- (67) Ibid., bls. 160-163
- (68) Úrval úr ritum Bahá'u'lláh, Andlegt Þjóðarráð bahá'ía á Íslandi 1998, bls. 19
- (69) Ibid., bls. 186
- (70) Ibid., bls. 187-188

TILVÍSANIR

- (71) Ibid., bls. 283
- (72) Ibid., bls. 122
- (73) Ibid., bls. 184-185
- (74) Ibid., bls. 15
- (75) Ibid., bls. 243-244
- (76) Ibid., bls. 268
- (77) Hulin Orð, Bahá'u'lláh, Andlegt þjóðarráð bahá'ia á Íslandi, 3. útg. endurbætt, 2009. Arabískir hlutinn 1, 2, 3, 5, 7, 8, 9, 6, 12, 13, 14, 15, 20, 21, 25, 26, 28, 29, 31, 32, 35, 37, 39, 40, 42, 50, 51, 52, 55, 56, 57, 59, 68.
- (78) Tablets of Bahá'u'lláh, Bahá'í World Center, 1982, bls. 155-157
- (79) Úrval úr ritum Bahá'u'lláh, Andlegt þjóðarráð bahá'ia á Íslandi 1998, bls. 91-92
- (80) Ibid., bls. 92
- (81) Ibid., L.
- (82) Ibid., LIV.
- (83) Ibid., LXI.
- (84) Ibid., LXXI.
- (85) Ibid. LXXV.
- (86) Ibid., LXXXI.
- (87) Ibid., LXXXVI.
- (88) Ibid., CI.
- (89) Ibid., CLIII.
- (90) Ibid., CXXV.
- (91) Ibid., CXXXIX
- (92) Ibid., XCV.
- (93) Ibid., CL.
- (94) Ibid., XXVII.
- (95) Ibid., II
- (96) Tablets of Bahá'u'lláh, Bahá'í World Center, 1982, bls. 21-29
- (97) Selections of the Writings of 'Abdu'l-Bahá, bls. 1
- (98) Ibid., bls. 27
- (99) Ibid., bls. 202
- (100) Ibid., bls. 239
- (101) Ibid., bls. 33
- (102) Ibid., bls. 112
- (103) Ibid., bls. 112

LIND LIFANDI VATNA

- (104) Ibid., bls. 117
- (105) Ibid., bls. 132
- (106) Ibid., bls. 189
- (107) Bahá'í World Faith, bls. 326
- (108) Selections of the Writings of 'Abdu'l-Bahá, bls. 146
- (109) Ibid., bls. 51
- (110) Some Answered Questions, bls. 91
- (111) Selections of the Writings of 'Abdu'l-Bahá, bls. 10-12
- (112) Trúarkerfi Bahá'u'lláh, Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi 1990, bls 24-25
- (113) Ibid., bls. 25-26
- (114) Ibid., bls. 33
- (115) Ibid., bls. 41-42
- (116) Ibid., bls. 62
- (117) Ibid., bls. 66-67

